



SKOÐUN Teitur Guðmundsson segir þá vera aumingja sem steli af leiðum í kirkjugörðum. **19**



MENNING Nýtt myndband við lagið Myself eftir Hjaltalín verður frumsýnt á morgun. **54**




SPORT Aron Jóhannsson segir samkeppnina um framherjastöðuna hjá Íslandi meiri en hjá Bandaríkjunum. **46**

Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!

92% Auglýsing í Fréttablaðinu nær til yfir 92% lesenda blaðanna

Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. 18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu. Meðallestur á tölublað, jan.-júní 2012.



FRÉTTABLAÐIÐ

Priðjudagur
18. desember 2012
297. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ A ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Vilja að samningar haldi

Samtök atvinnulífsins munu ekki eiga frumkvæði að uppsögn kjarasamninga en segja hækkun launa ekki raunhæfan kost. **4**

Prestar kortleggja pílgrímsleið

Prír prestar og kirkjubóndi undirbúa merkingu 120 kílómetra pílgrímsleiðar frá Andakíl í Skálholt. **2**

Stærstu kaflarnir eftir í sumar

Viðræður um sex kafla í aðildarviðræðum Íslands og ESB hefjast í dag. Fjórir í viðbót næsta sumar og þá eru sjávarútvegur og landbúnaður eftir. **6**

Bann við byssum

Enn á ný eru deilur um byssueign almennings hafnar í Bandaríkjunum. **8**

Samþykkt sem leyfir hænur tilbúin hjá borgaryfirvöldum

Ef borgaryfirvöld fallast á útfærslu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur má halda hænur í íbúðarhverfum. Meðal skilyrða er samþykki nágranna og að rottur nái ekki í hænafóðrið. Halda má fjórar hænur en alls enga hana.

DÝRAHALD Borgaryfirvöld skoða nú hvort leyft verði að halda hænur við heimahús og fella skilmála um það inn í nýtt aðalskipulag Reykjavíkur.

Sagt hefur verið frá nokkrum málum í fjölmiðlum á undanförunum misserum þar sem nágrennar kvörtuðu undan hænnum á íbúðarlóðum. Hænur eru skilgreindar sem búfé. Samkvæmt gildandi reglum er ekki leyft að halda búfé nema á skilgreindum landbúnaðarsvæði í borgarlandinu. Margir hafa óskað eftir breytingum á þessu og fól skipulagsráð Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur að skoða málið.

Nú liggja fyrir drög að samþykkt um hænshald. Verði það að veruleika munu borgarþátttakendur mega halda allt að fjórar hænur við hús

Úr drögum að reglum um hænshald

- Óheimilt er með öllu að halda hana.
- Til að fyrirbyggja að rottur komist í fóður skulu ílát vera í að minnsta kosti 35 sentímetra hæð frá jörðu og um það bil 60 sentímetra djúp.
- Lausaganga hænna er með öllu óheimil.
- Þrifa þarf kofa að minnsta kosti vikulega.



sín en „óheimilt er með öllu að halda hana“, segir í drögnum.

Samþykki þarf frá nágrönnum á aðliggjandi lóðum. Í blokkum og radhúsum þarf að auki samþykki sameigendanna. Hænshald er ekki stundað nær lóðarmörkum en tvo og hálfan metra. Kofarnir verða að vera um tveir fermetrar fyrir fjórar hænur. Þeim þarf að

fylgja útgerði sem er hænshelt enda verður lausaganga fuglanna algerlega bönnuð.

Þá þarf að tryggja að meindýr komist ekki í fóður. „Til að fyrirbyggja að rottur komist í fóður skulu ílát vera í að minnsta kosti 35 sentímetra hæð frá jörðu og vera um það bil 60 sentímetra djúp,“ segir í drögnum.

SHALDOR 18

| | | | |
|----------------|-----|----|---|
| Bolungarvík | 0° | N | 8 |
| Akureyri | 0° | SV | 3 |
| Egilsstaðir | -1° | SV | 3 |
| Kirkjubæjarkl. | -3° | A | 3 |
| Reykjavík | -1° | NA | 5 |

LÉTTIR TIL Yfirleitt hæg breytileg átt á landinu í dag, dregur úr úrkomu N-til og léttir víða til. Hiti í kringum frostmark. **4**

SÉRBLAÐ

Fólk



GLERAUGU TIL BÁGSTADRA Marianna Jónsdóttir og starfsfólk í Prooptik safnar nú gömlum gleraugum, sem fólk í fátækari ríkjum heims fær eftir að það hefur fengið sjónmælingu fyrir tilstilli hjálparmatkanna Vision for all. Síðasti dagur söfnunarinnar er í dag.

Alþjóðlegt mót í Hafnarfirði: Kasta svífdiski í húsi Haukanna

ÍPRÓTTIR Alþjóðlegt mót í frisbee (svífdiskakasti) verður haldið í íþróttahúsi Hauka á Ásvöllum í Hafnarfirði milli jóla og nýárs.

Að því er segir í tilkynningu verða þar áttatíu þátttakendur, frá Þýskalandi, Danmörku, Svíþjóð, Bandaríkjunum, Kanada, Englandi, Portúgal, Sviss, Rússlandi og Íslandi. Keppendur skiptast í tíu lið.

Tilgangurinn með mótinu er sagður annars vegar að gefa erlendum keppendum tækifæri til að kynna Íslandi og hins vegar að styðja við bakið á íslenska frisbee-liðinu, sem berjist í bökkum og fari aldrei á mót í útlöndum.

Mótið fer fram 29. til 30. desember og er frítt inn. -gar

Forseti stefnir að því að ljúka afgreiðslu fjárlagafrumvarps fyrir jól: Formenn funduðu um þinghlé

ALPINGI Formenn stjórnmalaflokkanna funduðu í gærkvöldi um það hvernig hléi á þingstörfum Alþingis skyldi háttáð. Fundurinn stóð enn þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Fyrir um daginn hafði forseti Alþingis, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, reynt að ná saman um þinghlé með þingflokksformönnum. Samkvæmt starfsáætlun fer þingið í jólafrí að loknum þingfundi á morgun og kemur aftur saman 14. janúar.

Ásta Ragnheiður segist enn stefna að því að þinghlé verði fyrir jól og ekki þurfi að kalla þing saman á milli jóla og nýárs.

„Ég er vongóð. Við verðum að fara að koma fjárlagaumræðunni í gegn,“ segir hún. Samþykking verður ýmsar breytingar í fjárlögum og bandormi um ríkisfjármál sem gert er ráð fyrir að taki gildi um áramótin. Önnur umræða um rammaáætlun stóð enn yfir þegar blaðið fór í prentun í gær. -kóp

KÆRLEIKSKJÚLAN

LOKKANDI

Sölutímabil 5.-19. desember

Sölustaðir á kaerleikskulan.is

STYRKARFÉLAG LAMADRA OG FATLADRA

JOE BOXER®

Kringlunni • Smáralind • Glerártorgi, Akureyri

6 DAGAR TIL JÓLA

OPIÐ TIL

22

Í KVÖLD

AF ÖLLU HJARTA

Kringlan

SPURNING DAGSINS



Ágústa, er þetta ekki bara fyrir einhver merkikerti?

„Alls ekki – vilja ekki allir vera merkilegir?“

Nú gefst fólki kostur á að búa til sín eigin persónulega frímerki, til dæmis með mynd af sjálfu sér. Ágústa Hrunn Steinarsdóttir er forstöðumaður markaðsdeildar Íslandsþósts.

Ofbeldismaður í varðhaldi vegna gruns um árásir á fimm stúlkur:

Líka grunaður um nauðgun

LÖGREGLUMÁL Rúmlega þrítugur maður sem úrskurðaður var í mánaðarlangt gæsluvarðhald fyrir helgi er grunaður um fimm líkamsárásir, fjórar þeirra á ungar konur, og eina nauðgun. Þetta kemur fram í varðhaldsúrskurðinum sem Hæstiréttur staðfesti gær.

Maðurinn, Jens Hjartarson, var handtekinn aðfaranótt fimmtudagsins síðasta fyrir hrottafengna líkamsárás á átján ára stúlkur á gistiheimili í borginni. Stúlkur var mjög illa leikin í andliti eftir árásina.

Fram kemur í varðhaldsúrskurðinum að hann hafi jafnframt borið hníf upp að hálsi hennar og hótað að drepa hana. Þessu hefur hann þó neitað.

Jens er fæddur árið 1979 og hefur hlotið 15 refsíðoma frá árinu 2002. Árið 2003 var hann dæmdur í sjö ára fangelsi fyrir tilraun til manndráps og líkamsárásir.

Auk ofbeldisbrotanna fimm og nauðgunarinnar er maðurinn nú grunaður um innbrot, þjófnað, gripdeild og fíkniefnabrot. -sh



Í HALDI YFIR JÓLIN Maðurinn var leiddur fyrir dómara fyrir helgi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Vilja styrkja byggðina: Blönduós vill sameiningu

BLÖNDUÓS Bæjarstjórn Blönduóss vill skoða kosti þess að sveitarfélagið sameinist Húnavatns-hreppi. Sveitarfélögin hafi þegar samstarf um mörg verkefni og hafi starfað náið saman í mörg ár.

„Því er rökrétt framhald á þeirri vinnu að skoða með hvaða hætti sameiginlegt sveitarfélag gæti tekist á við krefjandi verkefni sem fram undan eru á næstu árum með það að markmiði að styrkja og efla byggð í Austur-Húnavatns-sýslu.“ -gar



STEINUM KASTAÐ Ísraelskir landtökumenn köstuðu steinum að palestínskum bændum, en hermennirnir áttu að stilla til friðar. NORDICPHOTOS/AFP

Til átaka kom milli Palestínnumanna og Ísraels í gær:

Halda sig við landtökubýggðina

ÍSRAEL, AP Ísraelar sögðu í gær að þeir hygðust halda til streitu áformum sínum um byggingu hundruða húsa í landtökubýggð í austurhluta Jerúsalem. Verkefnið er hluti af stærri landtökubýggðum sem tilkynnt var um fyrr í mánuðinum sem viðbrögð við því að Palestína fékk stöðu áheyrnarríkis hjá Sameinuðu þjóðunum.

Nefnd á vegum innanríkisráðuneytis Ísraels samþykkti í gær skipulag 1.500 íbúða í hverfinu Ramat Shlomo. Ísraelar hafa verið harðlega gagnrýndir vegna þessara áfarma.

Á Vesturbakkanum kom til átaka milli palestínskra bænda og landtökumanna. Þrír Palestínnumenn og einn Ísraeli særðust. -þeb

Sigurjón borgar skuld:

Hætt við að bjóða upp Eiða

FLJÓTSDALSHÉRAÐ Jörðin Eiðar á Héraði og byggingar gamla alþýðuskólans þar voru ekki boðnar upp í gær eins og til stóð.

Hætt var við uppboðið eftir að skuldir voru gerðar upp. RÚV greindi frá þessu í gær.

Kvikmyndarframleiðandinn Sigurjón Sighvatsson á jörðina í gegnum eignarhaldsfélag sem skuldar sveitarfélaginu Fljótssdalshéraði nokkrar milljónir. Skuldin var komin í vanskil og að endingu var ákveðið að bjóða jörðina upp. Sigurjón mun nú hafa greitt skuldina við sveitarfélagið. -sh



SIGURJÓN SIGHVATSSON

Ölfusingar ítreka tilboð:

Endurvinnsla á Rauðasandi

UMHVERFISMÁL Sorpu og öðrum sorpvinnslustöðvum á Suðvesturlandi og Suðurlandi sem hafa verið að leita að nýjum urðunarstað á svæðinu stendur til boða að setja upp starfsstöð í Ölfusi. Margar sveitarstjórnir hafa sagt að þær geti ekki boðið land undir slíkt.

Kveðst bæjarstjórnin í Ölfusi ítreka að hún bjóði meðal annars lóð fyrir urðun á Austursandi, um tíu kílómetra fyrir vestan Þorlákshöfn.

„Skilyrði sveitarfélagsins fyrir því að sett verði upp úrvinnslustöð og urðun í sveitarfélaginu er að strax frá upphafi verði úrgangur flokkadur og endurnýttur og lífrænn úrgangur verði ekki urðaður,“ segir bæjarstjórnin. -gar

Prestar kortleggja og merkja pílgrímsleið

Þrír prestar og kirkjubóndi undirbúa merkingu 120 kílómetra pílgrímsleiðar frá Bæ í Andakíl í Skálholti. Hópurinn hefur efnt til pílgrímshöfunda í Borgarfirði. Fólki nýtur andlegrar upplifunar um leið og það gengur í fótspor forfeðranna.

MENNING „Þú ert leiddur í því að ganga til móts við sjálfan þig og guð,“ segir Elínborg Sturludóttir, sóknarprestur í Stafholti í Borgarfirði, sem nú skipuleggur gerð pílgrímsleiðar úr Andakíl í Biskupstungur.

Séra Elínborg er í áhugamannafélaginu Pílgrímar, sem undirbýr kortlagningu og merkingu pílgrímsvegna á gamalli þjóðleið frá Bæ í Andakíl yfir að Skálholti. Stofnendur Pílgríma, ásamt Elínu, eru séra Flóki Kristinsson á Hvanneyri, séra Geir Waage í Reykholti og kirkjubóndinn Karólína Hulda Guðmundsdóttir á Fitjum.

Hópurinn hefur áður skipulagt göngur í Borgarfirði og einnig gengið alla leið í Skálholti. Vegalengdin frá Bæ að Skálholti er 120 kílómetrar og á að skipta henni í fimm dagleiðir.

Á Bæ var um skeið Benediktusklaustur og skóli á elleftu öld. „Það var undanfari Skálholts og þannig tengjast staðirnir tveir,“ segir Elínborg.

Félagið er að leita styrkja frá ýmsum opinberum aðilum til að fjármagna verkið. Bæði biskupinn yfir Íslandi og vígslubiskupinn í Skálholti munu velviljaðir verkefninu.

Pílgrímshöfundur á sér fyrirmyndir á borð við leiðina til Santiago de Compostela á Spáni og leiðina frá Ósló til Niðarósdómkirkju. Útfærslan hér verður einmitt að norski fyrirmynd.

„Við erum öll brennandi í andanum yfir þessu,“ segir Elínborg um frumkvöðulshópinn. „Það er mjög vaxandi áhugi á þessu formi af



PRÍR AF FORSPRÖKKUNUM Séra Flóki Kristinsson, séra Elínborg Sturludóttir og séra Geir Waage eru þrjú af fjórum sem stofnuðu félagið Pílgríma í nóvember. MYND/PÍLAGRÍMAR.IS

trúarlegri upplifun, að fara gangandi í fótspor feðranna.“

Elínborg segir pílgrímshöfundur snúast um að lifa í æðruleysi, að sækjast eftir kyrrð og friði og um einfaldara og hófsamara líf.

„Sannleikurinn er sá að við Vesturlandabúar getum ekki haldið áfram eins og við höfum gert, við erum bara að klára jörðina,“ segir Elínborg og undirstrikar að pílgrímar gangi ekki bara frá einum stað til annars. „Þetta er ekki síður innri ganga.“ gar@frettabladid.is



GÖNGUFÓLK Á föstudaginn langa árið 2011 gekk stór hópur frá Gilsbakka-kirkju til Stóra-Áskirkju. MYND/PÍLAGRÍMAR.IS

Dagleiðir pílgrímshöfundar

1. dagur – Bæjarkirkja að Lundarkirkju og síðan að Fitjum.
2. dagur – Fitjakirkja um Síldarmannagötur að Hvalfjarðarbotni.
3. dagur – Hvalfjarðarbotn um Leggjabrjót að Pingvallakirkju.
4. dagur – Pingvallakirkja um Lyngdalsheiði að Apavatni.
5. dagur – Apavatn um Mosfellsland að Skálholti.

Ert þú með verki?



Stoðkerfislausnir henta þeim sem eru með einkenni frá stoðkerfi, vilja læra á sjálfan sig og finna sín mörk í hreyfingu

- Skráning hafin á næsta námskeið sem hefst 14. janúar.
- Mán., mið. og fös. kl. 15 eða 16.30.
- Mat og ráðgjöf sjúkrahjálpara
- Fyrirlestrar um verki, svefntruflanir og heilbrigðan lífsstíl
- Verð fyrir 8 vikur kr. 39.800,-

„Allir verkir hafa minnkað. Ég var áður alltaf svo þreytt og alltaf að leggja mig. Mér finnst satt að segja að allir sem eru að finna til verkja ættu að koma hingað. Hreyfingin hefur líka áhrif á alla starfssemi líkamans og svo er þetta gott fyrir sálina. Mér líður miklu betur og ég er ákveðin á að halda áfram.“

Sólveig Guðmundsdóttir



HEILSUBORG

Faxafeni 14 • Sími 560 1010
www.heilsuborg.is

Hættulegur fangi sem reyndi að bana stjúpu sinni strauk af Litla-Hrauni: Stjúpunni strax komið í skjól

LÖGREGLUMÁL Matthías Máni Erlingsson, 24 ára refsifangi, strauk úr fangelsinu Litla-Hrauni um hádegisbil í gær. Hann var ófundinn í gærkvöldi, en hans var leitað um allt Suðvesturland, meðal annars með aðstoð sérsvéitar Ríkislögreglustjóra.



MATTHÍAS MÁNI ERLINGSSON

Matthías var um miðjan september síðastliðinn dæmdur í fimm ára fangelsi fyrir manndrápstilraun. Hann braust inn til fyrirverandi stjúpmóður sinnar í apríl síðastliðnum, tók hana kverkataki og reyndi að kæfa hana með þúða en stökk á flótta,

sneri aftur um nóttina og barði hana þá ítrekað með kertastjaka.

Það fyrsta sem gert var þegar uppgötvaðist að Matthías var strokinn var að koma stjúpmóðurinni fyrirverandi í öruggt skjól, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Að sögn Páls Winkel fangelsismálastjóra er talið líklegast að Matthías hafi komist yfir girðinguna um fangelsið og síðan húkkað sér far í bæinn.

Í gærkvöldi var allt kapp lagt á að hafa uppi á Matthías. „Við komum því strax á framfæri við lögreglu að við teldum að hann væri hættulegur,“ segir Páll.

Málið er litíð alvarlegum augum. „Þetta er ekki gott mál og við verðum að fara mjög vel yfir allt málið og okkar verklag í framhaldinu.“ -sh



STROKINN Matthías var klæddur í gallabuxur, gráa hettupeysu og með svarta húfu þegar hann fór af Litla-Hrauni í gær.

Þrjár funheitir snjallsímar með rafbók og Netinu í símanum

Samsung Galaxy S II

Fangar jólaandann í háskerpu.

4.490 kr.

á mánuði í 18 mánuði*

Staðgreitt: 72.900 kr.

Innifalið:
Rafbók og
Netið í símanum í
1 mán. - allt að 1 GB.



iPhone 5, 16 GB

Tímamót í sögu hörðu jólapakkanna.

8.990 kr.

á mánuði í 18 mánuði*

Staðgreitt: 149.900 kr.

Innifalið:
Rafbók og
Netið í símanum í
6 mán. - allt að 1 GB.



Samsung Galaxy S III

Sími morgundagsins, eitursnjall og snar.

6.590 kr.

á mánuði í 18 mánuði*

Staðgreitt: 109.900 kr.

Innifalið:
Rafbók og
Netið í símanum í
6 mán. - allt að 1 GB.



FRÁBÆRIR KAUPAUKAR FYLGJA:

Rafbókin Reykjavíkurnætur

Metsölubókin Reykjavíkurnætur eftir Arnald Indriðason á rafbók fylgir með. Bókina er hægt að lesa í Android og iPhone snjallsímunum, spjaldtölvu og tölvu.

Netið í símanum

Þegar þú kaupir iPhone færðu Netið í símanum með, allt að 1 GB notkun í sex mánuði.

Kakó og smákökur í verslunum Símans

Upplifðu notalega jólastemningu í verslunum okkar fyrir jólin. Við bjóðum upp á rjúkandi kakó og smákökur og hjálpum þér að velja tækið og áskriftarleiðina sem hentar þér.



eBækur

jol.siminn.is

Síminn

*Greiðslugjald 340 kr. bættist við mánaðsgjald.

GENGIÐ
17.12.2012

| | | | |
|--|-----------------|--------|--------|
| | Bandaríkjadalur | 126,04 | 126,64 |
| | Sterlingspund | 204,31 | 205,31 |
| | Evra | 165,75 | 166,67 |
| | Dönsk króna | 22,211 | 22,341 |
| | Norsk króna | 22,476 | 22,608 |
| | Sænsk króna | 18,941 | 19,051 |
| | Japanskt jen | 1,5047 | 1,5135 |
| | SDR | 194,1 | 195,26 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
227,8393

Telja Þjóðminjasafnið hafa komist yfir safn Tímans á ólöglegan hátt:
Ljósmyndarar stefna Katrínu

DÓMSMÁL Tíu fyrrverandi ljósmyndarar af Tímanum hafa ákveðið að stefna Katrínu Jakobsdóttur menntamálaráðherra og Margréti Hallgrímsdóttur Þjóðminjasafnsins fyrir dóm. Frá þessu segir á vef Bláðamannafélags Íslands, sem rekur málið fyrir ljósmyndarana. Ljósmyndararnir telja að ljósmyndasafn Tímans hafi ratað ólöglega í hendur Þjóðminjasafnsins og að þeir hafi með því verið sviptir umráða- og höfundarrétti sínum. Þar sé safnið notað á ólöglegan hátt.

Um aldamót var safnið í eigu Frjálsrar fjölmiðlunar, síðasta útgáfufélags Tímans. Eftir að Frjáls fjölmiðlun varð gjaldþrota falaðist starfsmaður Þjóðminjasafnsins eftir safninu við skiptastjóra búsins, Sigurð Gizurarson, og fékk það afhent árið 2003. Ljósmyndararnir voru ósáttir við þetta – vildu frekar að safnið yrði hýst hjá Ljósmyndasafni Íslands – en viðræður lögmanns þeirra við Þjóðminjasafnið hafa ekki borið árangur og því er svo komið að þeir hafa ákveðið að höfða mál.



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR Ráðherra verður stefnt í málinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Á vef Bláðamannafélagsins segir að Þjóðminjasafnið hafi afhent óviðkomandi aðilum myndir úr safninu til notkunar án leyfis ljósmyndaranna. -sh

Færri til barnaverndarnefnda:
Tilkynningar 640 á mánuði

BARNAVERND Barnaverndarnefndir landsins fengu 5.800 tilkynningar á fyrstu níu mánuðum ársins, um 640 í mánuði, samkvæmt frétt á vef Barnaverndarstofu. Tilkynningum hefur fækkað um 12,7% frá því á sama tímabili í fyrra, þegar tilkynningar voru 6.644 eða um 740 á mánuði. Flestar tilkynningar voru vegna áhættuhegðunar barna, um 41%. Um 36% tilkynninga voru vegna vanrækslu og 23% vegna ofbeldis. -bj



FLJÓT Fljótið hefur ekki fengið nafn, en það þykir minna á Nílarfljót. MYND/NASA

Finna „Nílarfljót“ á Títan:
Greina 400 km langan árfarveg

VÍSINDI Myndir sem teknar voru úr könnunarfari NASA sýna risavaxinn árfarveg á yfirborði Títans, eins af tunglum Satúrnusar. Árfarvegurinn þykir minna á Nílarfljótið í Egyptalandi. Farvegurinn er um 400 kílómetra langur. Ekkert vatn rennur í ánni heldur er talið að vökvinn sem þar rennur sé blanda af ýmsum efnum á borð við metan. Títan er eini hnötturinn fyrir utan Jörðina þar sem staðfest hefur verið að vökvinn renni á yfirborðinu. -bj

ÁRÉTTING

Af stærri útsöluöldum jólatrjáa í byggingarvöru- og blómaverslunum er Bauhaus eina verslunin sem einvörðungu selur innflutt jólatré. Lesa mátti annað úr setningu í frétt í helgarblaði Fréttablaðsins.

LEIÐRÉTT

Ranglega kom fram í Fréttablaðinu í gær að ný byggingarreglugerð hefði tekið gildi. Hið rétta er að beðið verður með að gefa út nýja reglugerð til 15. apríl og tíminn þangað til nýttur til samráðs um breytingu á ákvæðum.

SA vilja að samningar haldi

Samtök atvinnulífsins munu ekki eiga frumkvæði að uppsögn kjarasamninga en segja hækkun launa ekki raunhæfan kost. Forysta ASÍ hefur enga ákvörðun tekið og vill freista þess að ná kjarabót fyrir vissa hópa.

VINNUMARKAÐUR Samtök atvinnulífsins (SA) ætla ekki að eiga frumkvæði að uppsögn kjarasamninga í janúar. Samtökin telja að enginn ávinningur myndi fylgja slíkri aðgerð og stöðugleiki á vinnumarkaði sé aðalkeppikeflið. Forysta Alþýðusambands Íslands hefur enga ákvörðun tekið varðandi uppsögn samninganna enn þá. Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, segir það athyglisvert að SA skuli þegar hafa komist að niðurstöðu um að samningar skuli halda.

„Við viljum freista þess að sannfæra þá um lagfæringu á næstu vikum, en gerum okkur grein fyrir að ekki er um auðugan garð að gresja. En það breytir því ekki að við teljum efnislegar ástæður til þess að fara yfir málin; skoða það hvort við getum í sameiningu komið til móts við þá sem hafa orðið út undan, að minnsta kosti. Það eru hópar hjá okkur sem eru með skertan kaupmátt þegar litið er til baka,“ segir Gylfi.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, og Vilmundur Jósefsson, formaður SA, fóru yfir forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði með fjölmiðlum í gær. SA mun kappkosta, að þeirra sögn, að ná sátt við aðila vinnumarkaðarins um að auka kaupmátt með öðrum aðgerðum en beinum kauphækkunum, og forðast þannig fyrirsjáanlegt verðbólguþrátt.

Þeir fóru yfir forsendur kjarasamninganna, sem undirritaðir voru 5. maí 2011. Þær hafa ekki haldið nema að litlum hluta, að þeirra mati. Kaupmáttur hefur aukist lítillega en það vegur mest í heildarmyndinni, að þeirra mati. Verðbólguforsendur standast

„Við viljum freista þess að sannfæra þá um lagfæringu á næstu vikum, en gerum okkur grein fyrir að ekki er um auðugan garð að gresja.“

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ.

hins vegar ekki frekar en forsendur um gengisþróun og fyrirheit stjórnvalda um auknar fjárfestingar í atvinnulífinu. Þessu mati er Gylfi sammála og segir að meginforsenda kjarasamninga, kaupmátturinn, hafi haldið en verðbólga sé of mikil.

Á fundi SA kom það skýrt fram að launahækkunar koma ekki til greina á þessum tímamarki. Aðspurður um þá fullyrðingu segir Gylfi að ef verkalýðsforystan í landinu hefði alltaf tekið neitun sem endanlegt svar frá sínum viðsemjendum þá væri staðan önnur í landinu en raun ber vitni.

„Við höfum tíma fram í janúar til að fjalla um þetta, en hvaða afleiðingar þetta hefur gagnvart þessu samstarfi, hvort samningur verður sagt upp eða ekki, en jafnframt samstarfi samtakanna við að undirbúa næstu samninga, munum við einfaldlega bara meta.“

Samninganefnd ASÍ hitti framkvæmdastjórn SA á fundi í gær þar sem rætt var um endurskoðun samninganna. Engin niðurstaða var af fundinum, en þetta var fyrsti fundurinn í aðdraganda síðustu endurskoðunar þeirra. Niðurstaða þarf að liggja fyrir 21. janúar 2013.

svavar@frettabladid.is



FJANDVINIR Vilhjálmur Egilsson hjá SA og Gylfi Arnbjörnsson hjá ASÍ eru ekki í öllu sammála um næstu skref. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Forsendur kjarasamninga



Kaupmáttur



Verðbólga
Gengisþróun
Fjárfestingar í atvinnulífinu

MÁT SAMTAKA ATVINNULÍFSINS

Dúnsokkar fylgja með hverri keyptri sæng

DÚN & FIÐUR
Laugavegi 86 - Sími: 511 2004

Veðurspá Gildistími korta er um hádegi

BJARTVIÐRI Finasta veður um allt land í dag, hægur vindur og bjart veður. Á morgun gengur smám saman í stífa austanátt og verða allt að 20 m/s syðst.

| | | | | | |
|--------------|--------------------|------------------|--------------|-------------|-------------------|
| Alicante 18° | Billund 4° | Gautaborg 4° | London 7° | Orlando 24° | San Francisco 11° |
| Basel 5° | Frankfurt 7° | Kaupmannahöfn 4° | Mallorca 18° | Ósló -2° | Stokkhólmur 0° |
| Berlín 3° | Friedrichshafen 4° | Las Palmas 23° | New York 11° | París 9° | |

Á morgun
Vaxandi A-átt, hvassast syðst.

Fimmtudagur
5-10 m/s.

Elísabet Margeirsdóttir
veðurfréttamaður

Í TÍLEFNI JÓLALEIKSINS VEITIR DÆLULYKILL ATLANTSOLÍU

7. KRÓNA

JÓLA-AFSLÁTT. Í DAG

FRAM TIL MIÐNÆTTIS. GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM.



ÞETTA ER EINMITT STAÐURINN FYRIR HEPPINN DÆLULYKILSHAFI TIL AÐ SLAKA Á Í SÓLINNI Á PORRANUM.

VIÐ DRÖGUM STÓRA VINNINGINN ÚT Á
ÞORLÁKSMESSU Í BEINNI Á BYLGJUNNI.
FYLLTU Á TANKINN FYRIR JÓL OG
JANÚAR GÆTI ORÐIÐ SÓLRÍKARI EN ÞÚ
ÁTT AÐ VENJAST.*

LÉNGI LIFI
SAMKEPPNI

AO
ATLANTSOLÍA



Vinningshafar sem eru vinir okkar á Facebook fá eldsneytisúttektina greidda tvöfalda.



* Daglega fær heppinn dælulýkilshafi áfyllinguna endurgreidda. Aðalvinnurinn er ferð til Tenerife 30. janúar til 6. febrúar.

Ef ferðin hentar ekki vinningshafa þá verður hún greidd út með gjafabréfi frá Vita.

SÆKTU UM DÆLULYKIL Á ATLANTSOLIA.IS



1. Hver er áætlaður byggingarkostnaður Húss Íslenskra fræða?
2. Hvar á Norðurlöndum er öryggi gangandi vegfarenda minnst?
3. Hvaða nýju ríkisstofnun á að koma á legg á næsta ári?

SVÖRIN

1. Rúmtr þrít milljarðar króna. 2. Á Íslandi.
3. Mannréttindastofnun.

Ábending um brot bæjarstjóra á starfsskyldum rædd á lokuðum fundi:

Grunaður um brot og vikið frá

AKRANES „Tilkynning bæjarstjórnar segir allt sem segja þarf,“ segir Jón Pálmi Pálsson, sem leystur hefur verið frá störfum sem settur bæjarstjóri Akraness vegna gruns um brot í starfi.

Bæjarstjórnin samþykkti samhljóma á lokuðum fundi á sunnudaginn að leysa Jón Pálma undan vinnuskyldum til og með 21. desember. „Ástæðan er sú að vaknað hefur grunur um að um geti verið að ræða brot á starfsskyldum,“



JÓN PÁLMI PÁLSSON

segir í tilkynningu frá bæjarstjórninni. „Þetta eru ábendingar sem komust í hendur okkar og ég get ekki tjáð mig neitt um það vegna þeirra reglna sem gilda um svona mál,“ svarar Sveinn Kristinsson, forseti bæjarstjórnar, spurður

um málavöxtu. Sveinn segir að á næstu dögum verði reynt að komast til botns í málinu áður en framhaldið verði ákveðið.

Jón Pálmi hefur starfað hjá Akraneskaupstað í 25 ár og er þar bæjarritari. Hann var settur tímabundið bæjarstjóri í nóvember eftir að þáverandi bæjarstjóri hætti vegna ágreinings við hluta bæjarstjórnarinnar. Regína Ásvaldsdóttir var á dögnum ráðin sem bæjarstjóri og tekur við starfinu um áramótin.

Uppbot í Bairein: Táragsi beitt á mótmælendum

BAREIN Aðgerðasinnar í Bairein saka lögreglu um að hafa beitt táragsi gegn mótmælendum á sunnudag. Mótmælin áttu sér stað í höfuðborginni Manama, á þjóðhátíðardegi Bairein.

Mikil ólga hefur ríkt í Bairein síðastliðin tvö ár. Meirihluti þjóðarinnar tilheyrir trúflokki sjíamúslima og hafa þeir farið fram á aukin völd í landinu.

Mótmælendum hafa hvatt til frekari mótmæla síðar í vikunni.

- sm

i-Helicopter

Stjórnað með iPhone, iPad, iPod touch

Söluastaðir: Epli, Bókabúð Máls og menningar, Bókaverslun Stefáns Þórarinnssonar, Myndiðjan, Omnis, Símbúðin Firði, Superkaup.is
Dreifing: Demantskort, sími 860-8832

Ævintýralega skemmtilegur og spennandi DVD diskur fyrir börn á öllum aldri!

Hafdís og Klemmi eru sniðugir krakkar sem snúa hversdagslegum atburðum upp í ævintýri!

Þau velta ýmsu fyrir sér. Af hverju að standa við gefin loforð? Getu góðverk lýst öðrum veginn?

Brúður og syngjandi börn koma einnig við sögu ásamt Tinnu táknaálfri.

Fæst í verslunum víða um land.

Skálholtsútgáfan - www.skahloltsutgafan.is Dreifing: SamFilm



Í BRUSSEL Viðræður munu hefjast um sex samningskafla í aðildarviðræðum milli Íslands og ESB í Brussel í dag, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Eftir það verða viðræður hafnar í um 27 af 33 köflum. FRÉTTABLAÐIÐ/PORGILS

Stærstu kaflarnir tveir verði eftir í júní

Viðræður hefjast um sex kafla í aðildarviðræðum Íslands og ESB í Brussel í dag. Þá standa sex kaflar eftir, en vonast er til að viðræður hefjist um fjóra til viðbótar í mars og júní á næsta ári. Þá verði sjávarútvegur og landbúnaður einir eftir.

FRÉTTABLAÐIÐ, BRUSSEL Tveir veigamestu samningskaflarnir í aðildarviðræðum Íslands við ESB, varðandi landbúnað og sjávarútveg, munu standa eftir um mitt næsta ár, gangi væntingar innan framkvæmdastjórnar ESB eftir. Þetta herma heimildir Fréttablaðsins innan ESB, og yfirmaður innan stækkunardeildar segist vonast til þess að viðræður um þá kafla muni hefjast á næsta ári.



STEFANO SANNINO

Á ríkjaráðstefnu milli Íslands og ESB í dag munu viðræður hefjast um sex kafla og í einum kafla, varðandi samkeppnismál, mun viðræðum ljúka með bráðabirgðasamkomulagi. Með því hafa viðræður hafist í 27 köflum af 33 og bráðabirgðasamkomulag hefur náðst um ellefu þeirra. Á fyrri hluta næsta árs er gert ráð fyrir að fjórir kaflar til viðbótar verði teknir til umræðu, en þá standi hinir tveir veigamestu eftir.

Kaflarnir sem verða teknir fyrir í dag varða frjálsa vöruflutninga, skattamál, efnahags- og peningamál, byggðastefnu, umhverfismál og utanríkistengsl. Á ríkjaráðstefnu í mars er vonast til þess að hægt verði að hefja

Ef viðræður færu í frost

Óvíst er hvert framhaldið yrði ef Ísland drægi ESB-umsóknina til baka eða setti hana til hliðar eftir þingkosningarnar næsta vor. Þetta segir Evrópuþingmaðurinn Christian Dan Preda frá Rúmeníu aðspurður, en hann hefur haft umsjón með aðildarviðræðum Íslands gagnvart Evrópuþinginu.

„Það myndi valda nokkurri óvissu og þykja illskiljanlegt, en það yrði þá ákvörðun íslenskra stjórnvalda. Þið sóttuð um aðild og eruð góður kandídat, samningahópur ykkar er fagmannlegur og viðræðurnar ganga vel. Ég skil vel að Íslendingar hafi varann á gagnvart sjávarútvegi, en um leið er ég bjartsýnn og viss um að viðræðurnar muni verða árangursríkar, því að ykkar samningamenn hafa mikla reynslu í þessum efnum og ESB er tilbúið að vinna að lausn sem báðir aðilar geta sætt sig við.“



CHRISTIAN DAN PREDA

viðræður um matvælaöryggi og dóms- og innanríkismál, og í júní verði þá hafnar viðræður um staðfesturétt og þjónustufrelsi og frjálsa fjármagnsflutninga.

„Okkar markmið er að opna viðræður um sem flesta kafla sem fyrst og við miðum að því að búið verði að opna fyrir alla kaflana fyrir lok næsta árs,“ segir Stefano Sannino, sem stýrir stjórnunarskrifstofu stækkunarmála innan framkvæmdastjórnarinnar, í samtali við Fréttablaðið.

Sjávarútvegskafllinn hefur enn ekki verið afgreiddur frá hendi ESB en nú stendur yfir rýnivinna þar sem íslensk löggjöf er metin með tilliti til fiskveiðistefnu sambandsins. Ekki liggur fyrir hvernær þeirri vinnu gæti lokið, en Sannino segir að endurskoðanir

í sjávarútvegsmálum, bæði hjá ESB og Íslandi gætu spilað inn í væntanlegar samningsaðstöður beggja aðila.

„Þegar þau mál taka að skýrast á komandi vikum og mánuðum ættum við að geta tekið næstu skref á þessu viðkvæma sviði,“ segir hann.

Spurður hvort komandi alþingiskosningar muni koma til með að setja strík í reikninginn í viðræðunum segir hann það ekki sitt að leggja mat á það.

„Verði ný stjórn mynduð munum við með glöðu geði halda starfinu áfram. Ég vona þó að við munum geta lokið viðræðunum því að við höfum áorkað miklu, en það verður ákvörðun íslenskra stjórnvalda.“

thorgils@frettabladid.is

ÞRIÐJUDAGURINN 18.DES.

Jóla

Ofurdagur

Ódýrast!

www.bensinverd.is
sýnir þér hvar lítrinn
er ódýrastur



Öll Skeiðungskort gilda líka á Orkustöðvunum.

Orkulykillinn opnar þér leið að lægra verði á **67 Orku- og Shellstöðvum** um allt land

Ódýrari, einfaldari og þægilegri eldsneytiskaup með Orkulyklinum. Þú borgar með Orkulyklinum, lækkar eldneyskostnaðinn og nýtur sérkjara hjá fjöldanum öllum af samstarfsaðilum okkar.

Vinsamlegast athugið að Ofurdagsafsláttur bætist ekki við aðra afslætti.

Sæktu um Orkulykilinn í dag á **www.orkan.is**



ORKAN

AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGR!!

MORÐIN Í CONNECTICUT

MANNSKÆÐAR SKOTÁRÁSIR Í BANDARÍKJUNUM SÍÐUSTU 30 ÁR

2. apríl 2012, Oakland í Kaliforníu

One L. Goh, fyrrverandi nemandi við Oikos-háskólann í Oakland, myrti sjö manns og særði þrjú á skotárás í skólanum.

20. júlí 2012, Aurora í Colorado

James Eagan Holmes, 24 ára gamall, myrti 12 manns og særði 58 á miðnæctursýningu í kvikmyndahúsi í borginni Aurora, einu úthverfa borgarinnar Denver.

20. apríl 1999, Columbine í Colorado

Tveir nemendur við framhaldsskóla í Columbine, einu úthverfa borgarinnar Denver í Colorado, myrtu 12 samnemendur sína og einn kennara, særðu 20 að auki og sviptu svo sjálfa sig lífi.

18. júlí 1984, San Ysidro í Kaliforníu

James Oliver Huberty myrti 21 mann á McDonald's-veitingastað í smábænum San Ysidro.

14. febrúar 2008, DeKalb í Illinoís

Steven Kazmierczak, fyrrverandi nemandi við Northern Illinois háskólann í bænum DeKalb, myrti fimm nemendur og særði 18 að auki.

14. desember 2012, Newtown í Connecticut

Adam Lanza myrti 26 manns, þar af 20 börn, í barnaskóla í Newtown.

16. apríl 2007, Blacksburg í Virginíu

Seung-Hui Cho, nemandi við háskólann Virginia Tech í Blacksburg, myrti 32 og særði tugi að auki á stúdentagörðum skólans.

16. október 1991, Killeen í Texas

George Hennard myrti 23 manns á veitingahúsi í borginni Killeen í Texas.

5. nóvember 2009, Killeen í Texas

Nidal Malik Hasan, sálfræðingur og yfirmaður í Bandaríkjaher, myrti 13 manns og særði 29 að auki í herstöðinni Fort Hood, rétt fyrir utan borgina Killeen í Texas.

20. ágúst 1986, Oklahomborg í Oklahoma

Bréfberinn Pat Sherrill myrðir 14 manns á pósthúsi í Oklahomborg.

Bann rætt enn á ný

Enn á ný eru farnar af stað í Bandaríkjunum deilur um byssueign almennings. Samkvæmt stjórnarskrá Bandaríkjanna má ekki leggja hömlur á byssueignina. Obama talar varlega en virðist líklegur til að ætla að láta reyna á vilja þingmanna.

Guðsteinn Bjarnason

gudsteinn@frettabladid.is



Það sem af er þessu ári hafa sextán fjödamorð verið framin með skotárásum á fólk af handahófi í Bandaríkjunum. Þessar sextán árásir hafa kostað nærri 90 manns lífið.

Nú síðast var það tvítugur maður, Adam Lanza, sem réðst inn í barnaskóla í Newtown á föstudag, myrti þar tuttugu börn og sex fullorðna og svipti loks sjálfan sig lífi.

Árásarmennirnir eru oftast einn eða tveir, yfirleitt vel vopnum búnir og skotvopnin hafa þeir oftast útvegað sér með löglegum hætti.

Í Bandaríkjunum á almenningur auðveldara með að útvega sér skotvopn en almennt tíðkast, að minnsta kosti á Vesturlöndum. Samkvæmt stjórnarskrá Bandaríkjanna má ekki leggja hömlur á rétt einstaklinga til að eiga skotvopn.

Bill Clinton, þáverandi forseti, undirritaði árið 1993 lög um að kanna þyrfti sakavottorð og andlegt heilsufar allra sem hyggjast kaupa skotvopn. Fæstum hefur þó verið neitað um slík kaup á grundvelli þessara laga.

Árið 1994 tók svo gildi bann við sölu sjálfvirkra eða hálfjálfvirkra skotvopna til almennings, en þau lög giltu einungis tímabundið til ársins 2004. George W. Bush, þáverandi forseti, sá ekki ástæðu til að framlengja bannið.

Árið 1976 voru sett lög sem banna íbúum í höfuðborginni Washington að eiga skammbýssur, sjálfvirk eða hálfjálfvirk skotvopn. Hæstiréttur komst hins vegar árið 2008 að þeirri niðurstöðu að lögin stönguðust á við stjórnarskrána og þau voru því felld úr gildi.

Barnamorðin í Newtown hafa enn á ný orðið til þess að vekja upp deilur um skotvopnaeign almennings. Þær hafa staðið yfir áratugum saman og jafnan magnast í kjölfar fjödamorða, en til þessa hafa samtök byssueigenda alltaf haft betur.

Þessa fáu daga sem liðin eru frá morðunum í Newtown hafa áhrifamenn í stjórnmálum vestra, bæði úr röðum demókrata og repúblikana, hvatt til þess að ráðist verði í að takmarka möguleika almennings til að kaupa og eiga skotvopn. Vaxandi þrýstingur virðist vera á Barack Obama forseta um að láta nú loks reyna á það hvort meirihluti verði fyrir hendi í þetta skiptið á þinginu.

Obama hefur hins vegar varla nefnt möguleikann á því að setja



BARACK OBAMA Bandaríkjaforseti segir ástandið óþolandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AF

Sótti tíma í háskóla aðeins sextán ára

Adam Lanza, sem myrti 26 manns í barnaskóla í Newtown á föstudag, var afburðanemandi og fékk að sækja tíma í Western Connecticut-ríkisháskólann í Danbury þegar hann var aðeins sextán ára gamall.

Þar fékk hann A í einkunn í tölvukennslu, A- í sögu og B í þjóðhagfræði en skræði sig úr tímum í tölvunarfræði og lauk ekki prófi í þýsku.

Smám saman hafa birst frekari upplýsingar um þennan unga mann sem notaði skotvopn í eigu móður sinnar til að myrða hana áður en hann hélt í barnaskólann, þar sem hann svipti sig svo lífi að loknu vöðaverkinu.

Hann átti við einkennilega fötlun að stríða, sem fólst í því að hann fann ekki fyrir sársauka og þess vegna þurfti að gæta hans vel frá barnsaldri hvenær sem beittir hnifar eða aðrar hættur voru í nánd. Hann hefði til dæmis ekki fundið fyrir því ef hann hefði brennt sig.

Fullyrft hefur verið að hann hafi verið með Asperger-heilkenni, sem er vægt afbrigði einhverfu. Þetta hefur reyndar ekki fengist staðfest, en sérfræðingar hafa lagt á það áherslu við fjölmiðla að engin tengsl séu á milli Asperger og ofbeldisverka af þessu tagi. Eitthvað fleira þurfi að koma til.

Fram hefur komið að Lanza var afar einrænn og klaufalegur í samskiptum. Stundum hvarf hann úr tímum eða hætti að sinna því sem hann átti að gera í skóla, og var þá oft kallað á móður hans til að tala við hann.

Hann ólst upp í auðugri fjölskyldu og eftir skilnað foreldra hans bjó hann hjá móður sinni í ríkmannlegu húsi. Nágrönnum og vinum foreldra hans ber saman um að þeir hafi verið vingjarnlegir og reynt að sinna syni sínum eftir bestu getu.

frekari hömlur á skotvopnaeign, þótt hann hafi harmað atburðinn.

„Við getum ekki þolað þetta lengur. Þessum sorgaratburðum verður að ljúka,“ sagði hann í ávarpi við minningarathöfn með ættingjum hinna látnu á mánudagskvöld.

Hann tók engu að síður fram að staðan væri flókin og ekki auðvelt að færa þessi mál til betri vegar: Engin lög gætu „útrýmt illsku úr heiminum eða komið í veg fyrir öll ofbeldisverk í samfélaginu okkar,“ eins og hann orðaði það. „Þetta er samt engin afsökun fyrir því að sitja aðgerðarlaus. Við hljótum að geta gert betur en þetta.“

312 milljón manns búa í Bandaríkjunum

270 milljónir skotvopna eru í eigu almennings í Bandaríkjunum

Stórlækkað verð á iPhone 5 hjá Vodafone

Þín ánægja er okkar markmið



PLATA TIL NIÐURHALS

Veidurastill Þorsteinn Stórhallsson, Ágústur Traustadóttir, Ragnheiður Björnsdóttir

SNJALLTÆKJA NAMSKEIÐ

Lærðu á snjalltækni þitt hjá Vodafone.

3 GB

3 GB gagnamagn án endurgjalds í 2 mánuði. Eftir það 3 GB á verði 1 GB í 10 mánuði.*

TÓNLIST .IS

Tveggja mánaða áskrift að tónlist.is

iPhone 5

Veglegur jólapakki fylgir þessum snjallsíma hjá Vodafone.

159.990 kr.

14.690 kr. á mán.*



HJÓLA TILBOÐ

20-40% afsláttur

Skíðapakkar* 20% afsláttur
* þegar keypt eru skíði, bindingar og skór



Prektæki í miklu úrvali.

www.markid.is • Sími 517 4600 • Ármúla 40

NORÐURLÖND



Ferilskrá kennara á netið

1 **NOREGUR**

Borgarfulltrúi Hægrí flokksins í Ósló, Stefan Heggelund, vill að allir grunnskólar í borginni setji ferilskrá kennara á heimasíður skólanna. Þar með verði auðveldara fyrir foreldra að velja skóla fyrir börnin sín. Það auðveldi einnig nemendum að velja framhaldsskóla.

Í viðtali við norska blaðið Aftenposten kveðst Heggelund ekki hafa viðrað þessa hugmynd sína við aðra flokksfélaga en hann er viss um að hún fái hljómgrunn.



Prófum aflýst vegna sprengjuhótunar

2 **DANMÖRK** Aflýsa hefur þurft mörgum prófum í Viðskiptaháskólanum í Árósum, School of Business and Social Sciences, vegna sprengjuhótunar.

Í gær þurfti að rýma skólann í annað sinn á tveimur mánuðum vegna hótunar um að þar væri sprengja. Margir nemendur sátu í gær í prófum þegar þeir þurftu að yfirgefa skólann.

Talsmaður skólans sagði þetta vera afleitt fyrir námsmennina. Sumir hefðu komið erlendis frá til að þreyta próf og nú þyrftu þeir að halda heim á ný, sagði talsmaðurinn við danska fjölmiðla.

Týna bílunum í jólastressinu

3 **SVÍÞJÓÐ** Lögreglunni í Stokkhólmi berast margar tilkynningar um stolna bíla í desember. Ekki er þó um bílstuld að ræða í öllum tilvikum, heldur öikumenn sem eru utan við sig vegna streitu.

Samkvæmt upplýsingum frá tryggingafélagi hefur ökumaður í rúmlega sjöunda hvert skipti í raun týnt bílnum af ýmsum ástæðum, að því er segir á vef Svenska Dagbladet.

Oftast er um að ræða stressaðan þriggja barna föður í Stokkhólmi á nýlegum bíl. Bent er á að skynsamlegt sé að biðja börnin að muna hvar bílnum er lagt. Þau séu ekki jafnstressuð.



Ferskt smákökudeig í jólabaksturinn að hætti Jóa Fel



BAKARÍ

1,3 milljörðum ráðstafað:

Fjölmargir vilja 20 IPA-styrki


RANNSÓKNIR Alls bárust 67 verkefnistillögur með umsókn um IPA-styrki en gert er ráð fyrir að 20 verkefni verði styrkt á landsvísi. IPA-styrkir eru styrkir sem Evrópusambandið veitir ríkjum sem hafa sótt um aðild að sambandinu.

Til ráðstöfunar eru um 8,3 milljónir evra eða sem nemur 1,3 milljörðum króna árinu 2013.

Verkefni sem styrkt verða skulu taka mið af „Ísland 2020“ stefnumörkuninni og vera unnin í samstarfi þriggja aðila hið minnsta. Lágmarksstyrkur til hvers verkefnis er um 33 milljónir króna, og að hámarki um 165 milljónir.

Umsóknirnar fara nú í faglegt mat íslenskra og erlendra sérfræðinga og niðurstöðu er að vænta í apríl komandi.

-shá



ÍSINGIN GETUR KOSTAÐ TÍMA Forstjóri Flugfélags Íslands segir veðurfar langalgengustu ástæðu seinkana í innanlandsfluginu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sex hundruð sinnum of seint í loftið

Stundvísi véla hjá Flugfélagi Íslands hefur haldist í 87 prósentum árin 2011 og 2012. Vildum vera oftast á réttum tíma, segir forstjóri félagsins. Veður er algengasta ástæða seinkunar, oftast á Ísafirði.

SAMGÖNGUR Stundvísi flugvéla hjá Flugfélagi Íslands (FÍ) hefur haldist í 87 prósentum síðustu tvö ár. Seinkun er skilgreind ef vélin fer í loftið meira en 15 mínútur eftir áætlaðan brottfarartíma.

Alls voru 597 flug, af 4.594, of sein á síðasta ári og svo virðist sem hlutfallið verði svipað í ár.

Árni Gunnarsson, forstjóri FÍ, segir hlutfall stundvísra véla vera lægra en hann myndi vilja, en stefnt er að því að vélar séu stundvísar í yfir 90 prósentum tilvika.

„Þetta er aðeins neðar en við hefðum viljað sjá það, en við gerum okkur líka grein fyrir því að 100 prósent er nánast óraunhæft,“ segir hann. „Veðurfar hefur meiri áhrif á okkur en til dæmis Ícelandair og það er eitthvað sem við ráðum ekki við.“

Árni segir veðurfar langalgengustu ástæðu seinkunar véla. Hlutfallslega séu seinkanir tíðastar til Ísafjarðar, en veðurfar og aðstæður á flugbrautinni þar geta verið erfiðari en á Akureyri og Egilsstöðum.

Flugfélagið tók saman stundvísitölur að beiðni Fréttablaðsins, en vildi ekki veita nákvæmar upplýsingar um ástæður seinkana. Helstu ástæður eru þó veður, eins

15 mínútna seinkun þarf til að vél sé skilgreind sem sein hjá Flugfélagi Íslands.

og áður segir, tæknileg bilun og keðjuverkandi áhrif á aðrar brottfarir vegna þessara seinkana.

Mestu seinkanirnar virðast vera yfir vetrarmánuðina síðustu tvö ár, en einnig er hlutfall véla sem fer of seint í loftið tiltölulega hátt þegar mest er að gera yfir hásumarið.

Til samanburðar má geta þess að millilandaflugfélagið Icelandair var stundvísast allra flugfélaga innan ræða AEA, Evrópusambands flugfélaga, eins og vefsíðan Túrísti.is greindi frá í október. Vélar félagsins fóru í loftið á réttum tíma í 93,5 prósentum tilvika. Vefsíðan tekur reglulega saman stundvísitölur flugfélaga á Keflavíkurlugvelli, en þar eru ekki 15 mínútna skekkjumörk eins og hjá FÍ. Meðalseinkun brottfara á Keflavíkurlugvelli er oftast um það bil ein mínúta.

Árið 2010 voru um 90 prósent véla FÍ á réttum tíma og 92 prósent árið 2009. sunna@frettabladid.is



VERTU KLÁR MEÐ KORTIÐ OG PINNIÐ – ÞAÐ FLÝTIR FYRIR AFGREIÐSLU.

*** _ PINNID Á MINNIÐ

Snúðu kortinu rétt. Örgjörvinn á kortinu snýr upp og fram. Örgjörvinn er lítill gylltur eða silfraður kassi á framhlíð.



Skref 1. Settu kortið í posann. Örgjörvinn snýr upp og fram.



Skref 2. Sláðu inn pinnið og staðfestu viðskiptin með því að ýta á græna takkann. Bíddu meðan heimild er sótt.



Skref 3. Taktu kortið úr posanum.

Með verkefninu Pinnið á minnið er notkun greiðslukorta með örgjörva innleidd á Íslandi. Íslensk fyrirtæki og kortþafar uppfylla þannig alþjóðlegar öryggiskröfur. Upplýsingarnar í þessari auglýsingu eru ætlaðar til fróðleiks og eru ekki tæmandi. Í þeim felst engin ábyrgð eða skuldbinding varðandi móttöku greiðslukorta eða miðlun á rafrænum kortfærslum.

www.pinnid.is



ESB Samkvæmt svörum utanríkisráðherra er ekki hægt að segja til um hve mörg störf Ísland fengi hjá ESB, ef til aðildar kæmi. NORDICPHOTOS/AFP

Utanríkisráðherra svarar: Óljóst með ESB-störf Íslendinga

ALÞINGI Óvíst er hversu margir Íslendingar fá embættismannastöður eða önnur störf hjá ESB gangi Ísland í sambandið.

Þetta segir í svari Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur alþingismanns.

Össur segir að eðli málsins samkvæmt kalli aðild nýrra ríkja á aukinn fjölda starfsmanna hjá stofnunum sambandsins, bæði frá viðkomandi ríki og öðrum.

Fjöldinn frá nýjum ríkjum ráðist meðal annars af mannfjölda, en um þau mál hefur ekki verið rætt í aðildarviðræðunum. Er það jafnan eitt það síðasta sem gengið er frá í aðildarferlinu og liggja tölur því ekki enn fyrir. -þj



FRÁ BELGRAD Serbar verða að biða enn um sinn eftir boði um aðildarviðræður við ESB. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Utanríkisráðherrar ESB: Ekki rætt við Serbíu um sinn

EVRÓPA ESB mun ekki hefja aðildarviðræður við Serbíu og Makedóníu um sinn. Þetta tilkynntu utanríkisráðherrar sambandsins eftir fund í ráðherraráðinu og EUobserver segir frá.

Viðræður gætu hafist í vor, að því tilskildu að Serbar bæti samskipti sín við Kosovó og Makedóníumenn við Grikkland, vegna deilna um heitið á Makedóníu.

Varðandi önnur ríki í aðildarferlinu, þá deildu ráðherrar á pólitískan óstöðugleika í Albaníu og á Tyrki fyrir að hamla tjáningarfrelsi með því að fangelsa blaðamenn undir yfirskyni að berjast gegn hryðjuverkum. -þj

Forsetinn leiddi fjöldasöng: Sungið fyrir Mandela

JÓHANNESARBORG Flokksmenn Afríska þjóðarráðsins, stjórnmalaflokks Nelson Mandela, sungu afmælisönginn fyrir Mandela á flokksþingi sem haldið var í borginni. Það var Jakob Zuma, forseti Suður-Afríku og leiðtogi flokksins, sem leiddi sönginn.

Mandela var fluttur á sjúkrahús hinn 8. desember síðastliðinn með sýkingu í lungum. Í ræðu sinni á flokksþinginu óskaði Zuma forsetanum fyrrverandi góðs bata og sendi fjölskyldu Mandela baráttukveðjur. -sm



Vertu öruggur yfir hátíðirnar – veldu dekk fyrir íslenskar aðstæður



Frábær dekkjatilboð til jóla

Skútuvegi 8 og Smiðjuvegi 28
Sími 567 6700 / vakahf.is

VAKA
Á VERÐI FYRIR ÞIG



Hvíldartíminn

Færð þú umsamin hvíldartíma í desember?

 Samfylkingin

Allsherjaratkvæðagreiðsla um formann Samfylkingarinnar

Í samræmi við grein 6.01 í lögum Samfylkingarinnar verður nýr formaður Samfylkingarinnar kosinn í allsherjaratkvæðagreiðslu meðal allra skráðra félaga.

Framboð skulu berast eigi síðar en **föstudaginn 28. desember nk. kl. 12.00** til skrifstofu flokksins, Hallveigarstíg 1. Framboðum skulu fylgja skrifleg meðmæli a.m.k. 20 flokksfélaga úr hverju kjördæmi.

Kosið verður með rafrænum hætti **frá og með 18. janúar til kl. 18.00 þann 28. janúar**. Hægt er að fá atkvæðisseðil sendan í bréfpósti og þurfa óskir þar um að koma fram eigi síðar en mánudaginn 21. janúar kl. 18.00 nk. í netfangið kosningar2013@samfylking.is eða í síma 414 2200.

Atkvæðisrétt hafa allir skráðir félagar í Samfylkingunni sem eru skráðir í flokkinn í síðasta lagi **föstudaginn 11. janúar 2013 kl. 18.00**.

Frekari upplýsingar veitir Sigrún Jónsdóttir framkvæmdastýra.

Kjörnefnd vegna formannskosningar

Katrín Theodórsdóttir, Kristinn M. Bárðarson, Páll Halldórsson

xs.is



Syrgja móður og eiginkonu Börn og eiginmaður hjúkrunarfræðingsins Jacinthu Saldanha við útför hennar í nágrenni Mangalore í Indlandi í gær. Um tvö þúsund manns komu saman við útförina. Saldanha svipti sig lífi nokkrum dögum eftir að hún svaraði símtali frá áströlskum útvarpsmönnum sem þóttust vera Karl Bretaprins og Elísabet drottning til að fá upplýsingar um líðan Katrínar hertogaynju. NORDICPHOTOS/AFP



SAFT

RÆDDU UM ÞÁ
ÁHÆTTU SEM FYLGIR
ÞVÍ AÐ HITTA NETVIN



www.saft.is

Opinn fundur á morgun, miðvikudaginn 19. desember, frá kl. 12.05 til 13.30 í Þjóðmenningarhúsinu

Urmas Paet

UTANRÍKISRÁÐHERRA EISTLANDS

Reynsla Eistlands af upptöku evru og aðild að Evrópusambandinu

Utanríkisráðuneytið og Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands bjóða til opins fundar með **Urmas Paet, utanríkisráðherra Eistlands**. Fundurinn er haldinn í samstarfi við Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins. **Össur Skarphéðinsson, utanríkisráðherra**, opnar fundinn. Urmas Paet, utanríkisráðherra Eistlands, fjallar um reynslu Eistlands af Evrópusambandsaðild og þátttöku í myntsamstarfinu. Að erindi loknu fara fram pallborðsumræður.



Urmas Paet hefur verið utanríkisráðherra Eistlands síðan árið 2005. Hann er stjórnmaðlafræðingur að mennt með meistaragráðu í alþjóðasamskiptum frá Oslóháskóla.

Léttar veitingar eru í boði fyrir fundargesti.

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir. Fundurinn fer fram á ensku.



UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ



Alþýðusamband Íslands




SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



ALÞJÓÐAMÁLASTOFNUN
RANNSÓKNASETUR UM SMÁRIKI

Starfsfólk við kennslu í framhaldsskólum



Hlutfall réttindakennara í framhaldsskólum eykst:

Hörð samkeppni um hverja kennarastöðu

MENNTAMÁL Hörð samkeppni um hverja lausa stöðu í framhaldsskólum landsins skýrir að einhverju leyti fjölgun kennara með kennsluréttindi á kostnað þeirra réttindalausla á undanförunum árum, segir Aðalheiður Steingrimsdóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara.

Alls eru 86,3 prósent starfsmanna við kennslu í framhaldsskólum með kennsluréttindi. Hlutfallið var 73 prósent fyrir áratug, og hefur þokast upp á við á síðustu árum, samkvæmt mælingum Hagstofu Íslands.

„Efnahagskreppan hefur aukið samkeppni og það er hart keppt um hverja stöðu sem losnar,“ segir Aðalheiður. Starfsmenn við kennslu sem ekki eru með kennsluréttindi eru lausráðnir, og skólum er skylt að auglýsa stöður þeirra og ráða frekar kennara með réttindi, sækist þeir eftir stöðunni.

„Kreppan birtist fyrst þannig að ráðningar fólks sem ekki var með kennsluréttindi voru ekki endurnýjaðar,“ segir Aðalheiður. Það hefur enda sýnt sig að ásókn í nám til kennsluréttinda hefur verið stöðug frá hrúni.

86% starfsmanna við kennslu í framhaldsskólum eru með kennsluréttindi.

73% voru með kennsluréttindi árið 2002.

Athygli vekur að lægra hlutfall karla en kvenna er með kennsluréttindi. Um 81,4 prósent karla sem starfa við kennslu í framhaldsskólum eru með kennsluréttindi en 90,8 prósent kvenna. Aðalheiður segir að á þessu séu ýmsar skýringar. Þarna hafi launakjör til dæmis mikið að segja, en nú sé svo komið að sex af hverjum tíu framhaldsskólakennurum séu konur.

„Við erum engan veginn ánægð með að framhaldsskólarnir séu að verða kvennavinnustaðir,“ segir Aðalheiður. „Það er grundvallaratriði að launin sem nýjum kennurum bjóðast séu mannsæmandi. Þetta er fólkið sem er að eignast börn og koma sér upp heimili en það lifir enginn á grunnlaunum eins og þau eru í dag.“

- bj

SPORTS DIRECT.com

PANTABU
Á NETINU
HVENER
SEM ER

ÚTSALA

ALLT VERÐUR AÐ FARA!

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN FRAM AÐ JÓLUM | SPORTS DIRECT Á ÍSLANDI - SMÁRATORGI 1 - KÓPAVOGI

Hin
Fullkomma
Gjöf

Gildir í verslunum
Sportsdirect.com á Íslandi!



facebook WWW.FACEBOOK.COM/SPORTSDIRECTISLAND

EINFALDLEGA



Kokkur humarkraftur
matreiddu hina fullkomnu humarsúpu

Valette foie gras
• Andalifur m/fikjum 90gr
• Andalifrakæfa m/papriku 90gr
• Andalifrakæfa 90gr
• Andafita 300gr



Paté
í úrvali



Forréttir



Reyktur & grafinn lax
í úrvali

Aðalréttir



Hreindýralundir og file
frábær hátíðarmatur



Hangikjöt
að skagfirskri hefð



Pýsk pekingönd
frosin 2,6 kg.



Skyrterta
vinsælasta Fabrikku
skyrtertán í heiminum!

Gulrótarkaka
þriggja hæða



KEMUR Í BÚÐIR 20. DES.

Cheesecake Factory
ekta amerískar ostakökur



Edwards bökur
Sælkerabökur 5 teg.



Ríkka
Ríkka kynnis Gott vörurnar:
18.des í Smáralind kl 16-18
19.des í Skeifunni kl 16-18
20.des í Garðabæ kl 16-18



Vanillús með brownies-
kökum, karamellusósu
og Bourbon vanillu



Súkkulaðímús
með kókos og
rommi



Heit súkkulaðikaka
með mjúkri miðju



Silkimjúk
súkkulaðímús með
hindberjum



OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

OG
Í SMÁRALIND
TIL JÓLA

MEIRA ÚRVAL

Spennandi forréttir

fyrir 4-5

- Grafið lamb
- Sveitapaté
- Grafinn nautavöðvi
- Taðreykt lambainnralæri



Valette

Reykt andarbringa



Hráskinka í úrvali

fyrir 4-5

- Iberico úr svörtu svíni
- Fumagalli parmaskinka
- Ítalíu hráskinka
- Surtido tradicional magnpakning



Frosnir sniglar

í hvítlaukssmjöri



Hamborgarhryggur

Sérvalinn af fagmönnum úr nýju hráefni

Parf ekki að sjóða!
Aðeins 90 mín. í ofni!

SALT MINNI

Hagkaups Hamborgarhryggur

sérvalinn af fagmönnum úr nýju hráefni



Ferskur íslenskur kalkúnn

PETTA EINA SANNA!



SMJÖRSPRAUTAÐ KALKÚNASKIP

Sérvalinn af fagmönnum úr nýju hráefni



Smjörspautað kalkúnaskip

tilbúið beint í ofninn!

Eftirréttir



Ostakaka að hætti Jóa Fel með appelsínusúkkulaði



Soja & kókosís frábær mjólkurlaus ís

Debic Parfait

gerðu þinn eigin ís eða ístertu



Debic Crème Brûlée auðvelt og gott

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



SJÓKVÍ Áætlan gerir ráð fyrir slátrun á 3.350 tonnum af eldislaxi á þessu ári. Í fyrra var slátrað 1.110 tonnum af eldislaxi úr sjókvívum.

MYND/FJARÐALAX

Stjórnarsýslan í vegi laxeldismanna

Lög og reglugerðir er lúta að fiskeldi eru ekki miðaðar við nútímaþarfir fyrirtækja og standa vexti í greininni fyrir þrifum, er álit fiskeldismanna. Í Arnarfirði og Ísafjarðardjúpi má ala 100 þúsund tonn af laxi í sjókvívum fyrir milljarðatugi og skapa 1.500 verðmæt störf.

FISKELDI Raunhæft er talið að framleiða 100 þúsund tonn af laxi í Arnarfirði og í Ísafjarðardjúpi. Lög og reglugerðir standa sjókvíaeldi á laxi hins vegar fyrir þrifum. Eldið getur skapað fjölda starfa og mikil útflutningsverðmæti.

Þetta er meðal þess sem kom fram í máli Jónatans Þórðarsonar, eldisstjóra Fjarðalax ehf., á Sjávarútvegsráðstefnunni á dögunum þar sem hann ræddi framtíð laxeldis á Íslandi.

Jónatan bendir á að stærsta einstaka vandamálið í laxeldi sé laxalúsin. „Eins og staðan er eyða frændur okkar Norðmenn milljörðum í að búa til genamöppu af lúsinni til þess að geta búið til bóluvefni gegn henni, en þetta mun taka tíu til fimmtán ár. Á meðan verðum við að notast við skipulagslegar varnir eins og kynslóðaskipt svæði: Til þess að stórir firðir geti rúmað tvær til þrjár kynslóðir þarf að skipuleggja

eldi í þeim með tilliti til lúsasmitvarna. Ein meginforsenda þess að hægt verði að byggja upp laxeldi á Íslandi er að við vinnum heimavinnuna í skipulagsmálum.“

Þetta þýðir að aðeins ein kynslóð er á hverju svæði á hverjum tíma, en á milli þurfa að vera „eldveggir“; laxalaus svæði nægilega stór til þess að skera á smitleiðina, sem er um 30 kílómetra löng í straumstefnu. „Þetta þarf að gera í stóru fjörðunum, Arnarfirði og Ísafjarðardjúpi. Lög og reglur leyfa þetta varla, það er alla vega umdeilanlegt,“ segir Jónatan og bætir við að í dag séu umsóknarferli fyrir starfs- og rekstrarleyfi allt of flókin.

Að mati Jónatans er það þjóðþrifamál hvernig staðið verður að skipulagningu sjókvíaeldis á laxi, til dæmis í Ísafjarðardjúpi og Arnarfirði. Í þessum tveimur fjörðum sé hægt að framleiða 100 þúsund tonn af laxi sem væntanlega gæfu 60 til

„**Ein meginforsenda þess að hægt verði að byggja upp laxeldi á Íslandi er að við vinnum heimavinnuna í skipulagsmálum.**“

Jónatan Þórðarson, eldisstjóri Fjarðalax

70 milljarða í útflutningsverðmæti. Svo umfangsmikið eldi myndi útheimta 1.500 starfsmenn.

Valdimar Ingi Gunnarsson, sérfræðingur hjá Sjávarútvegsþjónustunni ehf., segir að á Íslandi séu stór svæði innanfjarða sem geti hentað til eldis á laxfiskum. „Ísland hefur verið jafnsvæði fyrir eldi í sjókvívum en með hækkanði sjávarhita síðustu tvo áratugi ásamt spá um áframhaldandi hlýnun er landið orðið að áhugaverðari valkosti til að hefja eldi laxfiska,“ segir Valdimar.

Heimsframleiðsla á laxi er um tvær milljónir tonna. Markaðir hafa verið að stækka undanfarin ár og er gert ráð fyrir því að svo verði áfram. Mikil samkeppni ríkir og afkoma ræðst mikið af framleiðslukostnaði, sem er mjög breytilegur eftir löndum.

„Tækifærin á Íslandi eru í umhverfisvænu eldi og jafnvel lífrænu eldi. Þar er verð hærra en að einhverju leyti kemur á móti hærri framleiðslukostnaði,“ segir Valdimar, sem telur að Ísland hafi meiri möguleika á umhverfisvænu eldi en mörg samkeppnislönd, meðal annars vegna þess að hægt sé að skipuleggja eldið frá grunni og draga þannig verulega úr tjóni af völdum sjúkdóma.

„Því miður erum við komnir mjög stutt á veg með strandsvæðaskipulagningu, sem er ákveðin ógnun við framþróun sjókvíaeldis á Íslandi,“ segir Valdimar.

svavar@frettabladid.is

LITLA DÓTABÚÐIN Nýtt kortatímabil 6. Desember

Göngugötunni í Mjódd

JÓLABÓNUS FRÁ LITLU DÓTABÚÐINI
20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM FRAM AD JÓLUM

Mikið úrval leikfanga á góðum verðum

Litli kaupmaðurinn breytir til útsala **FYRIR** jól kemur fólki betur

NÝTT!!
Bolir sem blikka í takt við tónlist

Dömu - Herra - Barna

Úr og gjafaöskjur á grin verði

Kvenmannstöskur á slám fyrir utan verslun á fánánlegu verði 1990-4990,-

„Ýmislegt fyrir sveinka á góðum verðum“

LITLA DÓTABÚÐIN
Álfabakka 12 (göngugötunni í Mjódd)
Sími: ☎ 571 9559

Gervigreindarrannsóknir fá viðurkenningu: Getum ekki alveg sest í helgan stein

UPPLÝSINGATÆKNI Þrír fræðimennum frá Háskólanum í Reykjavík hafa fengið alþjóðlegu Kurzweil-rannsóknarverðlaunin árið 2012 fyrir rannsóknir á sviði almennrar gervigreindar. Verðlaunin eru veitt árlega rannsóknnum sem þykja skara fram úr.

Helgi Páll Helgason doktorsnemi, Kristinn R. Þórisson dós-ent og Eric Nivel sérfræðingur tóku við verðlaunum sínum á AGI-ráðstefnunni við Oxford-háskóla í Bretlandi.

„Þetta er ein helsta viðurkenning sem hægt er að fá fyrir rannsóknir á þessu sviði gervigreindar,“ segir Helgi og telur margt unnið með jafngóðri viðurkenningu. „Þetta kemur þeirri fráþætti vinnu sem unnin er hér við HR á sviði gervigreindar enn frekar á kortið, umfram það sem þegar hefur tekist, en hún er mjög framfarlega á heimsmælikvarða.“ Hann segir að auðveldara verði að láta raddir fræðimanna frá HR heyrast í vísindasamfélaginu, auk þess sem athyglin geti hjálpað til við að fjármagna áframhaldandi rann-

sóknir. Að auki fengu fræðimennirnir þrír svo peningaverðlaun. „Jú, en þau voru svo sem ekki mjög há, eða fimm hundruð dollarar. Við getum ekki sest í helgan stein enn þá.“

Rannsóknirnar sem þeir félagar fengu verðlaun fyrir nú eru hluti af þriggja ára verkefninu HUMANOBS sem Evrópusambandið veitti tveggja milljóna evra styrk til í janúar 2009, en verkefninu lauk í sumar.

Helgi segir rannsóknir þeirra snúa að þróaðri gervigreind en núna þekkt. „Sú sem til er í dag snýr helst að því að leysa fyrir fram þröngt skilgreind vandamál, svo sem að lenda flugvéllum, eða snjallsímaforrit á borð við SIRI sem hægt er að tala við.“ Viðfangs efni þeirra félaga snúist fremur um hluti sem einhverjum gæti dottið í hug að biðja manneskju um að gera. „Til dæmis að hanna vélmenni sem gæti farið inn í hvaða hús sem er og hellt upp á kaffibolla. Slík verkefni eru utan getusviðs þeirrar gervigreindar sem nú er til.“

Með slíkri tækni segir Helgi vísindamenn komna í seilingarfæri við vélmenni sem gætu til dæmis bjargað fólki úr brennandi byggingu eða sjálfvirk geimkönnunarför. „Þessi nýja gervigreind er nær mannlegri greind að því leyti að hún er almenn. Kerfin eru hönnuð til að læra, frekar en að leysa fyrir fram ákveðin vandamál.“ - óka



HELGI PÁLL HELGASON



TORTÍMANDI Aðdáendur kvikmyndanna um Tortímandann fá mögulega hnút í magann við tilhugsunina um vélar með mannlega greind.

MYND/WARNER BROS.

DEWALT®

HÖRKUTÓL

á heima hjá Sindra



10,8V Hleðsluborvél
Patróna 10mm
LED ljós
Rafhlaða: 2 x 1,5Ah Li-Ion
Þyngd: 1,1Kg
Gírar: 2

KR. 35.900.-



18V Hleðsluborvél
Patróna 13mm
Rafhlaða 2 * 1,5Ah Li-Ion
Led ljós
Hersla 60 Nm
Þyngd 1,55kg
Gírar 2

KR. 49.900.-



18V Hleðsluborvél með höggi
Patróna: 13mm
Rafhlaða: 2 * 3,0Ah Li-Ion
Led ljós
Hersla: 80Nm
Þyngd 2,4kg
Gírar: 3

KR. 59.900.-

Slípirokkar 2 stk.
2200W - 230mm
Sn/ mín 6.500
Þyngd 5,5 kg
850W - 125mm
Sn/ mín 10.000
Þyngd 2,1 kg




KR. 44.900.-

Hleðsluborvél 18V
Patróna: 13mm
Rafhlaða: 2 * 4,0Ah Li-Ion
Led ljós
Hersla: 60Nm
Þyngd 1,84kg
Gírar: 2



KR. 59.900.-

Höggborvél m/meitlun
800W
Sn/ mín 0-1150
Skiptipatróna fylgir
Höggþungi 0-3,4 J
Afsogsbúnaður



KR. 79.900.-

Höggborvél með
meitlun.
Max bor: 26mm
Afl: 800W,
Kraftur: 0-3,4 J
Sn/ mín: 0-1150
Þyngd: 2,9kg



KR. 39.900.-

Stingsög 701w
4 stillingar á blaði
Blástur frá blaði
26mm slaglengd
Þyngd 2,8 kg



KR. 39.900.-

Hleðsluútlitarp
Hleður 7,2-18V Li-Ion
Tengi fyrir
MP3+CD
USB Hleðsla



KR. 45.900.-

SINDRI

Viðarhöfði 6 - Reykjavík | Bæjarhraun 12 - Hafnarfirði

www.sindri.is | sími 575 0000

Bandaríska þjóðin þarf að líta í eigin barm:

Bráðdrepani byssumenning

Fjöldamorðin í Sandy Hook í Newtown í Bandaríkjunum á föstudag, þar sem tuttugu lítil börn og sex fullorðnir létu lífið, gætu orðið vendipunktur í umræðum um byssueign vestra.

Stór hluti Bandaríkjamanna lítur á það sem helgan rétt að eiga og bera skotvopn og vísar í stjórnskrána þeirri skoðun til stuðnings. Byssueign er ekki algengari í neinu þróuðu ríki heims. Margendurtekin fjöldamorð brjálaðra byssumanna eru líka sérbandarískt fyrirbæri. Það gengur hins vegar einkennilega hægt fyrir bandaríska stjórn-málamenn að tengja þessar tvær staðreyndir saman og bregðast við í samræmi við það.

Eftir hvert fjöldamorð heyrast yfirleitt raddir um að nú sé mál að herða byssu-löggjöfina í Bandaríkjunum. Öflugir þrýstihópar, með National Rifle Association (NRA) í broddi fylkingar, rísa þá yfirleitt upp og hræða stjórn-málamenn nógu mikið til að ekkert verður úr lagabreytingum.

Núna er almenningi í Bandaríkjunum hins vegar svo ofboðið að líklegt er að stuðningur við takmarkanir á vopnaeign verði nægur til að ýta í gegn breytingum. Enda sagði Obama Bandaríkjaforseti í ræðu sinni í Newtown að breytinga væri þörf ef það ætti að takast að koma í veg fyrir að slíkur hryllingur endurtæki sig einu sinni enn. Bandaríkjamenn hljóta að þurfa að horfa í eigin barm og velta mjög rækilega fyrir sér hvaða þátt þeirra eigin byssu-menning eigi í öldu ódæðisverka á árinu, þar sem árasin í New-town er sú mannskæðasta.

Þrýstihópar byssueigenda beita fyrir sig slagorðinu „byssur drepa ekki fólk, fólk drepur fólk“. Sem er út af fyrir sig rétt, einhver þarf að halda á vopninu. Hins vegar liggur í augum uppi að gott aðgengi að hættulegum vopnum eykur líkurnar á að þau komist í rangar hendur.

Það er hægt að virða stjórnskrárbundinn rétt Bandaríkja-manna til að eiga vopn til að verja sig og sína, en banna hins vegar að almenningur geti átt sjálfvirk eða hálfvirk vopn og marg-skota magasin. Slík vopn gera sturluðum mönnum eins og Adam Lanza kleift að myrða marga á skömmum tíma áður en hjálp berst.

Fordæmi frá öðrum löndum sýna að bann við slíkum vopnum virkar. Eftir fjöldamorðin í Port Arthur í Ástralíu árið 1996, þar sem byssumaður myrti 35 manns og særði 23, var lagt bann við sjálfvirkum og hálfvirkum byssum og almenningi gert að afhenda slík vopn gegn gjaldi. Ofbeldisglæpum þar sem skotvopn koma við sögu hefur síðan fækkað verulega í Ástralíu og viðlíka fjöldamorð hafa ekki verið framin í landinu.

Obama forseti er í betri stöðu en áður til að koma breytingum á vopnalöggjöfinni í gegn. Hann er nýbúinn að vinna forseta-kosningar og þarf ekki að hafa áhyggjur af endurkjöri. Hryllingurinn í Newtown er svo ólýsanlegur og raunar óskiljan-legur, að ætla má að hann hafi veruleg áhrif á almenningsálitið.

Í raun má segja að ef þessi skelfilegi atburður verði ekki til þess að vopnalöggjöf í Bandaríkjunum verði endurskoðuð geti ekkert orðið til þess að svo verði.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

NÝTT

Senseo®

CAFÉ LATTE



„Kaffipúðarnir passa í allar tvöfaldaðar skeiðar sem fylgja með Senseo vélum“

UPPGÖTVAÐU NÝJAN BRAGÐHEIM SENSEO

FRÁ DEGI TIL DAGS

Breyting varðandi ESB?

Vigdís Hauksdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, spurði Steingrím J. Sigfússon atvinnuvegaráðherra á þingi í gær út í umsókn Íslands að ESB og hvort efnahagsástandið í Evrópu hefði ekki áhrif þar á. Steingrímur sagði Íslendinga sjálfa verða að meta stöðuna í Evrópu, en hins vegar væri ágæt aðstoða til að fara yfir stöðuna um áramótin, að lokinni ríkjaráðstefnu ESB. Þá væri hægt að meta „hvernig við höldum á málinu á þeim mánuðum sem eftir eru fram að kosningum“. Þetta er að mörgu leyti athyglisverð yfirlýsing og því má velta fyrir

sér hvort von sé á stefnubreytingu ríkisstjórnarinnar varðandi aðildar-umsóknina.

Stefnubreyting?

Vinstri græn hafa átt í nokkrum vandræðum með aðildarumsóknina, enda á móti aðild. Steingrímur sagði enda að samningar um hvernig á þessum málum væri haldið giltu ekki eftir kosningar. Línan hefur hins vegar verið sú að málið sé í ákveðnum farvegi, þjóðin fái að kjósa um niður-stöðu samninga þegar þar að kemur. Hvað þarf þá að endurmeta um áramótin?

Misheppnuð neyslustýring

Í frumvarpi fjármálaráðherra um ráðstafanir í ríkisfjármálum, bandorminum svokallaða, er gert ráð fyrir hækkun vörugjalds á sykurlausum. Tiltekið hefur verið að þar ráði meðal annars máneldissjónarmið, verið sé að stýra neyslu landsmanna að hollustu. Nú hefur Landlæknisembættið sagt að tillögurnar séu líklegri til að auka neyslu á sykri en hitt. Ráðherra hefur því tvo kosti; að hætta við hækkunina eða segja henni hafa verið komið á til að auka tekjur.

kolbeinn@frettabladid.is



Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is

HALLDÓR



Persson og Skarphéðinsson

ESB-AÐILD



Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra

Enn reynir okkar ágæti utanríkisráðherra að sýna fram á hve hagstætt það yrði Íslendingum að ganga í Evrópusambandið. Í Fréttablaðinu er nú leiddur til vitnis sósíaldemókrat og fyrrum forsætisráðherra Svía, Göran Persson. Um þennan systurflokksmann sinn segir Össur Skarphéðinsson: „Persson benti á að eftir að Svíar gengu í Evrópusambandið árið 1994 hefðu þeir u.þ.b. tvöfaldað útflutning sinn. Síðustu 20 árin hefðu Svíar haft jákvæðan viðskiptajöfnuð við útlönd.“

Þetta telur utanríkisráðherra sem sagt vera góðan mælikvarða á ágæti Evrópusambandsaðildar. En hvernig skyldi okkur Íslendingum hafa reitt af á þessu tímabili? Nú þarf að gæta sín í samanburðarfræðunum. Þannig segja útflutningstölur eða viðskiptajöfnuður ekki alla söguna. Hvað viðskiptajöfnuðinn áhrærir þá „reiknast til gjalda áfallnir vextir föllu bankanna, sem verða aldrei greiddir“, svo vitnað sé í nýlegan pistil frá greiningardeild Arion banka. Og ef við lítum á vöruútflutninginn verður að taka gengisbreytingar með í reikninginn. Vöruútflutningur Íslendinga nam árið 1994 rúmum 112 milljörðum króna en rúmum 620 á síðasta ári. Útflutningurinn hafði með öðrum orðum rúmlega fimmfaldað! Upphæðin

hefði hins vegar tæplega þrefaldast ef upphæðir væru uppreiknaðar miðað við meðalgengi vöruviðskiptavogar á verðlagi í október 2012 og farið úr 217 milljörðum í rúmlega 632 milljarða á síðasta ári. Með öðrum orðum var vöruútflutningur frá Íslandi samkvæmt þessari reikniformúlu nær þrefalt meiri árið 2011 en hann hafði verið árið 1994!

Þannig að Össur Skarphéðinsson hefði hæglega getað sagt við hinn sænska vin sinn að Íslendingar hefðu ekki síður staðið sig en Svíar, sumpart jafnvel gert enn þá betur en þeir. Þó værum við utan Evrópusambandsins.

Fróðlegt væri að skoða önnur þjóðarbú í þessu samhengi: til dæmis hið norska, spænska, þýska og gríska. Ætli það kæmi ekki upp úr kafinu að einsleitir krónutölu-mælikvarðar segðu ekki allan sannleika um velgengni ríkja eða ágæti ríkjasambanda. Ef til vill væri nær að skoða tölur um atvinnuleysi og umfang velferðarþjónustu.

Greinilegt þykir mér að Persson þarf að veita vini sínum Skarphéðinssyni einhver fyllri rök en þau sem er að finna í sænskum hagskýrslum svo dugi til að sannfæra Íslendinga um að Evrópusambandsaðild sé allra meina bót.

Liðleskjur og aumingjar!

HEILSA

Teitur Guðmundsson læknir



Um hátíðir minnumst við hinna látnu, ástvína og maka, fjölskyldumeðlima og vina. Heimsókn í kirkjugarðinn tilheyrir hátíðunum og það eru tregafull spor á stundum að ganga að leiði ástvína. Það að missa einhvern náinn er sár sem aldrei grær að fullu, sérstaklega þegar sá sem frá hverfur er í blóma lífsins. Hvert okkar tekst á við slíkt á sinn eigin hátt, minningarnar eru margar og tilfinningarnar geta verið miklar, sveiflast mikið og varað lengi. Því þykir okkur flestum ákveðin huggun í því að votta hinum látnu virðingu okkar með heimsókn til þeirra og jafnvel kveikja á kertum og leggja niður skreytingu til marks um það að viðkomandi var hluti af lífi okkar sem við munum ekki gleyma.

Stolið af leiðinu

Ég fór í blómabúð um helgina með konunni til að kaupa skreytingu á leiði látins ættingja. Það sem ég heyrði þar fékk á mig og gerði mig leiðan og í raun líka reiðan. Þar var eldri maður sem var að koma annan daginn í röð til að kaupa skreytingu á leiði fyrrverandi eiginkonu sinnar, en þeirri sem hann hafði keypt daginn áður hafði verið stolið af

„Þetta er rakalaus ósvífni og eiginlega alveg ótrúlegt að einhver skuli leggjast svo lágt að stela af hinum látnu og þar með vanvirða minningu þeirra. Ég kannaði hvort slík háttsemi væri algeng og var mér tjáð að því miður kæmi þetta fyrir og væri afar sorgleg hegðun.“

leiðinu af einhverjum óprúttum aðilanum. Ég var steinhissa og fann til með honum enda sárt að missa ástvíni og þykir tilhlýðilegt að skreyta og hugsa vel um leiði sinna nánustu.

Um leið og hann gengur hnarreistur út með pokann á leið í kirkjugarðinn og lokar á eftir sér segir afgreiðslukonan að þetta sé ekki sá fyrsti né heldur sá síðasti sem muni þurfa að koma til að endurnýja skreytingar sem hefur verið hnuplað.

Þetta er rakalaus ósvífni og eiginlega alveg ótrúlegt að einhver skuli leggjast svo lágt að stela af hinum látnu og þar með vanvirða minningu þeirra. Ég kannaði hvort slík háttsemi væri algeng og var mér tjáð að því miður kæmi þetta fyrir og væri afar sorgleg hegðun. Einn sagðist hafa fundið ráð svo það væri erfiðara að fjarlægja skreytingar, en það væri gert með því að

berja niður festingar einhvers konar ofan í jörðina, helst hella vatni meðfram svo þar frjósi og nota slíkt sem „akkeri“ nokkurs konar og festu til að þær fjúki ekki eða sé hreinlega stolið.

Ættu að skammast sín

Nú kann svo að vera að þessi hegðun hafi eitthvað breyst frá því sem áður var, mögulega hefur fólk minna fé milli handanna sökum hinnar margumtöluðu kreppu og því komi til þessa. Það er hins vegar léleg skýring og ónothæf um athæfi sem þetta og tek ég ekkert mark á henni. Þá ætlast ég hreinlega til þess að það sem ég ákveð að leggja á leiði fái að vera þar í friði. Nú er auðvitað mikilvægt að kirkjugarðar séu vel hirtir og er skiljanlegt að blóm sem eru farin að fölna séu tekin niður af starfsmönnum garðanna eða aðstandendum sjálfum, en það er ekki það sem ég er að tala um.

Þeir sem hafa stolið af leiðum annarra, og gildir þá einu hver ástæðan er, ættu vitaskuld að skammast sín og gera slíkt aldrei framar. Það er harðneskjulegt og er vond framkoma við tilfinningar og ást þeirra sem leggja sig fram um að sinna leiði þeirra sem þeir hafa misst. Það er ekkert sem réttlætir þá hegðun og eflaust hægt að viðhafa mörg orð um þann sem slíkt framkvæmir, en að mínu viti ber það vott um fyrirlitningu og dómgreindarleysi viðkomandi. Það er í mínum huga eiginlega ekki hægt að kalla slíkan aðila annað en liðleskju og aumingja, afsakið orðbragðið.

Ja, mikið óskaplega ertu nú góð

KJARAMÁL



Árný Guðmundsdóttir táknaðstúlkur

„Ja, mikið óskaplega ertu nú góð að vera að vinna með þessu fólki,“ sagði eldra fólk stundum við mig þegar ég byrjaði að vinna fyrir 15 árum. Ekki fannst mér það, ég hafði valið mér eitt skemmtilegasta, fjölbreyttasta og mest spennandi starf að loknu sérnámi við Háskóla Íslands, starf sem krefst þess að ég komi víðar við í samfélaginu en flestir, ef ekki allir, aðrir gera í sínum störfum.

Ég hef verið við störf inni á leikskólum, grunnskólum, framhaldsskólum, háskólum, einnig á fæðingardeild og við jarðarfirir. Sömuleiðis hef ég sinnt mínum störfum á fasteignasölum og hjá lögfræðingum, lögreglunni og bráðamóttökunni, í áttæðisafmælum og brúðkaupsveislum, hjá spákonu og í hjónabandsráðgjöf. Ekki má gleyma ungbarnaeftirliti og stofugangi á sjúkrahúsi eða stjórnar- og húsfundum, atvinnuviðtölum og fermingum, gay pride og framboðsfundum, ráðuneytum og Alþingi. Varla er hægt að nefna þann atburð þar sem við höfum ekki verið að störfum. Ég er táknaðstúlkur.

Sammála gömlum frænkum

Undanfarin ár hefur mér þó fundist að mínir æðstu yfirmenn hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu séu sammála gömlum frænkum um að við séum góðar – já, við erum kvennastétt. Því ekki virðist þeim finnast þörf á því að greiða mér mannsæmandi

→ Ef við segjum upp getum við ekki fengið vinnu í Noregi; þar er talað norskt táknað.

laun fyrir mína vinnu. Að loknu háskólanámi fær táknaðstúlkur rétt rúmar 280 þúsund krónur á mánuði. Á mínum vinnustað, Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, vinna 18 KONUR sem táknaðstúlkur með yfir sjö ára starfsreynslu að meðaltali. Starfsreynslan gerir okkur kleift að sinna öllum þessum fjölbreyttu störfum sem við komum að og er okkur nauðsynleg. Við vinnum ekki á vöktum og meðal dagvinnulaunin okkar eru 349.611 kr. á mánuði. Ekkert vaktatöl, en við erum jafnvel kallaðar út á nóttunni og vinnum oft á kvöldin og um helgar.

Ef við segjum upp

Ef við segjum upp getum við ekki fengið vinnu í Noregi; þar er talað norskt táknað.

Ef við segjum upp fær fólk sem fékk móðurmál sitt nýverið viðurkennt í lögum sem jafnréttihátt íslenskri tungu ekki lengur þjónustu á því.

Ef við segjum upp fer þjóðfélagið ekki á hliðina, en heill hópur fólks fær ekki að sinna sínum daglegu skyldum á eigin móðurmáli, nokkuð sem sem okkur finnst sjálfsagt að gera.

Ef við segjum upp...

Vera Design

Plomo o Plata

Feldur

Plomo o Plata

Triwa

Monica Boxley

S'nob

2ja ÁRA

Verið velkomin

KASTANÍA
HÓFÐATORG

FYLGIHLOTIR SEM
TEKIÐ ER EFTIR

Opið fram að jólum 11-21
Aðfangadagur 10-13
Hófðatorgi | S 577-5570
Erum á facebook

Pioneer
HLJÓMTÆKI

- FYRIR JÓLIN!



DVD spilari

Spilar DVD, CD, CD-R/RW og DVD-R/RW, DivX, MP3, WMA og JPEG · Uppfærir mynd í HD upplausn Tenglar: USB, Component, Coaxial, Video, Audio
Verð kr. 15.900,-



3D Blu-ray spilari

DLNA vottaður · Höfðu á YouTube, Picasa eða Netflix í gegnum spilarann · Netútarpput, RCA, 2x USB (Front & Back)
Verð kr. 44.900,-

Frábær 3D Blu-ray spilari með nettengingu



Heimabíókerfi

5.1 rása heimabíókerfi með DVD spilara og FM útvarpi · 300W magnari · HDMI tenging · Spilar alla DVD og CD diska, MP3, WMA, JPEG og DivX, stýður 1080p (HD upscaling)
Verð kr. 49.900,-



3D Blu-ray heimabíóstæða

5.1 rása 3D Blu-ray heimabíókerfi með FM útvarpi og Karaoke · 1100W magnari (5x150W / Sub 250W) · Spilar: BD-R/RE, DVD-R/RW, CD-R/RW, MP3, JPEG, PNG, WMA, DivX og fl. · Bluetooth Ready · Tengir: 3x HDMI(2inn/1út), 2x USB, Ethernet, Optical, RCA hljóð inn Composite, Component og fl.
Verð kr. 94.900,-



Hljómtækjastæða

FM útvarp með 40 stöðva minni, Spilar: CD, MP3, WMA, CD-R/RW, iPod, USB, RCA, Heyrnartól, Video out (f. iPod), 2 x 15W magnari, hátalarar 4 Ohm, spilar og hleður iPod
Verð kr. 49.900,-



Hljómtækjastæða

FM útvarp m. 40 stöðva minni, Spilar og hleður iPad, iPod og iPhone, Spilar: DVD, CD, MP3, WMA, JPEG, DivX, AVI og fl. USB, RCA, Heyrnartól, HDMI, Composite, Component, S-Video og fl., 2 x 30W magnari, hátalarar 4 Ohm
Verð kr. 69.900,-



iPod vaggá

FM útvarp · Spilar og hleður iPod og iPhone · Spilar DVD og CD, MP3, DivX, JPEG · HDMI, USB, Audio in, Composite og fl. · Möguleiki á Blue-tooth · 2 x 20W hátalarar 8 Ohm
Verð kr. 34.900,-



Heyrnartól af bestu gerð

Tíðnisvið 6-28.000 Hz · Þyngd 156 gr
Verð kr. 9.900,-



Útvarpsvekjari með iPod/iPhone vöggu

FM útvarp með 20 stöðva minni Hleður iPod/iPhone Fjarstýring með „Snooze“ takka.
Verð kr. 18.900,-



Heimabíómagnari

5x130 RMS @ 6 Ohm · FM/AM útvarp með RDS · Inngangar: 4x HDMI, 2x Composite, 1x Coaxial, 1x Digital Optical · Útgangar: 1x HDMI, 1x Composite, 2x Preout
Verð kr. 69.900,-



Heimabíómagnari

7 x 150 RMS @ 6 ohm, FM/AM útvarp, Internet útvarp, nettenging · Inngangar 6x HDMI, 4x composite, 1x coaxial, 1x component, 1x Digital optical, USB · Útgangar 1x HDMI, 1x composite, 2x subwoofer · Bluetooth port
EISA VERÐLAUN 2012-2013
Verð kr. 127.900,-

ORMSSON

// LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ORMSSON.IS
VERSLANIR UM LAND ALLT

ÁHRIF HÆKKANA Á FJÖLSKYLDU Í REYKJAVÍK

2010
Fasteignamat íbúðar: **24.000.000**
Lóðaverð (15%): **3.600.000**

2011
Fasteignamat íbúðar: **21.600.000**
Lóðaverð (15%): **3.240.000**

Börn á leikskóla 2
Börn í grunnskóla 1
2012
Fasteignamat íbúðar: **21.600.000**
Lóðaverð (15%): **3.240.000**

Laun á mánuði samtals: **700.000**
(Meðallaun 334 þ. 2009)

Laun á mánuði samtals: **731.500**
(M.v. 4,5% hækkun frá 2011)

| | 2010 | Kostnaður á ári | 2011 | Kostnaður á ári | Mismunur |
|---------------------------|--------|------------------|--------|------------------|----------------|
| Leikskólagjöld-barn 1 | 20.655 | 227.205 | 25.875 | 284.604 | 57.399 |
| Leikskólagjöld-barn 2 | 100% | 0 | 75% | 71.151 | 71.151 |
| Skólamáltíð | 5.000 | 52.500 | 6.600 | 69.300 | 16.800 |
| Sorphirða | 16.300 | 16.300 | 23.100 | 23.100 | 6.800 |
| Fasteignaskattur | 0,214% | 51.360 | 0,20% | 47.520 | -3.840 |
| Lóðaskattur | 0,08% | 2.880 | 0,20% | 7.128 | 4.248 |
| Útvarp | 13,03% | 1.050.739 | 13,28% | 1.112.348 | 61.609 |
| OR gjöld | 8.800 | 105.600 | 14.159 | 169.906 | 64.306 |
| Frístund | 8.365 | 87.833 | 11.940 | 125.370 | 37.538 |
| Síðdegishressing Frístund | 2.150 | 22.575 | 3.450 | 36.225 | 13.650 |
| Samtals | | 1.616.992 | | 1.946.652 | 329.660 |

Samtals skatta- og gjaldskrárhækkunir 2010-2013 = **329.660**

Alls konar skatta- og gjaldskrárhækkunir

Meirihluti Besta flokksins og Samfylkingarinnar boðaði í stefnuskrá, sem kynnt var í upphafi kjörtímabils, að velferð og þjónusta við íbúana nyti forgangs við ráðstöfun fjármuna borgarinnar. Fjárhagsáætlun 2013 var samþykkt í borgarstjórn í síðustu viku og því miður er ekki hægt að segja að þessari reglu hafi verið fylgt eftir þegar litið er til þeirra skatta- og gjaldskrárhækkana sem dunið hafa á borgarbúum á kjörtímabilinu. Fjölskylda í Reykjavík með börn í grunnskóla og leikskóla mun á næsta ári greiða 330.000 krónum meira fyrir grunnskólunni hjá Reykjavíkurborg en árið 2010 vegna ákvarðana borgarfulltrúa Besta flokksins og Samfylkingarinnar.



Þórey Vilhjálmsdóttir framkvæmdastjóri borgarstjórnar-flokks Sjálfstæðis-flokksins

barnafjölskyldur í borginni þurfa að greiða. Það eru leikskólagjöld, skólamáltíðir, sorphirða, fasteignaskattur, lóðaskattur, útsvar, gjöld frá Orkuveitu Reykjavíkur, frístundaheimili og síðdegishressing í frístundaheimili.

Skattar og gjöld borgarinnar hafa á þessu sama tímabili hækkað um 7% umfram vísitölu. Reykjavíkurborg gegnir miklu ábyrgðarhlutverki gagnvart þessum sömu fjölskyldum, sem eru flestar með verðtryggt lán, en hækkunir borgarinnar hafa bein áhrif á greiðslubyrði þeirra. Það geta allir skilið að hækkana er þörf, en 20% hækkun skatta og gjalda á þremur árum er í hrópandi mótsögn við fyrrnefnda stefnuskrá. Það er hol velferð þegar stærsta sveitarfélag landsins ákveður hækkunir langt umfram almennt verðlag.

Enn meiri alls konar hækkunir?

Núverandi meirihluti hafði val og vald til þess að fara aðrar leiðir en leið skatta- og gjaldskrárhækkana

→ Núverandi meirihluti hafði val og vald til þess að fara aðrar leiðir en leið skatta- og gjaldskrárhækkana.

en kaus að fara þessa leið. Þarna koma skýrt fram ólíkar áherslur í rekstri en það má segja að fyrri meirihluti hafi fylgt reglu núverandi meirihluta um ráðstöfun fjármagns til velferðar og þjónustu við íbúa betur en þau sjálf. Á þeim erfiðu tímum þegar þurfti að hagræða hjá Reykjavíkurborg tóku allir höndum saman, stjórnsmálmennt, starfsfólk og borgarúar, og náðu að hagræða í kerfinu án þess að hækka skatta og gjöld – án þess að skerða þjónustuna verulega.

Núverandi meirihluti virðist vera sérhlífinn þegar kemur að erfiðum ákvörðunum um rekstur borgarinnar. Borgarúar er hins vegar ekki hlíft, hvorki við skattane gjaldskrárhækkunum.

Það er spurning hvort búast megi við enn meiri hækkunum, þannig að 330.000 gæti jafnvel orðið að hálfri milljón fyrir fjölskyldufólk í lok þessa kjörtímabils.

Eimskip og endurreisn Íslands

Eimskipafélag Íslands, Eokkar elsta skipafélag, var stofnað 17. janúar 1914. Var almennt álitid að með stofnun þess væri stigið eitt stærsta heillaspor í sögu og sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar. Mættu á fimmta hundrað manns í Fríkirkjunna í Reykjavík að fagna fæðingu þessa „óskabarns þjóðarinnar“ og hefur það nafn lodað við fyrirtækið síðan. Frá upphafi var saga þessa farsæla fyrirtækis tengd fossunum okkar. Erú ófár þeir Íslendingar sem nöfn á borð við MS Gullfoss og Dettifoss ylja um hjartarætur. Skip þessi voru og eru tákun um frelsi og feng, þjóðbraut út í hinn stóra heim sem sprengdi í loft upp margra alda einangrun og átt-hagafjötra og ótæmandi uppspretta frásagna af ævintýrum og svadilförum þegar þau skiluðu farþegum og áhöfnum sínum heilum á húfi í ferðalok.



Margrét Hrafnisdóttir forstjóri Othar Raven Industries

Á langri ferð hefur hróður félagsins borist víða, enda rekstur þess yfirleitt með ágætum.

Í bankahruninu 2008 gerðust hins vegar þau tíðindi að sjálft móðurskipið, Eimskip, rakst á sker og strandaði. Sjálfsagt má endalaust deila um rekstur félagsins í „góðærinu“ 2001-2008 en það er erfitt að sjá annað en að endurreisn félagsins frá 2009 hafi tekist vel – ég leyfi mér að segja, vonum framur – enda skilaði hún hagnaði til íslenska ríkisins og þjóðarinnar strax árið 2010 án þess að eigendur tækju út arðgreiðslur.

Þannig hefur félagið í takt við íslenska þjóðarsál lagt sitt af mörkum á erfiðum tímum og stutt við bakið á íþróttafélögum og framúrskarandi einstaklingum, endurreisti hinn dýrmæta Háskólasjóð Íslands og látið sig varða um menningu og listir.

Fleiri siglingaleiðir hafa verið opnaðar undanfarin ár, vöxtur félagsins innanlands sem erlendis hefur verið góður og ný skip í smíðum í eigu Eimskips væntanleg í íslenska flotann á næstu árum! Sagan heldur því áfram að endurtaka sig!

Þjóðin á mikið undir

Það er því ekkert skrítið þótt miklar kröfur séu gerðar til þessa óskabarns þjóðarinnar. Á öll íslenska þjóðin mikið undir því að endurreisn hins íslenska hlutabréfmarkaðar heppnist sem best. Eftirvæntingun var því gríðarlega mikil þegar kunnert varð um að Eimskip færi á markað á þessu ári. Auðvitað áttu kaupréttar-

→ Á langri vegferð hefur hróður félagsins borist víða.

samningar fárra yfirmanna félagsins að biða þess að félagið skilad í góðum árangri áfram og nú á markaði. En Íslendingar eru sanngjarnir og fyrirgefa vonandi þessa ópolinnmæði þeirra sem náðu góðum árangri með félagið, enda hafa þeir nú séð að sér og gefið eftir þessa kauprétti. Í samhengi sögunnar eru því öll teikn á himni um að Eimskip haldi áfram að farnast vel héðan í frá sem endranær.

Í sátt við samfélagið

Það er til mikils að vinna að Eimskip og önnur fyrirtæki sem hyggjast taka þátt í endurreisn íslenska hlutabréfamarkans ná að gera slíkt farsællaga og í sátt við samfélagið. Eingöngu þannig mun almenn-ingur með tíð og tíma fá tiltrú á hlutabréfakaupum aftur sem eðlilegum hluta af fjárfestingum og sparnadarleiðum sínum.

Efling alíslenskra stórfyrirtækja og hins íslenska hlutabréfmarkaðar mun svo aftur hafa í för með sér stórauðka atvinnuuppbyggingu og ný framtíðarstörf fyrir núverandi og komandi kynslóðir. Það er ekki aðeins þjóðarhagur, það er forsenda tilveru okkar.

Krefjumst ekki fullkomnunar heldur óskum þess að Eimskip haldi áfram að vera framúrskarandi og leiðandi á sínu sviði til framtíðar!

Sá tími mun koma. Sagan segir okkur það. Nú er rúmt ár þar til Eimskip á eitt hundrað ára afmæli. Það verður gaman að sjá hvernig þá hefur til tekist með fyrirtækið á íslenskum hlutabréfmarkaði áður en önnur starfsöld þess ris!

Þú meir lynnara um prentvillur

Notaður bíll Dúndur díll

Við kveðjum árið með hvelli dagana 18. til 31. desember.
Notaðir bílar með dúndur afslætti og veglegum flugeldapakka frá
Hjálparsveit Skáta í Reykjavík í skottinu.



CHEVROLET AVEO LS 1400 - 5. 2010
Ekinn 70.000 km • Beinskjiptur
Verð: 1.450.000.-
Tilboð 1.190.000.-



CHEVROLET LACETTI CDX STATION 2. 2006
Ekinn 116.000 km • Sjálfskiptur
Verð: 1.150.000.-
Tilboð 890.000.-



FORD EXPLORER SPORT TRAC 4X4 - 9. 2007
Ekinn 78.000 km • Sjálfskiptur
Verð: 2.990.000.-
Tilboð 2.190.000.-



KIA SPORTAGE - 11. 2005
Ekinn 127.000 km - Sjálfskiptur
Verð: 1.390.000.-
Tilboð 1.090.000.-



SANGYONG REXTON RX-290 - 7. 2002
Ekinn 179.000 km • Sjálfskiptur
Verð: 1.390.000.-
Tilboð 1.090.000.-



SUBARU LEGACY - 12. 2006
Ekinn 146.000 km • Sjálfskiptur
Verð: 1.890.000.-
Tilboð 1.490.000.-

Birt með lýnara um prentvillur og myndavéki.

Veglegur
flugeldapakki
með hverjum
seldum bíl*

**Söluastaðir
Hjálparsveita Skáta
í Reykjavík:**

- Bílabúð Benna - Vagnhöfða 23
- Risaflugeldamarkaður HSSR - Malarhöfða 6
- Spöngin - Grafarvogi
- Grafarholt - við Húsasmiðjuna

- Mjóddin - Breiðholti
- Skátaheimili Skjöldunga - Sólheimum 21a
- Norðlingaholt - Elliðabraut

Ath: söluastaðir opna 28. desember



*Flugaeldapakki fylgir ekki með umboðssölubílum

**Traustur styrktaraðili
Hjálparsveitar Skáta
í Reykjavík til fjölda ára**

Opið virka daga frá 10-18
Opið á laugardögum 12-16
og í Reykjanesbæ 10-14

Bílabúð Benna - Notaðir bílar
Bíldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 587 1000
Njarðarbraut 9 • Reykjanesbæ • Sími: 420 3330

**Bílabúð
Benna**
— Notaðir bílar - Bíldshöfða 10 —

Kirkja og kylfingar

Ég leik golf mér til ánægju en sú íþrótt er sú kristilegasta sem ég þekki og líklega sú eina sem getur talist það og stenst það með guðfræðilegum rökum. Erindi þessara skrifa er samt ekki það að útskýra þennan leyndardóm en ég skal gera það síðar.

TRÚMÁL



Örn Bárður Jónsson
sóknarprestur í Neskirkju

rúmlega 700 krónum til sóknar minnar. Fyrir slíka meðhöndlun á fé eru menn dæmdir í fangelsi þ.e.a.s. ef þeir sitja ekki í ríkisstjórn. Trúfélög eru ekki rekin af ríkinu og þar með ekki þjóðkirkjan heldur eins og menn tönnlast gjarnan á í fáfræði sinni í fjölmíðlum og blogg færslum, jafnvel þingmenn og ráðherrar. Ríkið rekur engin

trúfélög.

Sláandi samanburður

Nessókn, sem ég þjóna, hefur um 50 milljónir í tekjur á ári en hún er önnur fjölmennasta sókn í Reykjavík. Í sókninni búa tæplega 11 þúsund manns og gjaldendur, þ.e. 16 ára og eldri sem tilheyra þjóðkirkjunni, eru eitthvað á sjöunda þúsund.

En hvað kemur golfið þessu við? Ég skal útskýra það. Nýlega sótti ég aðalfund Nesklúbbsins (NK) sem rekur golfvöllinn á Seltjarnarnesi. Þar eru um 600 félagar. Það sem vakti athygli mína og kveikti hjá mér samanburð er að NK hafði 57 milljónir í tekjur af þessum hópi á sínu rekstrarári. NK með 600 félagar hefur m.ö.o. meiri tekjur en Nessókn sem er með á 7. þúsund gjaldendur. Meðlimafjöldi NK er ekki nema 1/10 af Nessókn sem þýðir auðvitað að árgjaldið fyrir golfið er margfalt hærra en klúbburinn starfar þó ekki nema í 5 mánuði en kirkjan allt árið.

Fyrir 700 krónum á mánuði eiga sóknarbörnin aðgang að öflugugu starfi. Messur eru fjölsóttar í Neskirkju og þar fær fólk nær-

→ Núna borga ég skv. þessu fyrirkomulagi sem meðlimur í þjóðkirkjunni um 1.100 krónum á mánuði í sóknargjald en sá hægur er á að ríkið skilar ekki nema rúmlega 700 krónum...

ingu fyrir sálu sína og anda, eflir félagsþroska og skilning á hinu stóra samhengi lífsins og fer heim að loknu starfi í trú, von og kærleika til að láta gott af sér leiða í lífi og leik. Barna- og unglingastarf er fjölbreytt og fjölsótt.

Sérstakt starf er fyrir eldri borgara. Sönglíf er blómlegt og í kirkjunni starfa fjórir kórar. Fræðslustarf fer þar fram, s.s. foreldramorgnar, og fyrirlestrar eru fluttir af og til um ýmis mál sem varða lífið og tilveruna. Fjöldi barna er skírður til kristinnar trúar, flest 14 ára börn fermast og mörg brúðhjón ganga í það heilaga í kirkjunni. Sóknarbörn sem deyja eru flest kvódd í Neskirkju og miklu skiptir að sú þjónusta sé vel af hendi leyst. Innihaldsríkt ritúal tengt dauðanum er gríðarlega mikilvægt í hvaða þjóðfélagi sem er og ég fullyrði að þjóðkirkjan hefur þróað mjög áhrifaríkt ferli og merkilegt í þessu sambandi sem á sér margra alda hefð. Þá hýsir Neskirkja margs konar starf, s.s. AA og Al-Anon fundi, lánar og leigir út sali til einstaklinga og félagasamtaka svo nokkuð sé upp talið. Víða um land er með sambærilegum hætti reynt að halda úti öflugum safnaðarstarfi þrátt fyrir mannfæð sums staðar og litlar tekjur og slök skil gera það enn erfiðara en áður.

Er of dýrt að skipta um peru?

Ökumenn hafa eflaust tekið eftir því að ljósabúnaði bifreiða á höfuðborgarsvæðinu er oft ábótavant. Brautin – bindindisfélag ökumanna framkvæmdi nýlega atugun þar sem ljósabúnaður bifreiða var kannaður. Skoðað var ástand og notkun framljósa 2.200 bifreiða og afturljósa riflega 2.000 bifreiða. Ekki var litið á stefnuljós eða hemlaljós.

UMFERÐ



Einar Guðmundsson
formaður Brautarinnar – bindindisfélag ökumanna

→ Hann fullyrði að algengt væri að menn sneru við þegar þeir heyrðu hvað það kostaði að skipta um eina peru.

en endast á móti nokkuð lengi.

Við þetta bætist kostnaður við að skipta um perur því í ákveðnum tegundum bíla getur það verið snúið

31% bíla með biluð ljós

Langalgengast var að númersljós væru biluð, eða rúm 18%. Þá voru tæp 7% bíla eineygd að framan og tæp 5% með annað afturljósið biluð. Eflaust aka margir lengi án þess að ganga úr skugga um að ljósin séu í lagi. Þó er mjög auðvelt að kanna ástand þeirra. Þegar bíl er lagt framan við stórar rúður verslana og fyrirtækja sést auðveldlega hvort framljósin eru í lagi. Á sama hátt má bakka að slíkum rúðum til að kanna afturljós, hemlaljós og bakkljós.

Undirritaður átti samtalið við starfsmann á verkstæði sem fær oft til sín bíla með biluð ljós. Hann fullyrði að algengt væri að menn sneru við þegar þeir heyrðu hvað það kostaði að skipta um eina peru. Ef bileigendur geta sjálfir skipt um peruna felst kostnaðurinn eingöngu í perunni sjálfri. Sá kostnaður getur verið allt frá nokkur hundruð krónum fyrir peru í númersljós, 1.000-2.000 kr. fyrir hefðbundnar perur í framljós en þó eru dæmi um að framljósaperur kosti allt að 40.000 kr. Þá er um að ræða gasfylltar perur sem eru mjög dýrar

og í sumum tilfellum þarf sérhæfð verkfæri til verksins. Verð fyrir að skipta um perur getur farið upp í 10.000 kr. Kostnaður með peru og vinnu getur þannig verið á bilinu 40.000-50.000 kr. Þar sem um dýrar perur er að ræða. Í einstaka bíltegundum hafa jafnvel sést hærri upphæðir. Þessi kostnaður fælist marga bileigendur frá og þeir ákveða frekar að bíða með peruskiptin þar til betur stendur á.

Öryggið í fyrirrúmi

Það ætti aldrei að draga það að láta gera við öryggisþætti bílanna, hvort sem það eru perur, hemlar eða hjólabúnaður. Að hafa ljósin í lagi eykur öryggi í umferðinni talsvert, þar sem ökumaður sér betur í kringum sig og bifreiðin verður sýnilegri með ljósin í lagi. Hver kannast ekki við að hafa yfirsést aðvifandi ljóslaus bifreið?

Brautin skorar á þig, ágæti ökumaður, að næst þegar þú sest upp í bílinn athugir þú ástand ökuljósa og gerir þá viðeigandi ráðstafanir til þess að laga þau ef með þarf.

TRI

HJÓLREIÐAR

HLAUP

SUND

Full búð af flottum jólagjöfum

Veitum **20% afslátt** af Aqua sphere

Öll hjólahjól með **20% afslátt**

Allir NIKE og Brooks hlaupaskór með **15% afslátt**

Allar Livestrong vörur frá NIKE á **30% afslátt**

Öll barnahjól með **5.000 kr afslátt** + frír standari og hjálmur

CUBE AIM fjallahjól á 70.000 kr.

| | | | | | | | | | | |
|-------------------------------|--------------------------------|---------------------------------|--------------------|-----------------------------|-----------------------------|-------------------------------|--------------------------|----------------------|---------------------------|-------------------------|
| | | | | | | | | | | |
| Element Thermal 13.990 kr. | Miler Long Sleeve 6.990 kr. | Miler Short Sleeve 6.990 kr. | Miler 6.990 kr. | Printer V-Neck 8.990 kr. | Race Day Long 11.490 kr. | Element Thermal 11.490 kr. | Tech Tight 12.990 kr. | Pro 2.5 5.590 kr. | 2 in 1 Tempo 8.990 kr. | Storm Fly 25.990 kr. |

| | | | | | | | | | |
|---------------------------|------------------------------|---------------------------------|-----------------------|---------------------------------|---------------------------|-------------------------------|-------------------------|-------------------------|---------------------------|
| | | | | | | | | | |
| Hlaupajakki 13.990 kr. | Run wp stretch 16.990 kr. | Lightweight Strech 9.990 kr. | Pro Zero 7.990 kr. | Performance Tight 10.990 kr. | Featherlite 13.990 kr. | Super Sports Bra 8.990 kr. | Cool Boxer 4.490 kr. | Cool Boxer 4.490 kr. | Öryggisvesti 6.490 kr. |

| | | | | | | | | |
|---|--------------------------|-----------------------------|------------------------------|------------------------------------|-----------------------------------|------------------------------------|-----------------------------------|-------------------------|
| | | | | | | | | |
| Nightlife Inifiniti Tight II 9.990 kr. | Arm Warmers 3.490 kr. | Equilibrium LS 5.990 kr. | LSD Jacket III 13.990 kr. | Nightlife Equilibrium 7.490 kr. | Nightlife Inifiniti 10.990 kr. | Nightlife Jacket III 18.990 kr. | Nightlife Essential 13.490 kr. | AdaptGlove 6.490 kr. |

-20%

| | | | | | | | | |
|-----------------------|-------------------------|-----------------------|------------------------|------------------------|----------------------|--------------------------|-----------------------|-------------------------------|
| | | | | | | | | |
| Zip fins 9.990 kr. | Aquafins 10.2900 kr. | Seal 180 6.200 kr. | Vista Jr. 5.290 kr. | Vista Jr. 5.290 kr. | Kayenna 5.490 kr. | Kayenna Jr. 4.490 kr. | Ergoflex 4.790 kr. | Resistance Cords 7.290 kr. |

Tri ehf.
Suðurlandsbraut 32
Sími: 571 8111

Meðan birgðir endast. Tri áskilur sér rétt til allra breytinga á verði.

www.tri.is

Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 09:00-18:00
Laugardaga kl. 10:00-16:00

tl.is

**TÖLVU
LISTINN**

Android 4.0 10" SPJALDTÖLVA

AUKASENDING KOMIN!

Vinsæla 10" spjaldtölvun með Android 4.0 er lent.
Taska og heyrnartól fylgja. Takmarkað magn!

Spjaldtölvur eru skemmtilegasta leiktækið fyrir börn og unglina og frábær gjöf. Þær eru einfaldar í notkun og börnin geta nálgast þúsundir ókeypis leikja og skemmtilegra smáforrita, farið á netið, horft á bíómyndir, hlustað á tónlist, tekið ljósmyndir eða myndbönd og lesið rafbækur. Allt í einu tæki sem hægt er að taka með sér hvert sem er.

ÓTRÚLEGT
JÓLATILBOÐ

19.990

VAXTALAUST Í ALLT AÐ 12 MÁNUÐI

AÐEINS KR. 2.064 Á MÁNUÐI

3,5% lántökugjald og 340 kr.
mánaðarlegt færslugjald.

GILDIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

Stórlækkað verð

Spjaldtölvur hafa aldrei verið hagkvæmari kostur. Bæði vegna mikillar eftirspurnar og aukinnar framleiðslu auk þess sem við náum mikilli verðlækkun með magninnkaupum fyrir jólin. Sambærileg 10" spjaldtölva fyrir jólin í fyrra var á tvöfalt hærri verði.

Google Play

Aðgangur að þúsundum ókeypis og ódýrra smáforrita opnast með Google Play. Það er gæðastimpill að hafa aðgang að Google Play þar sem það gerir ríkar kröfur til vélbúnaðarins í spjaldtölvunni. Með Google Play stóreykst úrvalið af skemmtilegum leikjum og forritum.

Android 4.0 Ice Cream Sandwich

Nýleg uppfærsla Android stýrikerfisins frá Google. Hraðvirkari og skemmtilegri valmyndir.



5 PUNKTA
SNERTISKJÁR



The Sharper Image M18A

10" Sharper Image spjaldtölva með 1.2GHz Cortex A8 örgjörva og 8GB minni, 4GB innbyggð Flash minni og 4GB MicroSD minnskort fylgir. 16:9 snertiskjár með 1024x600 punkta upplausn og Capacitive multi-touch 5 punkta snertitækni. Android 4.0 Ice Cream Sandwich sem gefur aðgang að þúsundum ókeypis leikja og smáforrita. Myndavél að framan og aftan. Allt að 10 tíma rafhlöðuending. Vegleg taska og heyrnartól fylgja.

8GB minni stækkanlegt í 32GB

Kemur með 4GB innbyggðu Flash minni auk þess sem 4GB MicroSD minnskort fylgir. Hægt er að stækka minni í 32 GB með MicroSD minnskorti.

Capacitive skjátækni

Tækni sem tryggir að spjaldtölvun er næmari á snertingu og hraðvirkari. 1024x600 punkta upplausn. 16:9 skjáhlutföll.

Myndavél og löng rafhlöðuending

Myndavél til að taka ljósmyndir eða myndbönd bæði að framan og aftan. 2MP myndavél að framan. Allt að 10 tíma rafhlöðuending.

HDMI og mini USB2

Með HDMI er hægt að tengja spjaldtölvuna í bestu gæðum við sjónvarp eða hljómtæki.

Taska og heyrnartól fylgja

Vegleg taska fylgir með sem hlífir henni við hnjaski og gerir kleift að nota tölvuna í töskunni í mismunandi halla. Heyrnartól fylgja einnig.

2 ára traust ábyrgð

Sharper Image kemur frá traustum framleiðanda sem Tölvulistinn hefur áralanga góða reynslu af. 2 ára traust ábyrgð er af öllum tölvum hjá Tölvulistinum.

YFIR 30 GERÐIR AF SPJALDTÖLVUM



OPIÐ TIL KL 22
ALLA DAGA
TIL JÓLA

tl.is

**TÖLVU
LISTINN**
REYKJAVÍK

 SUÐURLANDSBRÁUT 26
Sími 414 1700

AKUREYRI

 GLERÁRGÖTU 30
Sími 414 1730

EGILSSTAÐIR

 KAUPVANGI 6
Sími 414 1735

KEFLAVÍK

 HAFNARGÖTU 90
Sími 414 1740

SELFOSS

 AUSTURVEGI 34
Sími 414 1745

HAFNARFJÖRÐUR

 REYKJAVÍKURVEGI 66
Sími 414 1750

KRÓNAN

JÓLA SÆLGÆTI

3986 kr. pk.
Mackintosh, 2 kg

598 kr. pk.
Celebration, 200 g

349 kr. pk.
Nóa Kropp m/appelsinubragði, 200 g

680 kr. pk.
Freyju hátíðarsælgæti, 425 g

1998 kr. pk.
Anton Berg konfekt, 400 g

548 kr. pk.
After Eight, 300 g

2686 kr. pk.
Nóa konfekt, 1 kg

2196 kr. pk.
Lindu konfekt, 1 kg

2198 kr. pk.
Cadbury Roses, 850 g

279 kr. pk.
Toblerone mjólkursúkkulaði, 100 g

598 kr. pk.
M&M súkkulaði, 3 teg.

GJAFAKORT

KRÓNAN

fæst á www.kronan.is

Ranghugmyndir um rjúpnaveiði

Rjúpnaveiðitímabili þessa árs er lokið og full ástæða til að fjalla um þá afleitu stöðu sem komin er upp varðandi rjúpnaveiðar eftir að umhverfisráðherra setti á nýja reglugerð fyrir tveimur árum. Við gerð hennar virðist algjörlega hafa gleymst að gera ráð fyrir og taka tillit til íslensks veður-fars, öryggis veiðimanna, veiðiálag og mikilvægis þeirrar upplifunar sem rjúpnaveiðar hafa fyrir veiðimenn. Lengst af mátti veiða rjúpu frá 15. október til 22. desember, eða 69 daga samtals, en eftir að rjúpnaveiði var bönnuð með öllu árin 2003 og 2004 hefur veiðidögum fækkað jafnt og þétt; 2006 voru þeir 26, 18 dagar árið 2010 og á þessu ári og síðasta voru veiðidagar einungis 9.

Allir eru sammála um nauðsyn þess, ekki síst veiðimenn, að búa svo í haginn að rjúpnaveiðar verði sjálfbærar í ókominni framtíð. En hlutverk umhverfisráðherra er ekki einungis að banna. Hann ber líka ábyrgð gagnvart þegnum landsins, sem eiga rétt á að njóta landsins og náttúrunnar á sem fjölbreytilegastan og ríku- legastan hátt, en það leyfir áður- nefnd reglugerð ekki.

Það er vitað að stór hluti rjúpu- unga drepst í fyrstu slagviðrum haustsins. Þeir fuglar sem ná að lifa fram á vetur eru því mikilvægir fyrir stofninn. Í stað þess að leyfa veiðar fyrr á haustin, og að hluti þeirra fugla sem deyja af náttúrulegum orsökum nýttist þar með á jólaborð landsmanna, virðist umhverfisráðuneytinu og Umhverfisstofnun mikilvægara að refur og minkur fái að ganga í það hlaðborð þó að vitad sé að þeir stofnar lifi góðu lífi.

RJÚPNAVEIÐAR



Dúi J. Landmark kvikmynd- gerðarmaður, leiðsögumaður, náttúruunnandi og veiðimaður

Fáir klukkutímar nýfast

Því miður virðast þeir sem sömdu umrædda reglugerð ekki heldur gera sér vel grein fyrir því að íslensk vetrarveður eru válynd, og á köflum beinlínis hættuleg. Tíðarfar í haust var þannig að örfáir dagar af þeim níu sem stýfðir voru úr hnefa nýttust til veiða. Á þessum árstíma nýfast einnig fáir klukkutímar af dagsbirtu þá daga sem gefur til veiða.

Reglugerðin skemmir því ekki einungis upplifun þeirra sem halda til veiða, heldur er beinlínis verið að gera veiðarnar hættulegri en nauðsyn ber til, og því fylgir þung ábyrgð. Íslensk náttúra og íslenskt veðurfar eru nógu varasöm án þess að verið sé að auka hættuna með naumt skömmtuðum reglugerðum.

Þegar svo fáir dagar eru til ráðstöfunar verður veiðiálag einnig mikið á þeim svæðum sem aðgengileg eru veiðimönnum hverju sinni. Svo mikið að margir þurfa frá að hverfa.

Núgildandi reglugerð minnkar ekki veiðiálag eins og henni var ætlað að gera. Hún takmarkar aðgengi að rjúpnaveiði, dregur stórlega úr ánægjunni við hana og gerir hana hættulega og erfiða. Hvað veldur?

Tröllasögur af magnveiði

Ekki ætla ég þeim sem að þessari reglugerð standa annað en að vera vel meinandi gagnvart þeim fimm til sex þúsund Íslendingum sem stunda rjúpnaveiðar. Hins vegar er ég ekki viss um að þau þekki rjúpnaveiðar af eigin raun. Frásagnir af rjúpnaveiði eru oft tröllasögur af magnveiði. En veruleikinn er annar. Hinn almenni rjúpnaveiðimaður hefur það eitt mark-

→ Núverandi reglugerð minnkar ekki veiðiálag eins og henni var ætlað að gera.

mið að veiða í jólamatinn fyrir fjölskylduna. Flestir þurfa 5-20 rjúpur til að uppfylla þær þarfir, meðalveiði á hvern veiðimann er oftast um 7 rjúpur samkvæmt skráningum. Vissulega eru enn til magnveiðimenn, en með breyttum viðhorfum hefur þeim farið ört fækkandi. Með sölubanninu sem var sett á fyrir nokkrum árum var blessunarlega tekið fyrir sölu á rjúpu og þar með fyrir magnveiðina að mestu, og var það góð ráðstöfun.

Það eru tröllasögurnar sem lifa og berast manna á milli. Hinir dagarnir gleymast, ekki er sagt frá þeim skiptum þegar labbað er daglangt í erfiðu færi og leiðinda- veðri, og afraктurinn er lítill sem enginn. Það þekja allir sem veitt hafa rjúpu að sjá fugla taka sig upp löngu áður en komið er í færi og renna sér yfir í næsta dal án þess að veiðimaðurinn eigi minnsta möguleika.

Hinn almenni veiðimaður leggur mikið á sig til að ná í sínar jóla- rjúpur, tíma, fjárútlát og mikla líkamlega áreynslu. Langflestir veiðimenn sýna líka bráðinni til- hlýðilega virðingu og veiða í hófi.

Það eru því tilmæli mín til Svandísar Svavarsdóttur umhverfisráðherra að endurskoða sem fyrst núgildandi reglugerð, og um leið sína afstöðu til veiði og veiðimanna. Hennar hlutverk er ekki að banna, loka og takmarka, heldur horfa á stóru myndina, hlusta á þá sem vilja fá að njóta gæða fallega landsins okkar og vilja að komandi kynslóðir geti þá líka.

Lengri útgáfu greinarinnar má sjá á visir.is.

Fjárfestingar á Íslandi

Fjöldi Íslendinga sem lengi hafa búið í útlöndum hefur keypt sér íbúðir á Íslandi á hag- stæðum kjörum eftir hrúnið. Þetta gerir fólk með íslenskum krónum sem það fær á enn lægra gengi en gengur og gerist hjá Seðlabankanum, sem með þessu trixi auðveldar erlenda fjárfestingu.

Ódýru krónurnar kaupir fólk fyrir peningum sem það fær einnig á óverð- tryggðum lánunum á lágum vöxtum í erlendum bönkum. Borðleggjandi hagnaður þar sem íbúðin borgar sig niður sjálf með leigu til annarra Íslendinga sem verða að skaffa sér þak yfir höfuðið á Íslandi hér og nú. Ég hef fylgst með úr fjarlægð og hugsað að ég væri sennilega dálítið fífl að gera þetta ekki. Þarna gæti ég fyrir- hafnarlítið skaffað mér íbúð fyrir áhyggjulaust ævikvöld á Íslandi.

Eymd landa minna

En ég hef líka spáð í að það sé óhuggulegt að vera að græða á eymd landa minna sem missa húsnæði sitt og ímynda mér líka að eftirspurnin (sem ég myndi þá stuðla að sjálf) eigi þátt í að halda uppi verðinu, sem er allt of hátt miðað við byggingarkostnað þar sem skynsamlega er staðið að verki. Hátt húsnæðisverðið stendur ungu fólki fyrir þrifum. Það getur ekki keypt sér neitt og hefur varla pening til að leigja.

Ég hef líka velt fyrir mér að erfitt sé að standa í viðhaldi á húsnæði fyrir eiganda sem býr í útlöndum. Varla væri gott að vera ábyrgur fyrir að íbúðarhúsnæði á Íslandi lægi undir skemmdum af viðhaldsleysi eftir nokkur ár?

Vangaveltur af þessu tagi hafa hindrað að ég hafi hafi haft mig út í svona viðskipti. En nú

FJÁRFESTINGAR



Arna Mathiesen arkitekt

er Seðlabankastjóri að hvetja mig til að slá til, því það hjálpi Íslandi!

Ef allir Íslendingar í útlöndum geta fengið eins mikla peninga í útlendum banka til fjárfestinga á Íslandi og ég, gæti svona lagað verið ákveðin leið til að fá inn erlent fjármagn án þess að eignir Íslands og Íslendinga safnist bara í hendur hrunvalda og erlendra

fjárfesta sem engar taugar bera til staðarins. En spurningin er hvort við viljum standa í þess háttar vafstri við hlið einhverra afla sem við vitum ekkert hvert beri Ísland.

Ef það er eins rakinn gróða- vegur að fara í svona fjárfestingu þegar maður á ekki einu sinni pening (bara vinnu í útlöndum sem auðveldar lántöku þar) má ímynda sér hve rakið þetta er fyrir fólk sem á fé á lausu og hefur að meginmarkmiði að ávaxta það. Umsvif þeirra sem braska með húsnæði innanlands hafa þó ekki þann „kostinn“ að gjaldeyris streymi inn í landið, aðeins fjárfestarnir hagnast.

Klárir á uppskriftinni

Nú veit ég ekki hvort útlendingar sjá fjárfestingarmöguleika í íslenskum húsnæðismarkaði líka, en hitt veit ég að útlendingar keyptu fjölmargar íbúðir í Austur-Evrópu rétt eftir fall járnaldsins, í gróðavon. Verðið var lágt (fyrir þá) og virtist bara geta hækkað. Þetta er hægt hér líka ef útlendingar eru klárir á uppskriftinni og hægt er að telja þeim trú um að húsnæðisverðið hækki eftir kaupin.

Ef húsnæðisverð væri lægra væri freistingin enn meiri til fjárfestinga í geiranum fyrir ein-

→ Frá sjónarmiði fjárfestis- ins vill hann aðeins fjárfesta þar sem gróðavænlegt er.

hverja eða alla þessa hópa, nema þetta væri hreinlega bannað.

Það er eins og það sé sama hvers konar fjárfestingu er verið að kalla eftir, bara hún sé erlend. Frá sjónarmiði fjárfestisins vill hann aðeins fjárfesta þar sem gróðavænlegt er. Ég fór fyrir forvitni sakir á fund í Noregi þar sem „lokka“ átti erlenda fjárfestingu til Íslands. Þarna voru norskir fjölmjólar. Þáverandi viðskiptaráðherra Íslands (Árni Páll) talaði um hvað allt væri á uppleið og hvað allt myndi vera gert til að létta ferlið fyrir erlenda fjárfestingu á Íslandi og bankastjóri Íslandsbanka, Birna Einarssdóttir, talaði um hvað bankinn væri fullur af peningum!

Við hlið hér sat glaðbeittur maður sem hugði að fjárfestingu á Íslandi fyrir hönd fyrirtækis síns sem framleiddi og seldi hjól. Ég sagði honum að það væri gott að fá fleiri hjól til Íslands og fólk væri svo blankt að margir væru farnir að leggja bílnum. Þjóst ég við að maðurinn yrði feginn og fyrirtæki hans myndi geta sinnt þjóðþrifaverki hjá íslenskri frændþjóð í vanda. Hið gagnstæða gerðist: Maðurinn missti allan áhuga. Hann vildi bara græða á fyrirtækinu og eftirspurn lítið efnadra Íslendinga hafði lítið gildi fyrir hann. Gott að losna við þessa blóðsugu hugsaði ég, en bið íslensk stjórnlönd forlár að hafa eyðilaggt „tækifærið“.

En því ættu Íslendingar að láta græða á sér þegar þeir hafa bara þörf fyrir að lifa mannsæmandi lífi?

Litthvað fyrir alla



Falleg saga í máli og myndum fyrir yngstu börnin




„Á yfirborðinu má segja að einfaldleikinn ráði ríkjum í bók Birgittu um Ólíver, en þegar betur er að gáð verður ljóst að bókin leynir svo sannarlega á sér. ... Hér er á ferðinni hrífandi bók sem er, líkt og söguhetjur hennar, alveg sérstök.“

SILJA BJÖRK HULDUDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ

Litrík og spennandi bók eftir einn vinsælasta barnabókahöfund Danmerkur

BÓKSALAVERÐLAUNIN - BESTA ÞÝDDA BARNABÓKIN



Grípandi unglingsaga



„Hér er sagt frá verstu afleiðingum eineltis og snúnum samskiptum fólks á unglingsaldri og hefur bókin fengið fjölda verðlauna frá ýms samtökum. En þrátt fyrir grafalvarlegt umfjöllunarefnið er þetta skemmtilega skrifuð bók og afbragðsvel þýdd.“

ANNA LILJA ÞÓRISDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ



Gjöf þings til þjóðar Lokasenna að Landsbankamáli

Þegar ríkisstjórn vinstri flokkanna eftirlét þjóðinni stjórnarskrána komst loks skriður á málið. Stjórnlaganefnd var skipuð og blásið til þjóðfundar. Afraksturinn varð svo veganesti stjórnlagaráðs sem fullgerði frumvarp að nýrri stjórnarskrá. Frumvarpið var afhent Alþingi síðsumars 2011 og sent stjórnlagaráði aftur til lokayfirferðar í mars 2012. Niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslu um frumvarpið lá svo fyrir þann 21. október sl. Hún var ótvíræð: Þjóðin þáði hina nýju stjórnarskrá með þökkum.

Valdastéttir

Og ekki að furða. Hún inniber þau lýðréttindi sem valdastéttir samfélagsins hafa kerfisbundið haldið frá þjóðinni. Stjórnmalaflokkar forðast valddreifingu eins og heitan eld og vilja að þjóðin dansi í kringum þá en ekki öfugt. Þess vegna er persónukjör þeim andstætt, upplýsing almennings og þjóðaratkvæðagreiðslur. Sömu leiðis vilja viðhlæjendur stjórnmalaflokkanna halda auðlindanýtingu fyrir sig eina og hafna þjóðareign og frjálsri samkeppni. Enda hafa slíkir lagt sig í líma við að gagnrýna hið lýðræðislega

NÝ STJÓRNARSKRÁ



Lyður Árnason framþjóðandi Dögunar

→ Stjórnarskrá málið er eina málið sem ríkisstjórnin getur úr þessu klárað með sóma. Ruglumbull er að láta sérfræðinga teftja för þess frekar.

ferli nýrrar stjórnarskrár, fundið því allt til foráttu og lagt steina í götu þess. Talað er um sátt sem ekki er til og allt gert til að drepa málinu á dreif. Málþóf stjórnarandstöðunnar fellur undir sama hatt. En þrátt fyrir þetta fyrirferðarmikla andóf er meðbyr úr einni átt. Frá þjóðinni sjálfri. Hún hefur ekki mikið álit á varnaðarorðum þingmanna og sérfræðinga enda ekki langt síðan hún sviðnaði undan sömu aðilum.

Stjórnarskrá málið er eina málið sem ríkisstjórnin getur úr þessu klárað með sóma. Ruglumbull er að láta sérfræðinga teftja för þess frekar. Minnumst þess að þingmeirihluti færði þjóðinni stjórnarskrárgjöfina, þjóðin tók við henni, kláraði og samþykkti afraksturinn. Þinginu ber því skylda til að standa við sinn hlut og samþykkja nýja stjórnarskrá öbreytta fyrir þinglok. Annað væri óhæfa.

Þótt langt sé um liðið síðan síðara Landsbankafarganið reið yfir, býsnaveturinn 1998, er það fyrst um þessar mundir að öll kurl þess eru komin til grafar, svo öruggt megi telja.

Rætur sínar á málið að rekja til þeirra stjórnarháttanna, sem þá voru við lýði á Íslandi undir forystu ríkisstjórnar Sjálfstæðis- og Framsóknarflokksins, í höndum mestu óhappamanna í íslenskri pólitík fyrir og síðar, Davíðs Oddssonar og Halldórs Ásgrímssonar – og er þá langt til jafnað. Ekki er enn bitað úr nálinni með þau afglöp, sem þá voru unnin og hæst bar í hinu ofboðslega hrúni sem varð á Íslandi 2008.

Orsakir þess hversu hrúnið varð orlagaríkt var hin gagngera ný-frjálslyggja stjórnvalda og birtist fyrst og fremst í einkavæðingu stofnana; einkum og sér í lagi bankanna. Bankarnir komust í eigu hlutafélaga og hluthafarnir tóku til við að stjórna þeim fyrir sig og sín fyrirtæki með svo hrapallegum hætti, og hlaut á skömmum tíma að leiða til gjaldþrots þeirra.

Hundruð milljarða króna voru lánuð sýndarfélögum án frambærilegra veða, sem síðan urðu fjármálastofnunum að fótakfli, þegar kreppan skall á.

Þessi upprifjun er aðeins gerð til að vekja athygli á að Landsbankamálið 1998 var ekkert annað en lítill angi af þeirri ráðabreytni stjórnvalda, sem kollsigldi fjármálakerfi þjóðarinnar.

Víti til varnaðar

Fjármálakreppa hefir löngum riðið íslenskum stjórnmalaflokkum á slig. Það var því ekki að undra þótt þáverandi ríkisstjórnarflokkar teldu sig koma hnífi sínum í feitt með því að ráðstafa vinum og vandamönnum ríkisbönkunnar, með vinnubrögðum sem ekki mega fyrnast, og verða til eftirbreytni.

Fyrir því m.a. eru þessar línur settar á blað ef þær kynnu að verða ráðamönnum víti til varnaðar.

Vegna hlutafjáræðingar ríkis-

VIÐSKIPTI



Sverrir Hermannsson fv. alþingismaður

bankanna, Búnaðarbanka og Landsbanka, var undirstöðuatriði af hálfu ríkisstjórnarflokka að til forystu í bönkunum veldust ráðþægir menn. Menn, sem gerðu sér fulla grein fyrir hvað til þeirra friðar heyrði. Menn, sem kynnu að þjóna ný-frjálslyggjunni til hins ítrasta í fullvissu þess að geta makið eigin krók í leiðinni.

Þeim í Valhöll var af biturri reynslu ljóst að Sverrir Hermannsson var ekki einn þeirra manna, sem þeir gætu treyst á til slíkra athafna. Hann hafði áður sýnt berlega hversu óráðþægur hann var, og það í máli, sem forsætisráðherrann bar sjálfur svo mjög fyrir brjósti.

Sú saga var upplýst fyrir margt löngu, enda þótt ekki væri af völdum þess, sem hér heldur á penna, þótt viðkomandi trúu uppspuna kollega í því sambandi. Nauðsyn ber samt til að hún verði rifjuð upp í sem stytztu máli, þótt hún í hina röndina sýni bezt hversu leiðitamar framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins var og auvirðileg senditík formanns flokksins.

Bankavöldin

Davíð Oddsson sendi nefnilega Kjartan Gunnarsson á fund bankastjóra Landsbankans, Sverris Hermannssonar, í þeim erindum að biðja bankastjórnann um að gera Styrmi ritstjóra Gunnarsson gjaldþrota og ræna hann með því mannorðinu. Allt var það af þeim rötum runnið að Davíð þótti ritstjórninni taka óþarflega mikið undir málstað Jóns Baldvins Hannibalssonar á síðum Morgunblaðsins. Frekar um þann málatilbúnað geta menn fræðst við lestur nafnlauss bréfs, sem Kjartan Gunnarsson reit Matthíasi Johannessen ritstjóra og birzt hefir á prenti.

Frá upphafi ráðagerða um einkavæðingu Landsbankans var það eindregið áhugamál framsóknarmanna að ná undirtökum í Landsbankanum, sem enn betur kom á daginn í átökum síðar um bankana tvo, Landsbanka og

→ Hundruð milljarða króna voru lánuð sýndarfélögum án frambærilegra veða ...

Búnaðarbanka. Mun einkum hafa ráðið för að Landsbankinn var miklu öflugri banki um gjörvalla landsbyggðina, þar sem Framsókn hafði frá upphafi hreiðrað um sig í skjóli ranglátrar kjördæmaskipunar og kosningalaga. Er sú ósvinna að vísu enn við lýði, þar sem þéttbýlisbúar í höfuðborginni og nágrenni hafa aðeins hálfan kosningarétt á borð við aðra íbúa landsins. Að ekki sé í þessu sambandi minnst á bankavöldin í þáverandi kjördæmi formanns Framsóknarflokksins.

Í Landsbankanum voru aðstæður þannig vaxnar að heilsu Björgvins Vilmundarsonar fór mjög hrakandi og óttuðust menn mjög að brátt liði að tveimur og einum fyrir honum. Enda fór Kjartan Gunnarsson að skæla þegar hann heimsótti Björgvin á sjúkrahæð í þeim klíðum. Er sagt að valnum verði þetta á fyrir kærleika sakir, þegar hann hefir etið sig að hjarta rjúpunnar.

Um Sverri Hermannsson gildi að Davíð formaður þurfti að hefna harma sinna á honum vegna Styrmissála. Formaður bankaráðs var þá Helgi Guðmundsson og varaformaður Kjartan Gunnarsson, sem vann öll þau óþrifaverk, sem Davíð formaður fól honum, og gekk þó nauðugur til verka á stundum. Bar það enda greinilega með sér, þegar hann kom með Styrmissáttökuna á sínum tíma. Aðrir nýir í bankaráðinu voru þeir Guðbjartur Hannesson og Jónas Hallgrímsson, sem hjálpuðu til við sölu VÍS-bréfa til Framsóknar.

Undir þessum kringumstæðum þótti klíkumönnum Framsóknar kostgæft að búast um rammlega í Landsbankamálum vegna fyrirhugaðrar einkavæðingar bankans. Og hefir í ýmsu fleiru sýnt sig að Framsókn var ekki alltaf mjög vönd að meðulum undir stjórn Halldórs Ásgrímssonar, né hann sjálfur án þess að erfð hans á Höfn í Hornafirði sé nefnd til hlutanna að sinni.

Bók með gömlu góðu jólalögumum



Vönduð 120 blaðsíðna barnabók með sögur af jólasveinum, Grýlu og Leppalúða. Efnid tengist gömlu góðu jólalögumum sem við syngjum öll saman á jólasemmtunum.

+ geisladiskur fylgir frítt með!



1. Jólasveinar ganga um gólf
2. Í skóginum stóð kofi einn
3. Adam átti syni sjó
4. Snæfínnur snjókarl
5. Skreytum hús
6. Það á að gefa börnum brauð
7. Jólasveinar einn og átta
8. Gefðu mér gott í skóinn
9. Jólin koma
10. Magga litla og jólin hennar
11. Aðfangadagskvöld
12. Jólin alls staðar
13. Gekk ég yfir sjó og land
14. Ég sá mömmu kyssa jólasvein
15. Nú skal segja
16. Snjóhorn falla
17. Hvit jól
18. Hátið í bæ
19. Það er eitthvað fast í strompnum
20. Bjart er yfir Betlehem

ÍSLENSKAR BARNABÆKUR



Nýja útgáfan af sögunni um Búkollu er nú loksins komin! Ævintýri sem á erindi inn á hvert heimili.



Þjóðlegt íslenskt ævintýri sem hjálpar börnum að sigrast á myrkfælni.



Að æfa sig í foreldrahlutverkinu

Hér í Brekkubæjarskóla á Akranesi höfum við undanfarin ár boðið nemendum í 10. bekk að taka þátt í forvarnarverkefninu „Hugsað um barn“. Verkefnið, sem er vinsælt hjá nemendum, felst í því að drengir og stúlkur fá ungbarnahermi með sér heim og fá reynslu af því að annast „ungbarn“ allan sólarhringinn í tvo daga. Þessi reynsla felur í sér tækifæri til að læra um umönnun ungbarna, gera mistök og leiðrétta þau án þess að það hafi áhrif á raunverulegt barn. Kennsluáferðin er sú sem hentar flestum, að læra með því að gera. Þátttaka drengja og stúlkna er nálægt því jöfn og er því um jákvætt jafnréttisverkefni að ræða.

Markmiðið með „Hugsað um barn“ raunveruleikanáminu er að gera einstaklinga meðvitaða um þá ábyrgð og álag sem fylgir því að annast ungbarn, en vitund um mikilvægi góðrar umönnunar ungbarna er alltaf að aukast.

Tveir nemar í hjúkrunarfræði við Háskólann á Akureyri, þær Hrafnhildur Eyþórsdóttir og Kristín B. Flygenring, fjölluðu um verkefnið „Hugsað um barn“ í lokaverkefni sínu til BSc-gráðu í hjúkrunarfræði. Tilgangurinn var að kanna reynslu unglunga og foreldra þeirra af verkefninu.

MENNTAMÁL



Lára Björk Gísladóttir skólahjúkrunarfræðingur

„Margar rannsóknir hafa sýnt fram á góðan árangur verkefnisins. Það virðist auðveldisla unglungum að gera sér raunhæfar hugmyndir um foreldrahlutverkið. Foreldrar voru almennt ánægðir með verkefnið, töldu það hafa góð áhrif á samskipti þeirra við unglunga og það opnaði fyrir umræður um kynferðismál.“

Í aukinni hættu

Einnig vekja þær athygli á því að börn unglunga eru í aukinni hættu á námserfðileikum og eins eru þau í meiri hættu á að verða fyrir líkamlegu og andlegu ofbeldi. Hjúkrunarfræði- og kennaranemar í HÍ og laganemar í HR hafa einnig notað verkefnið í námi sínu. Allir hóparnir mæla með verkefninu. Verkefnið hlaut fjórar tilnefningar til foreldraverðlauna Heimilis og skóla árið 2009. Rauði kross Íslands og Brekkubæjarskóli hlutu tilnefningu fyrir þátttöku í verkefninu. Einnig hlaut verkefnið tilnefningu árin 2005 og 2006.

Foreldrahelgarnar eru alltaf jafn skemmtilegar. Krakkarnir stofna oft til foreldrahópa þar sem þeir koma saman með börnin. Stelpurnar eru yfirleitt mun spenntari en strákar fyrir helgina, en útkoman er yfirleitt þannig að þeir eru mjög ánægðir að helginu

→ Unglingarnir kynnst því hvernig það er að vera „foreldri“ í stuttan tíma og ábyrgðinni og álaginu ...

lokinni. Ég varð vör við það þegar ég þurfti að fara að aðstoða einn strák með barnið sitt, sem honum fannst gráta fullmikið, að á heimili hans voru saman komnir nokkrir bekkjarfélagar. Þeir sátu saman inni í herbergi og voru að dást að barni hver annars.

Foreldrar njóta þess að sjá unglunginn í umönnunarhlutverki og það verða til tækifæri fyrir innihaldsrík samskipti. Reynsla unglingsins af því að þurfa að setja sjálfan sig til hlíðar ein stund fyrir „umönnunarhlutverkið“ og geta ekki eins greiðlega gert það sem honum kemur til hugar er eftirsóknarverð fyrir þroska og þróun unglingsins. Einnig er ómetanlegt að nota áhuga nemenda á mál-efninu í umræðu um mikilvægi heilbrigðis í bráð og lengd, þeim og börnum þeirra í framtíðinni til heilla.

Unglingar kynnst því hvernig það er að vera „foreldri“ í stuttan tíma og ábyrgðinni og álaginu sem því fylgir að fullnægja þörfum ungbarns og þeir fá fræðslu um kynheilbrigði út frá víðara sjónarhorni en hefur verið hingað til.

KRÓNAN



- fyrst og fremst ódýr!

FRÁBÆRT VERÐ



1189

kr. kg

Ísl. matvæli hamburgarhryggur með beini



2698

kr. kg

Fjalla úrbeinað hangilæri

JÓLAKJÖTIÐ á frábæru verði!



40% afsláttur

1199

kr. kg

Verð áður 1998 kr. kg
Esju Bayonneskinka



40% afsláttur

1199

kr. kg

Verð áður 1998 kr. kg
Esju Sænsk Jólaskinka



EXPO - www.expo.is
Öll verð eru bitt með fyrirvara um þennillur og/óða myndabreyngi

Krónan Árbæ Krónan Mosó Krónan Höfða Krónan Granda Krónan Akranesi Krónan Breiðholti Krónan Lindum Krónan Vestmannaeyjum Krónan Reyðarfirði Krónan Hvaleyrarbraut Krónan Reykjavíkurvegi Krónan Selfossi

+

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og við útför elsku móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langlangömmu,

HELGU GUÐRÚNAR KARLSDÓTTIR SCHIÖTH
(Deddu) frá Hrísey

sem lést 21. nóvember sl. Sérstakar þakkir til starfsfólks Eirar fyrir góða umönnun.

Rafn Halldór Gíslason
Gisli Hinrik Sigurðsson
Sigurjóna Sigurðardóttir
Ásta Sigurðardóttir Schiöth
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

Alda Hallgrímsdóttir
Jónína Sigríður Lárusdóttir
Halldór Ásgrímsson
Ellert Jón Þorgeirsson
barnabörn og barnabarnabarnabörn.




+

Elskulegur eiginmaður minn og faðir,

INGI GARÐAR SIGURÐSSON
fyrirum tilraunastjóri á Reykhólum,
Þykkvabæ 17, Reykjavík,

lést á Landakoti sunnudaginn 16. desember. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Kristrún Marinósdóttir
Hörður Ævarr Ingason



+

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

GARÐAR HALLDÓRSSON
Furugerði 7,

lést á Landspítalanum sunnudaginn 16. desember. Útförin fer fram frá Langholtskirkju föstudaginn 21. desember kl. 13.00.

Jón Kristinn Garðarsson
Þórunn Bjarney Garðarsdóttir
og barnabörn.

Inga Jónsdóttir
Berglind Sigurpórsdóttir



+

Ástkær eiginmaður minn og faðir okkar,

EUGENE R. MATICKO

lést á heimili sínu í Fairfax, Virginíu, þriðjudaginn 11. desember 2012.

Guðrún Ragnarsdóttir Maticco
Karen, María, John Ragnar og Rebecca
tengdasynir og barnabörn.



+

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu,

SELMU JÓHÖNNU SAMÚELSDÓTTUR
frá Steinstúni.

Starfsfólki Höfða á Akranesi eru færðar sérstakar þakkir fyrir góða umönnun.

Ágúst Gíslason
Gísli Ágústsson
Samúel Ágústsson
Guðlaugur Agnar Ágústsson
Ingibjörg Ágústsdóttir
Arnar Hallgrímur Ágústsson
og ömmubörn.

Jóhanna Kristín Teitsdóttir
Anna Berglind Einarisdóttir
Ragnheiður Edda Hafsteinsdóttir
Már Einarsson
Steinunn Ólöf Benediktsdóttir



+

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

BJARNI ÞORVALDSSON
vélstjóri, Hrísa-teig 32,

lést í faðmi fjölskyldu sinnar á Landspítalanum laugardaginn 15. desember. Útför hans fer fram frá Laugarneskirkju föstudaginn 28. desember kl. 13.

Sigurbjörg Ólafsdóttir
Ægir Kári Bjarnason
Þorvaldur Bjarnason
Órlygur Holt Bjarnason
Vignir Þór Bjarnason
Lóa Bjarnadóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Herdís Eyjólfssdóttir
Guðrún Karlsdóttir
Sigurbjörg Alfonsdóttir
Eva S. Kristmundsdóttir
Sascha Trajkovic




AGNES M. SIGURÐARDÓTTIR Hægt verður að fylgjast með ferðum biskups á nýjum vef biskupsembættisins.

Opna nýjan vef

Nýr vefur Biskupsstofu mun gefa betri innsýn inn í störf biskups. Samfélagsmiðlar verða einnig virkjaðir.

Nýr vefur biskups Íslands verður opnaður í dag klukkan níu á vefslóðinni biskup.is. Vefurinn verður opnaður að lokinni aðventustund starfsfólks Biskupsstofu þar sem lesið verður úr Biblíunni, sunginn jólasálmur og boðið upp á kaffi og smákökur.

Arni Svanur Daníelsson, fjölmiðlafulltrúi Biskupsstofu, segir kjarnann í vefnum verða upplýsingar um hvað drífi á daga Agnesar M. Sigurðardóttur biskups. „Dagskráin hjá henni er þétt, hún tekur þátt í margvíslegum samkomum og fundum og við ætlum

að segja fréttir af þessu og setja inn myndir úr kirkjustarfinu. Þar fyrir utan höfum við sett inn upplýsingar um hlutverk biskups og um Agnesi sjálfa,“ segir Arni Svanur og bætir við að frá og með deginum í dag verði samfélagsmiðlar einnig virkjaðir hjá biskupsembættinu.

„Við höfum verið með síðu á Facebook fyrir kirkjuna en nú bætist biskupsembættið við bæði á Facebook og Twitter. Embætti biskups er annarsamt og það er ánægjulegt að veita almenningi innsýn í starfið.“

MERKISATBURÐIR

- 1271** Júanveldið hefst formlega í Kína þegar Kúblaí Kan kýs stjórn sinni það nafn.
- 1534** Greifastríðið: Johan Rantzau gerir áhlaupið á Álaborg þar sem 2.000 manns láta lífið.
- 1836** Bærinn á Norðureyri við Súganda-fjörð brotnar í spón og farast sex manns í snjóflóði. Talið er að þessi bær hafi orðið fyrir fleiri snjóflóðum en nokkur annar á Íslandi.
- 1897** Leikfélag Reykjavíkur sýnir sína fyrstu leiksýningu. Félagið var stofnað fyrr þetta ár.
- 1939** Í bifreiðaskála Steindórs í Reykjavík fer fram fyrsti flutningur óratoríu á Íslandi og er það Sköpunin eftir Haydn.
- 1949** Laugarneskirkja í Reykjavík er vígð.
- 1973** Stjörnubíó brennur þegar eldur kemur upp skömmu eftir að sýningu lýkur. Bíóið brann á tveimur klukkustundum.
- 1979** Tvö flugslys verða með fjögurra klukkustunda millibili á Mosfellsheiði. Fyrst ferst einkaflugvél og svo björgunarbýrta og lentu þannig nokkrir í tveimur flugslysum sama daginn.
- 1982** Í Ríkisútvarpinu eru lesnar auglýsingar samfelld í sjö klukkustundir, sem er met.
- 1982** Kvikmyndin Með allt á hreinu eftir Studmenn í leikstjórn Ágústs Guðmundssonar er frumsýnd.
- 1998** Gos hefst í Grímsvötnum og er það í fyrsta skipti sem vísindamenn geta fylgst með eldgos undir stórum jökli.
- 2001** Samkeppniseftirlitið framkvæmir húslit hjá olúfélögunum fjórum, Kerí hf. (áður Olúfélagið hf.), Olúverzlun Íslands hf., Skeljungu hf. og Bensínorkunni ehf., sem leiðir að dómsmáli um samráð olúfélaganna.



+

Ástkær eiginmaður minn, faðir, bróðir og sonur,

ODDGEIR MÁR SVEINSSON

lést á líknardeild Bráta í Mjondalen í Noregi þann 15. desember síðastliðinn.

Sigrún S. Jónsdóttir
Eysteinn F. Oddgeirsson
Íris Anna Oddgeirsdóttir
Stefán Már Oddgeirsson
Albert og fjölskylda
Katrín og fjölskylda
Sveinn Oddgeirsson



+

Faðir okkar, tengdafaðir og afi,

HRÓÐMAR MARGEIRSSON
Ögmundarstöðum, Skagafirði,

andaðist á Heilbrigðisstofnuninni Sauðárkróki fimmtudaginn 13. desember. Útför hans verður gerð frá Sauðárkróskirkju föstudaginn 21. desember klukkan 14.00. Jarðsett verður að Reynistað.

Sigríður Hróðmarsdóttir
Jón Margeir Hróðmarsson
Hróðmar G. Eydal
Urður Jónsdóttir

Guðmundur Kr. Eydal
María Jónsdóttir
Ríkey G. Eydal
Hörn Jónsdóttir



+

Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

ÓLÖF ÞÓRANNA JÓHANNSDÓTTIR
ljósmóðir,
Ljósheimum 6, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir síðastliðinn föstudag.

Þórhildur Hinriksdóttir
Sigurjón Þórðarson
Ólöf Dís Þórðardóttir
Harpa Rún Þórðardóttir
Þóður Ingi, Ari, Björn Hinrik, Daníel Snær.

Þóður Sigurjónsson
Jóhanna Jakobsdóttir
Birgir Örn Björnsson
Romain Buchholtz



+

Okkar innlegustu þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langlangömmu,

ÁGÚSTU SIGURDÓRSDÓTTUR
húsmóður og bónda,
Götu, Hrunamannahreppi.

Katrín Stefánsdóttir
Sigríður Stefánsdóttir
Sigurdór Már Stefánsdóttir
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarn.

Anton Viggósson
Ragnar Óskarsson
Guðbjörg Friða Guðmundsdóttir



+

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

ÞURÍÐUR JÓNA ÁRNADÓTTIR
Mávahlíð 13, Reykjavík,

andaðist á Dvalarheimilinu Grund föstudaginn 14. desember. Útför hennar fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn 21. desember kl. 13.00.

Steinunn Ingólfssdóttir
Arni Kr. Einarsson
Gunnar M. Einarsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Gylfi Geirsson
Ómar Ellertsson
Ingibjörg S. Guðmundsdóttir



+

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

SNÆBJÖRN ÁSGEIRSSON
Lindarbraut 29 (Nýlenda),
Seltjarnarnesi,

lést á heimili sínu sunnudaginn 9. desember síðastliðinn. Jarðarför fer fram frá Fossvogskirkju í dag, 18. desember, kl. 15.00.

Bryndís Snæbjörnsdóttir
Jón Snæbjörnsson
Ásgeir Snæbjörnsson
barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.

Mark Wilson
Soffía Guðmundsdóttir
Guðný Hreinsdóttir



FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

HOLLAR HNETUR

Hnetur eru vinsælar um jól. Þær eru afar hollar og góðar en innihalda mikla fitu. Þar utan eru þær ríkar af E-vítamíni, fólati, járni, sinki, kalki, magnesíni og trefjum. Hnetur innihalda auk þess prótín sem gott er fyrir grænmetisætur að fá.



Blóðrásarörvun fyrir fætur

Opið kl. 9 - 18 • laugard. 11 - 16 • **sunnud. 13 - 17** • Stórhöfða 25 • eirberg.is



Ný sending. Pantanir óskast sóttar.

NÝTT



ÓÞÆGINDIN HURFU STRAX MEÐ MAXIM

AT HÚS KYNNIR Maxim Sensitive svitastoppari er byltingarkenndur valmöguleiki fyrir fólk með viðkvæma húð. Steinunn Hall fann strax mun eftir að hún skipti yfir í Maxim Sensitive.

Ég er ein af þeim sem mega aldrei sjá eitthvað nýtt auglýst í snyrtivörugæiranum, þá verð ég að prófa það," segir Steinunn Hall, stjórnendamarþjálfari og viðskiptafræðingur, en hún keyptir sér Maxim-svitastoppa fyrir nokkru eftir að hafa séð hann auglýstan í blöðum. Hluti af starfi Steinunnar er til dæmis fólgin í þjálfun hópa og að halda fyrirlestra fyrir framan hóp af fólki. Þess vegna vill Steinunn geta klætt sig í hvaða fót sem er án þess að þurfa að hafa áhyggjur af svitamyndun.

Steinunn fann þó fljótlega fyrir óþægindum við notkun svitastopparans og hafði samband við innflytjandann sem tók strax á vandamálinu. „Ég fann fyrir mikilli ertingu og óþægindum í húðinni undir höndum svo ég gat ekki sofið. Ég sá á netinu að þetta er þekkt vandamál og að til er eitthvað sem heitir Maxim Sensitive. Ég hafði samband við Söndru Lárusdóttur sem tók mér strax vel. Hún sendi mér samdægurs Maxim Sensitive og bað mig að láta sig vita hvernig það færi í mig," segir Steinunn og bætir við að óþægindin hafa horfið eins og skot.

„Nú finn ég ekki fyrir neinum óþægindum. Ég nota Maxim Sensitive þrisvar í viku fyrir svefn og get gengið í hvítri skyrtu eða síðerma þröngum bómullarbolum í hvaða lit sem er algjörlega áhyggjulaus og handarkríkinn er alltaf þurr. Svitastopparinn endist í 48 tíma og ég get farið í sturtu, sund eða í ræktina án þess að þurfa að bera á mig aftur. Svitastopparinn er eitthvað nýtt og sniðugt sem virkar í raun eins og auglýsingin sagði til um," segir Steinunn.

„Þessi valmöguleiki er bylting fyrir viðkvæma," segir Sandra Lárusdóttir hjá At húsi ehf og bendir á að Maxim Sensitive gæti til dæmis hentað yngra fólki. „Algengt er að unglingar sem eiga við vandamál að stríða með svitamyndun, eins og í handarkrika, í andliti, á höndum eða fótum, líði mjög fyrir þetta vandamál og þá er þessi möguleiki fyrir hendi."

„Maxim Sensitive inniheldur einungis 10,8 prósent af efni á álklóríði í stað 15 prósent og gæti hentað þeim hóp betur," segir Sandra. „Ég mæli ekki endilega með að börn noti svitastoppa en margir unglingar líða mjög fyrir þetta vandamál og þá er þessi möguleiki fyrir hendi."

Söluaðilar Maxim eru: Apótek Garðabæjar, Apótekið, Apótek Vesturlands,



Árbæjarapótek, Femin.is, Fjarðarkaup, Hagkaup, Laugar Spa, Lyfja, Lyfjaborg, Lyfjaval, Lyfjaver, Reykjavíkurapótek, Rimaapótek, Urðarapótek, Verði þinn vilji, World Class, Lyf og heilsa, Kostur, Heilsueyjan, Vestmannaeyjum og heilsaogutlit.is.

VIRKAR

„Það er æðislegt að prófa eitthvað sem virkar," segir Steinunn Hall um Maxim-svitastoppa.



Gjöfin hennar

- undirföt
- náttföt
- náttkjólar
- sloppar

Opið alla daga til jóla
Nýtt kortatímabil

Selena

Bláu húsin v/Faxafen
Sími 553 7355 • www.selena.is

LAGERSALA

Lagersala Ármúla 22 2. hæð
Fullt af frábærum jólagjöfum á frábæru verði
Fullt af nýjum vörum

Opið alla daga frá 10-17 nema miðvikudaga 10-19

Tiskufötin

ferðu hjá okkur

VÁ!
40%
jólaafsláttur af nýjum vörum

friendtex

Faxafen 10 • 108 Reykjavík • sími 568 2870
Opið mán.-fös. kl. 11.00-18.00, lau. 11.00-15.00 • www.friendtex.is • praxis.is • soo.dk

iittala

10% afsláttur af iittala

Flottar jólagjafir

Mikið úrval - Góð verð

TÉKK www.tk.is
KRISTALL

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

FRÁ HÖRMUNGUM TIL HEILSU

VARASÖM MYGLA Ragnar Sær Ragnarsson, eigandi Heilsuhótel Íslands, missti nánast heilsuna þegar hann bjó í húsi sýktu af myglusveppi. Þegar hann að lokum hrökklaðist út tók það hann um 6 mánuði að ná heilsu á ný.

„Það má segja að ég hafi farið til heljar og risið upp aftur,“ segir Ragnar. Honum var úthlutað íbúðarhúsnæði þar sem hann gegndi sveitarstjórástöðu um nokkurra ára skeið. Í námunda við húsið var hverasvæði og gekk reykurinn yfir húsið sem aftur orsakaði sífelldan raka.

„Við vissum það ekki þá en við það myndaðist sveppagróður í gluggum, þaki, sperrum og lofti. Slíkir myglusveppir gefa frá sér eitruð frjó sem eru mönnum ósýnileg en geta verið skaðleg.“

Fljótlega fór að sögn Ragnars að bera á neikvæðum áhrifum. „Stelpa mín varð hás og hætti að geta sungið í kór. Við létum hreinsa háls- og nefkirtlana úr stráknum og ég var orðinn verulega slappur. Ég upplíði þreytu, sljóleika, einbeitingarskort, liðverki og bólgur og voru einkennin ekki ósvipuð lýsingum á vefjagigt. Þegar verst lét þurfti ég að stoppa þrisvar og liðka mig á klukkutíma akstri til að hreinlega líða ekki út. Ég átti erfitt með svefn og vaknaði upp með blóðnasir. Ég leitaði læknis sem sendi mig heim með svefn- og geðlyf.“

Ragnar segir þau hjónin fljótt hafa farið að gruna að eitthvað væri í umhverfinu og fengu þau heilbrigðiseftirlitið til að kanna hvort áhrifa gætti frá nálægri rafstöð, en ekkert fannst. „Við gáfumst á endanum upp og fluttum út. Á sex mánuðum náði ég um það bil 80 prósent heilsu. Líkaminn þurfti að komast út úr aðstæðunum og það tók þennan tíma fyrir líffærin að skilja eitrið út. Ég hef svo verið að byggja mig upp síðan og er orðinn fær í flestan sjó í dag,“ segir Ragnar en hann rekur Heilsuhótel Íslands að Ásbrú í Reykjanesbæ og hefur gert það síðastliðin tvö ár.

„Ég hef setið fjölmörg heilsunámskeið, tileinkað mér hollt mataræði, hreyfingu og aga og hægt og bitandi náð að vinna mig út úr þessum óheilbrigðu aðstæðum.“

Ragnar segir það ekki hafa verið fyrr en um það leiti sem hann flutti út sem hann gerði sér grein fyrir því hvað hefði bjátað á. „Þá las ég viðtal



við Sylgu Dögg Sigurjónsdóttur, líffræðing hjá Húsi og heilsu, þar sem hún lýsti því hvaða áhrif myglusveppur gæti haft á heilsu fólks. Ég kallaði á konuna mína og sagði: „Þetta er það sem hefur verið að hrjá okkur.“ Húsið var í kjölfarið skoðað og tekið í gegn. „Ég hefði þó frekar viljað sjá það hverfa alveg,“ segir Ragnar. Nokkrum mánuðum síðar sá hann heimildarmynd í Sjónvarpinu sem fjallaði um ung börn á vöggustofu í Danmörku sem

öll höfðu veikt af völdum myglusvepps. Þar hafði orðið leki undir viðargólfjöllum sem börnin léku sér á. „Fólk þarf því að vera vakandi fyrir þessu, jafnvel þó um sé að ræða nýlegt húsnæði enda mörg nýleg dæmi um slægan frágang sem hefur valdið því að myglusveppur nær sér á strik. Eins þarf að vera vakandi fyrir vatnsleka og viðvarandi raka.“

■ vera@365.is

BJÓ Í SÝKTU HÚSI
Ragnar upplíði þreytu, sljóleika, einbeitingarskort, liðverki og bólgur og voru einkennin ekki ósvipuð lýsingum á vefjagigt. Hann hefur verið að vinna sig til heilsu frá því að hann flutti út.

MYND/VILHELM

VIÐVARANDI RAKI

„Við vissum það ekki þá en við þetta myndaðist sveppagróður í þaki, sperrum og lofti. Slíkir myglusveppir gefa frá sér eitruð frjó sem eru ósýnileg mönnum en geta verið skaðleg.“

DRAUMAGJÖFIN HENNA

| | | |
|---|--|---|
| <p>7 bursta sett með gæða fördunarbustum</p> | <p>Söluhæsta varan á NONAME.IS Augabrunatússinn mótar augabrunir vatnsheldur</p> | <p>120 lita augnskuggapalletta</p> |
| <p>78 lita augnskugga- og kinnalitapalletta</p> | <p>42 lita augnskugga- og kinnalitapalletta</p> | <p>Kinnalitabursta fylgir með kinnalitapallettum (á meðan birgðir endast)</p> |

ÍSLENSKT VÖRUMERKI NONAME.IS

NO NAME FÆST LÍKA Á EFTIRFARANDI STÖÐUM:
 ABACO - AKUREYRI; DEKURSTOFU DAGNÝJAR - ÍSAFIRÐI; SNYRTISTOFUNUM: MAKEOVER - HAFNARFIRÐI; LÍKAMA OG SÁL MOSFELLSBÆ; PANDORA - MJÓDD; TÁNNI - SAUÐÁRKROKI; TEXTURE MOSFELLSBÆ; HÁRSTOFUNNI ÝR - HÓLAGARÐI
 NONAME.IS - SALA@NONAME.IS - 662-3121 - 694-5275

Næstu námskeið við Heilsuhótel Íslands

Heilsunámskeið vorönn 2013

4. - 18. janúar
8. - 22. mars
3. - 17. maí

Betra er að panta tímanlega vegna aukinnar aðsóknar á vornámskeiðin. Flest stéttarfélög og fyrirtæki styrkja einstaklinga á námskeiðin. Munum að bætt heilsa, aukið þrek og orka er uppskrift að hamingjusamara lífi.

www.heilsuhotel.is **Sími 512 8040**

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Við þökkum þér fyrir þessa gætu og hafa áhrif á lífni barna þínnar.

FÓLK ER KYNNINGARBLAD sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal | Hönnun: Silja Ástþórsdóttir
 Sölu menn: Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is, s. 512 5473 | Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432 | Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is, s. 512-5427

FÓTBOLTA VEISLA YFIR HÁTÍÐIRNAR

ÞAÐ ER FULLT AF FRÍDÖGUM ÞESSI JÓL



FÁÐU ÞÉR
ÁSKRIFT
Í SÍMA 512 5100
EDA Á STOD2.IS

FJÓRAR UMFERÐIR UM JÓLIN
Í LEIFTRANDI HÁSKERPU

SORE NO MORE - Verkjagel

- Kalt fyrir íþróttadag og nýja verki
- Heitt fyrir króníska verki

NUTRILENK GOLD
Gull fyrir liðina

Hreint Omega3, gott fyrir hjarta, heila og liði

NORÐURKRILL

Heilsusamlegar jólagjafir banda þeim sem allt eiga
Frekari upplýsingar á www.gengurvel.is

Fáanlegt í apótekum, heilsubúðum og heilsuhúllum stórmarkaðanna

PRENTUN.IS

LIONSKONUR GÁFU 94 BARNABÆKUR

HINN RÉTTI JÓLAANDI Meðlimir Lionsklúbbsins ÚA í Mosfellsbæ héldu upp á fimm ára afmæli klúbbsins þann 10. desember og létu gott af sér leiða.

Það er jóla- og afmælisandi í klúbbum þar sem eru 27 konur. Þær ákváðu að gefa Krikaskóla barnabækur nú fyrir jólin í tilefni þeirra tímamóta. Krikaskóli í Mosfellsbæ var stofnaður árið 2008 en hann er samþættur leik- og grunnskóli fyrir börn frá tveggja til níu ára. Lionskonurnar söfnuðu 94 barnabókum sem þær afhentu skólanum fyrir helgi. Að sögn Ásu Jónsdóttur Lionskonu var bæði um að ræða nýjar bækur og eldri. „Allar notaðar bækur voru vel með farnar og geta því nýst skólanum vel. Aðrar bækur voru keyptar nýjar,“ segir Ása sem segir að vel hafi gengið að safna bókunum hjá fjölskyldum klúbbskvenna. „Þetta voru bæði þýddar bækur og eftir íslenska höfunda. Það var afar ánægjulegt að gefa skólanum þessar bækur,“ segir Ása enn fremur.

Nemendur skólans tóku vel á móti Lionskonum þegar þær komu færandi hendi og sungu fyrir þær nokkur lög. Krikaskóli er sérstakur að því leyti að þar geta börnin byrjað á leikskólastigi og haldið áfram upp í grunnskóla. Í skólanum eru 180 börn en hann flutti í nýtt húsnæði í Sunnukrika í mars 2010.



Í JÓLASKAPI
Krakkarnir í Krikaskóla í Mosfellsbæ tóku á móti bókagjöf með söng.



GÓÐAR BÆKUR
Það voru margar finar barnabækur sem komu upp úr kössunum. Hér tekur Guðlaug Jónsdóttir á móti bókum frá Lionskonunum Svöfu Harðardóttur, Dagnýju Finnsdóttur, Önnu Maríu Einarsdóttur og Kristínu Davíðsdóttur.

MELTINGARÓNOT ALGENG UM JÓL

GENGUR VEL KYNNIR PRÓGASTRÓ DDS PLÚS 3 getur fyrirbyggt ónot þegar álag er mikið á meltinguna.

Fjölmargir þjást þessa dagana af þreytu, uppþembu, vindgangi og krampa eftir máltíðir svo eitthvað sé nefnt og er því mjög gott og fyrirbyggjandi að taka inn vinveitta gerla til að hjálpa blessaðri meltingunni sem svo sannarlega þarf að streða við ýmislegt „jólagoðgæti“ sem freistandi er að fá sér á hátíðis- og tyllidögum.

PRÓGASTRÓ DDS plús3 eru öflugir próbíótískir gerlar sem hafa svo sannarlega hjálpað fólki með margs konar meltingar-ópægindi. Prógastró DDS plús3 inniheldur hinn öfluga DDS1-asi-dófilus sem er sýruþolinn og hefur þann hæfileika að lifa af ferðalagið í gegnum súran magann. Hann endar í smáþörmunum, þar sem hans er þörf, og margfaldar sig þar.

ÞREYTA OG UPPÞEMBA Á AÐFANGADAGSKVÖLD?
Fjölmargir kannast við þyngsl í maga og ónot eftir þunga og mikla máltíð. Til að forðast þetta er upplagt að taka inn 2-3 hylki af PRÓGASTRÓ DDS plús 3 fyrir stórar máltíðir með einu glasi af vatni. Fjölmargir viðskiptavinir hafa tjáð ánægju sína með PRÓGASTRÓ, meðal annars maður á miðjum aldri sem sagði: „Eftir að ég fór að taka

PRÓGASTRÓ fyrir reyktu kjötmáltíðina á aðfangadagskvöld losnaði ég við þreytu sem fylgdi svo þungri máltíð. Ég var þaninn og bólginn en get nú betur notið matar og návistar ástvina á þessu helga kvöldi.“

FYRIRBYGGJANDI

Flest okkar þurfa góðgerla (próbíótíska gerla), sérstaklega eftir fimmtugt. Hentugast er að taka inn PRÓGASTRÓ DDS plús 3 á morgnana á fastandi maga með einu glasi af volgu vatni. Skortur á próbíótískum gerlum getur lýst sér meðal annars í uppþembu, niðurgangi, harðlífi, krampa í meltingu, vindgangi, bakflæði og nábit. PRÓGASTRÓ DDS plús 3 er öflug náttúruleg leið til að styrkja og létta á meltingunni. Hægt er að fá frekari upplýsingar á www.gengurvel.is

PRÓGASTRÓ DDS plús 3 fæst í apótekum, heilsuhúllum stórmarkaðanna.



BETRI JÓL
PRÓGASTRÓ DDS plús 3 sannkölluð himnasending fyrir meltinguna. 100 hylki í glasi og æskilegt að geyma í kæli eftir opnun.

Gleðileg meltingarjól,
kveðja
PRÓGASTRÓ




EKKERT GLYS OG GLINGUR Auður Árnadóttir blómaskreytingameistari sneri sér að náttúrulegum eignum í jólaskreytingar fyrir fjórum árum og vill helst ekki taka jóla-skrautið niður. Sumt fær að standa allt árið.




GLÆSILEG BORDSKREYTING Greinar, kanilstangir og falleg hjörtu úr silfurkambi í glæsilegri kertaskreytingu á jólaborði Auðar.



NÁTTÚRAN HÁTÍÐLEG „Fólk heldur kannski að það sé ekki nógu jólalegt að vera með náttúruna svona inni í stofu en það er ótrúlega hátíðlegt.“ Auður er með lifandi jólatré og leggur undir það feld. Skrautið býr hún til sjálf og sækir sér efnivið út í móa.



HLÝLEGHEIT Litlir pakkar úr dagblaðapappír, skreyttir með greni og könglum.



NÁTTÚRULEGAR JÓLAKÚLUR Kúlurnar býr Auður til úr mosa, skófum og silfurkambi. Þær geta hangið uppi allt árið en fyrir jólin laumar Auður örlitlu af glimmer á kúlurnar.

JÓLAKÚLUR ÚR MOSA

NÁTTÚRULEGT JÓLASKRAUT Auður Árnadóttir blómaskreytingameistari vill helst ekki taka jóla-skrautið niður eftir jólin og sumt fær að hanga allt árið.

Glys og glingur hefur nánast dottið út hjá mér og nú skreyti ég bara með náttúrulegu efni heima hjá mér um jólin,“ segir Auður Árnadóttir blómaskreytingameistari. Síðustu fjögur árin hefur hún leitað út í náttúruna eftir hráefni í skreytingar. Nú fær „jólaskrautið“ jafnvel að hanga allt árið. „Yfirleitt var ég orðin þreytt á jóla-skrautinu eftir hátíðisdagana en nú get ég eiginlega ekki hugsað mér að taka jólin niður. Þetta er svo notalegt. Fólk heldur kannski að það sé ekki nógu jólalegt að vera með náttúruna svona inni í stofu, en það er ótrúlega hátíðlegt.“

Auður býr meðal annars til engla úr ull, kransa

úr greinum og greni og litlar kúlur úr mosa, skófum og silfurkambi. Hún laumast þó til að setja smá glimmer á mosakúlurnar til að gera þær jólalegri en þær glimmerlausu lætur hún hanga allt árið.

„Við þurfum að njóta náttúrunnar miklu betur. Ég er svo heppin að ég bý með hraunið allt í kringum mig hér í Garðabænum og hef lært að meta það,“ segir Auður en auk skreytinganna býr hún einnig til myndir úr náttúrulegum eignum. Þá hefur Auður, ásamt Ástu Bárðardóttur, sett upp Jólstofu að Kirkjulundi 19 við Vífilsstaði í Garðabæ, þar sem hægt er að nálgast skreytingar eftir hana. Þá er hún einnig á Facebook sem Auður í náttúru Íslands.



SILFURKAMBUR Á VÍR Einfalt og fallegt skraut sem setur mikinn svip á jólaborðið.



FLOTT JÓLAGJÖF!

MIKIÐ ÚRVAL AF EASTPAK BAKPÖKUM, FERÐATÖSKUM OG TÖLVUTÖSKUM.



PADDED PAK'R TTR
- EINS OG FIÐUR!
HÆGT AÐ PAKKA SAMAN Í FRAMANÁVASA
KR. 10.990



IPAD TALOR NEOPHRENE FÓÐUR
GRÁ OG SVÖRT
KR. 5.990



BRAINBOX FLORID
- FLOTT Í SKÓLANN!
TEKUR ALLT AÐ 17" TÖLVU
KR. 13.990



CAIN - ER SKIPULÖGÐ!
SVÖRT
KR. 34.990



AVIATOR FERÐATASKA
- FYRIR AUKA FARANGURINN!
LÉTT OG HÆGT AÐ PAKKA SAMAN.
KR. 12.990



EASTPAK PADDED PAK'R TÖSKUR MEÐ HÚMOR!
24 LÍTRA - 400 GR.
SUSHI OG MARSHMALLOW, SVÖRT, CAMO, LEÐUR O.F.L.
KR. 10.990



TRANSFER M
HELDUR UTAN UM HLUTINA
SVÖRT
KR. 26.990



TRANSFER S - FINNST STRAX Á FÆRIBANDINU!
CAMO - SVÖRT
KR. 24.990



HICKS 55 - FERÐAST LÉTT
ASH BLEND
KR. 33.990



CONTAINER - GLEYPÍR ALLT!
CAMO - SVÖRT
KR. 26.990

30 ÁRA ÁBYRGÐ!



SPORTIS

MÖRKIN 6 | 108 REYKJAVÍK | S: 520-1000 | SPORTIS.IS

**DRAUMAGJÖFIN
HENNAR FÆST Á
NONAME.IS**

Opið í Hlíðasmára 8, Kópavogi
ALLA FIMMTUDAGA FRÁ 11 - 18



Flottir kjólar

Kjól á 11.900 kr.
Hálsmen á 1.990 kr.

Við erum á Facebook

black pepper
FASHION

Opið mán.-miðv. kl. 11-18
Opið fimmt.-föst. kl. 10-19
Opið laugardaga kl. 12-20

Laugavegi 178 • Sími 555 1516

KUNG FU

FYRIR ALLA

Í samstarfi við Kína
-Capital Institute of
Physical Education

WU SHU ART
TAI CHI



FRÍTT Í KUNG FU
TIL ÁRAMÓTA

DREKINN
WUSHU FÉLAG REYKJAVÍKUR
Skeifunni 3j · Sími 553 8282
www.heilsudrekinn.is



JÓLIN KOMIN

Mörgum íbúum Reykjanesbæjar finnst jólaundirbúningurinn ekki byrja fyrr en ljósin eru kveikt á Týsvöllum 1. MYND/ÚR EINKASAFNI

**KVEIKIR STUNDUM
EINUM DEGI FYRR**

LJÓSAHÚS Húsið að Týsvöllum 1 í Reykjanesbæ var byggt sérstaklega með jólaskreytingar í huga. Í ár tók fjóra daga að setja ljósin upp.

Íbúar Reykjanesbæjar hafa lengi verið þekktir fyrir að skreyta heimili sín mikið fyrir jólin, bæði að utan sem innan. Einn þeirra sem gáfu tóninn fyrir mörgum árum er Grétar Ólason. Hann byggði fallgett einbýlishús sitt fyrir rúmlega sextán árum sérstaklega með það í huga að hægt yrði að skreyta það mikið. „Þetta eru sextándu jólin sem við höldum á þessu heimili. Ég byggði húsið okkar sérstaklega með það í huga að hægt yrði að skreyta það vel. Ég var að gera rafvirkjana vitlausa, þeim fannst allar þessar tengingar í húsinu vera fullmikið bruðl og vitleysa. En húsið var byggt með þetta í huga frá upphafi.“

var fyrir sextán árum þegar ég byrjaði á þessu einn. Við vorum fjóra daga að vinna verkið í ár, frá klukkan 8 um morguninn til 22 um kvöldið. Reyndar er ég aðeins farinn að kvíða þessu þegar jólin nálgast. Ég get samt ekki hætt við, mér finnst ég vera að svíkja fólk ef ég tengi ekki ljósin á hverju ári. Við eigum líka fjögur barnabörn, sem auðvitað hvetur mann líka áfram því þau vilja auðvitað sjá ljósin hver jól.“

VERÐLAUNAD HÚS

Fjölskyldan hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir jólaskreytingar sínar, en húsið var meðal annars valið Ljósahús Reykjanesbæjar árin 2009 og 2011. Samtals hafa þau hlotið þrettán verðlaunaskildi, þar á meðal frumkvöðlaverðlaun frá bæjaryfirvöldum. Stöðugur straumur fólks er að húsínu í desember og það eru ekki bara bæjarbúar sem koma að skoða húsið. „Hingað koma rútur með erlendum ferðamönnum sem taka á sig krók inn í bæinn til að skoða húsið og raunar fleiri hús því það eru mörg vel skreytt hús í Reykjanesbæ. Hingað koma líka rútur með eldri borgurum af höfuðborgarsvæðinu og bara alls konar fólk. Það er því oft mikil bílaumferð hér kringum miðnætti. Nágrannarnir hafa þó tekið vel í þetta uppátæki mitt og hafa held ég bara gaman af þessu öllu saman.“



JÓLALJÓSAVEINN
Grétar Ólason byggði hús sérstaklega fyrir jólaskreytingar.
MYND/ÚR EINKASAFNI

MIKIL VINNA

Mörgum bæjarbúum finnst jólaundirbúningurinn ekki byrja fyrir alvöru fyrr en Grétar og fjölskylda eru búnin að skreyta húsið sitt. „Ég kveiki alltaf á ljósunum fyrsta sunnudag í aðventu. Reyndar stelst ég stundum til að gera það degi fyrr ef veðrið er gott. Þá kveiki ég seinni part dags á laugardegi þegar farið er að rökkva. Síðan slekk ég á öllum saman á miðnætti 6. janúar ár hvert.“ Áður fyrr eyddi Grétar einni viku í að festa upp ljósin en í ár tók hann fjóra daga í verkið með hjálp sonar síns og tengdasonar. „Það er auðvitað mikil vinna að standa í þessu einn og ég er eldri núna en ég

Mjúka jólagjöfin



Sendum frítt
www.lindesign.is



Baðsloppar á hátíðarverði
Núna 8.784 kr, áður 10.980 kr



Mjúka bókabandið á tilboði
Núna 490 kr, áður 790 kr



30% afsláttur af öllum jólavörum

Lin
DESIGN

BÍLAR & FARARTÆKI



100% LÁN MÖGULEGT.
BMW 3 TOURING. Árgæð 2000, ekinn 215.þ km, bensín, sjálfskiptur, er á staðnum. Verð 980.000. Rnr.350196. Sími:562-1717.



MAN L36 10.224 llc. Árg. 2001, ek. 223.þ km, dísel, 8 girar. Verð 5.980.000.- með vsk, sturtupallur á 3 vegu og krani, bíll með toppþjónustubók, nýlegur mótör, er á staðnum. Rnr.320482. Sími:562 1717.

Bílalíf
Klettháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opið virka daga 10-18
www.bilalif.is



KIA Ceed eco-dynamics. Árgæð 2011, ekinn 30 PKM, bensín, 5 girar. Verð 2.850.000. Rnr.140355.




AUDI Q7 quattro. Árgæð 2006, ekinn 101 PKM, bensín, sjálfskiptur. Verð 5.590.000. Rnr.100303. TILBOÐSVERÐ kr: 4.890.000,-

ASKJA notaðir bílar
Klettháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is



Toyota Prius Sol Árgæð 2012 NÝR bíll. Ssk, a/c, cruise, 5 ára ábyrgð, bakkmýndvél, 15" álfelgur o.m.fl.. Hvítur í boði. Verð aðeins 4.790þ.kr. Kostar í umboði 5.600þ.kr.

Stóra bílasalan
Klettháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
Myndeftirlit á plani
http://www.stora.is



PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Billauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.billauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppbod - Krókur
Sími: 522 4610
www.billauppbod.is

BÍLALIND .IS



JÓLALEIKUR BÍLALINDAR OG HÖFÐAHALLARINNAR
Komdu og taktu þátt í jólaeik Bilalindar og Höfðahallarinnar 2012. Vinningar: 1. Gjafabréf á LA LUNA Pizzeria f. tvo + Nóa konfektkassi 2. Gjafabréf á LA LUNA Pizzeria f. tvo 3. Alþríf fyrir jólin í LÚXUSBÓN 4.-10. Prufutúr á jólabílnum Allir vinningshafar geta fengið bílinn keyptan á sértilboði eftir jólin!

Bílalind
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 5808900
Hlökkum til að sjá þig :)
www.bilalind.is



KIA Sorento ex 140hó. Árgæð 2006, ekinn 146 PKM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.390.000. Rnr.140155.

ASKJA notaðir bílar
Klettháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is



EINN MEÐ ÖLLU
FORD Expedition Limited 4x4. Árg. 2008, ek. 88 PKM Hlaðinn búnaði Verð 4.990.000. Rnr.135297.



DISEL V10 MEÐ ÖLLU
VW Touareg V10 Diesel. Árg. 2006, ek. 135 PKM, Dísel, sjálfskiptur ofi of Jólaverð 3.990.000. Rnr.146320.



FLOTT EINTAK
AUDI A4 Sedan 1,8T S-line. Árg. 2008, ek. 78 PKM, bensín, sjálfskiptur, leður, topli. Ofi of Verð 3.390.000. Rnr.146350



100% LÁN Í BOÐI
MMC Pajero Sport GLS Turbo Diesel Árg. 2007, ek. 189 PKM, Dísel, 5 girar. Verð 1.990.000. Rnr.192852.

Bíll.is
Sími: 577 3777
www.bill.is

LITLA bílasalan



M.BENZ Sprinter 316 cdi 4x2. Árgæð 2006, ekinn 195 PKM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.190.000. Rnr.147890.



KIA Carens dísel 7 manna. Árgæð 2008, ekinn 118 PKM, dísel, sjálfskiptur. Verð 1.590.000. Rnr.132312.



IVECO Daily 35s18 a v. Árgæð 2007, ekinn 55 PKM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.850.000 + Vsk Rnr.176426.



LAND ROVER Discovery 3 se. Árgæð 2005, ekinn 140 PKM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.800.000 stgr. ásett 4490 þús. ath skipiti. Rnr.110743.




HYUNDAI I 30. Árgæð 2007, ekinn 62 PKM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.690.000 stgr allt að 80% lán Rnr.147606.



CHRYSLER Sebring lx. Árgæð 2005, ekinn 78 PKM, bensín, sjálfskiptur. Verð 990.000. tilboð 750 þús stgr. Rnr.175637.

Litla bílasalan
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 587 7777
www.litla.is



JÓLALEIKUR HÖFÐAHALLARINNAR OG BÍLALINDAR
Komdu og taktu þátt í jólaeik Höfðahallarinnar og Bílalindar 2012. Vinningar: 1. Gjafabréf á LA LUNA Pizzeria f. tvo + Nóa konfektkassi 2. Gjafabréf á LA LUNA Pizzeria f. tvo 3. Alþríf fyrir jólin í LÚXUSBÓN 4.-10. Prufutúr á jólabílnum Allir vinningshafar geta fengið bílinn keyptan á sértilboði eftir jólin!

Höfðahöllin
Funahöfða 1, 110 Rvk.
Sími: 567 4840
www.hofdahollin.is



VILTU KAUPA EÐA SELJA!! Komdu til okkar, sendu okkur mail á 100bilar@100bilar.is eða hringdu í síma 5179999, Skráðu bílinn frítt hjá okkur. Kíktu á www.100bilar.is

100 bílar ehf
Pverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 12-16.
www.100bilar.is

Bílar til sölu



Toyota Hiace. Árg. 2005, ekinn 101 þ.km, bensín. Einn eigandi, krókur, álfelgur, tímakaðja, ný frammdökk. Verð 1.350.000.- Uppl. s. 691-6208.



KIA SORENTO
KIA SORENTO Luxury Diesel. Skr. 9/2003. Frábær og fallegur. Ssk. í góðu lagi með krók. Nýleg heilsársdekk. Ek. 121 þús. km. V. 1.9 M. S. 616 6364.



DIESEL TERRANO - TILBOÐ 265PÚS
Nissan Terrano árg. ,97 Diesel sjálfssk. 7 manna, sk. ,13 ek. 230þús. krókur, góð heilsársdekk. Verð 265 þús. Uppl. í s. 891 9847.



Reno Megane árg. ,99 Ek. 175 þús. Verð 300 þús. Tilboð 185 þús. Uppl. í síma 896 9819.

Toyota Carina E árg.,96, þarfnast viðgerðar, selst ódyrt. Hafid samband í S: 849 4337

0-250 þús.



GÓÐUR BÍLL 100% VISA/EURO
Nissan Almera árg. ,97 ekinn 214 þ. km 5 girar 5 dyra CD skoðaður 2013 ný vetrardekk verð aðeins 199.000- möguleiki á 100% VISA/EURO raðgreiðslum uppl. í síma 861-7600.



EKINN AÐEINS 128PÚS - ÓDYR!
Hyundai Accent árg. ,00, ek. aðeins 128þús, bs, sko, nýleg vetrardekk, 5d, sér aðeins á útliti, annars í lagi, ásett verð 380þús, Tilboðsverð aðeins 220þús stgr, möguleiki á 100% visa/euro láni, uppl. í s:659-9696.

250-499 þús.



5-6LTR/100 KM
HYUNDAI ACCENT 2001 ek. aðeins 110 þús., sko ,13, heilsársdekk, 3d, bs, eyðir mjög litlu 5-6 ltr/100 km. lýtur mjög vel út, ásett verð 320 þús! visa/euro s.841 8955.



TILBOÐ 390 PÚS!
MITSUBISHI GALANT 3.0 V6 196 hö, árg'99 ek.148 þús km. ssk, heilsársdekk, sk 13, nýleg tímareim ofl. lýtur vel út, ásett verð 620 þús fæst á tilboðsverði 390 þús! s.841 8955



!!! DÍSEL TILBOÐ 399P
Nissan Double Cab 4x4 10/99" bsk dísel turbo intercooler ek. 240þ. 33" breyttur á nýjum neglum dekkjum sumar dekk á felgum, sko 13". Parf að bletta. Verð 590þ TILBOÐ 399þ. stgr. S. 777-3077.



SJÁLFSKIPTUR - TILBOÐ 450 PÚS!
Skoda Octavia árg. ,03, ekinn 182þús. km, Ssk, sko, nýleg vetrardekk, samlæsingar, mjög rúmgóður og þæginn bíll, ásett verð 720þús, Tilboðsverð aðeins 450þús stgr, möguleiki á 100% visa/euro láni. Uppl. í s:659-9696.



VW Golf ,01. Ek. 207 þ.km. Ný uppgerður, beinskíptur. Sk. ,13. Verð 450þús. s: 6915395

Cherokee ,95 2,5l. bsk. ek. 240þ. sk. ,13. Gott viðhald, Verð 290þús. s. 896 5430.

500-999 þús.



BULL VERÐ!!!!
Peugeot 407 S/D 1,8 bensín árgæð 2004, 5 girar ekinn 144 þ km ný nagladekk góður bíll verð 1.190.000- TILBOÐ NU 699.000- mikið endurnýjaður uppl. í síma 861-7600. Möguleiki á VISA/EURO Rað.

Bílar óskast

0-250 STAÐGREITT
Vantar bíl á verðinu 0-250. Skoða allt. Jeppa, fólkabíl. Má þarfnast lagfæringar. Sími 857 9326.

!!! 0-250PÚS STAÐGREITT !!!
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn ,98, skoða allt. Hringdu í síma 659 9696.

Hjólbarðar



FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ TIL JÓLA
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.



Ódyr sendibílaþjónusta. Heimsendingar og fyrirtækjaþjónusta. www.keyrsla.is S:820-3880

Varahlutir



Bilhlutir
Kaplahauni 14 • 220 Hafnarfjörður
Sími: 555 4940 • www.bilhlutir.is
Sérhæfum okkur í VW - SKODA varahlutum
Kaupum nýlega bíla til niðurrifs

Varahlutir í vinnuvélar
S: 517-8240
Súðarvogi 20
www.eyjaland.is

VARAHLUTAVAKTIN

SÍMI 555 6666
Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renault, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 12-16.

Varahlutir í VW Golf, Polo, Yaris, Skoda Oktavia árg. ,03, Honda Civic og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Varahlutir í Lancer 1,6 station ,97 1300 árg.'00. MMC Carisma ,98, Kia Rio ,01, primera ,98, Baleno Wagon ,97, MMC Space Wagon ,97, Kia Sephia ,99, Yaris ,00, Corolla ,94 ,98, Escord ,98, Accent ,95 & ,97 & ,98, ,99, Impreza ,97 & ,99, Legacy ,98, Almera ,98, Carina ,97, Venito ,97, Lanos ,99, Elantra Wagon ,97 og ,99 Civic ,99, Golf ,95, Sunny ,94. S. 896 8568.

SMÁPARTAR.IS

Eigum mikið úrval af varahlutum í Subaru árg. ,97 til ,02, Skoda Octavía árg. ,00 til ,07, Honda CR-V árg. ,05, VW Polo ,07 Passat ,01, Suzuki Baleno árg. ,00. Smápartar.is Sími 5675040-7785040.

VW - SKODA - VARAHLUTIR

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúð, Kaplahauni 11 220 hjf. S. 534 1045.

Viðgerðir

ÓDYRAR VIÐGERÐIR, LEYSUM ÖLL MÁLI!
Fljót og góð þjónusta. Bílahlutir ehf., Eldshöfða 4, s. 587-5058.

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

PÍPULAGNIR

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315.

FAGLÆRÐIR PÍPARAR

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

Hreingerningar

Flutningspríf, Gólfbónun, Teppahreinsun og Gluggþvottur. Gerum verðtilboð. www.hreingerningar.is S. 772 1450

Garðyrkja



GARDLIST
NÚT FRIÐR GARDINN A EÐLUM STAD
Setjum upp og seljum hágæða jólaserur.
3 ÁRA ÁBYRÐI
Fáðu tilboð ... ☎ 554 1989

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

PARF AÐ FRÍSKA UPP FYRIR JÓLIN?

20% afsláttur fyrir alla. Alhliða málningarþjónusta. S. 778 0100.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafi., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald



Parketslípun
sólfallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is
www.golflist.is
Gólf list
99% RYKFRITT

Tek að mér að mála, flísa, og ýmsl. fl. Vönduð vinnubrögð. Gott verð. S. 866 9784.

Til sölu



Tilboð dagsins
Bolir kr. 1.500
Mikið úrval!
Betrikaup.is
Gerðu betri kaup á netinu
Lagersala Gnoðavogi 44, kjallari

Nudd

NUDD NUDD NUDD Slökunarnudd 101 RVK. S. 862 6653. Irena

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. S. 690 9274 Zanna Volkova.

Rafvirkjun

RAFVIKJUN S. 896 6025

Tilboð raflagnir, töfluskripti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

Önnur þjónusta

Blekhyllki.is

Blekhyllki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhyllki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.

KEYPT & SELT

Til sölu



Íslensk framleidda fyrir íslenskt veðurfar
Vandaðir krossar á leiði!
Ljósasmíðjan
VILJANSTED
BLÁTTUDELARJÓNUSTAN
Skemmuveg 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. Smásala. JS Ljósasmíðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Ópið virka daga 8-18 og lau 10-16.



Pjólalagítarpakki kr:23.900,- Gítar, poki, ól, auka strengir stilliflauta og kennsluforrit. Gítarinn ehf,Stórhöfði 27 S:552-2125, www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

Pjólalagítarpakki kr:23.900,- Gítar, poki, ól, auka strengir stilliflauta og kennsluforrit. Gítarinn ehf,Stórhöfði 27 S:552-2125, www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is



Jólatilboð
...hættir pottar frá Lay-Z-Spa
99.000 kr.

JÓLATILBOÐ

Örfá stykki af Lay-Z-Spa heitu pottunum á tilboði til jóla. Aðeins 99.000 kr VDO. Borgartún 36. S:588 9747 www.vdo.is



SÉRVERSLUN MEÐ NÁTTÚRUVÆNAR OG ANDLEGAR VÖRUR.

Úrval af saltkrystalslömputum, lífrænum snyrti- og húðvörum, blómadropum, himalaya baðsalti, reykelsum, ilmkerturnum, slökunargeisladiskum, englasplum, o.fl. Ditto, Smíðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Ópið mán-fös 12-18. Lau 12-16. www.ditto.is



BÚÐU TIL ÞITT MYNDA-ALBUM
Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!...eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is



BÚÐU TIL ÞÍN JÓLAKORT
Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!...eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is



BÚÐU TIL ÞITT DAGATAL
Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!...eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is

Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!...eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is



Rafhlöðukrossar
12v - 24v - 32v.

Aðventuljósakrossar á leiði til sölu, rafhlöðukrossar og 12v-24v-32v. Áratuga reynsla og gott verð. Endist ár eftir ár. Sendum í póstkrofu. Uppl. í síma 898 3206. orb.123.is



Tactical.is

JÓLASENDINGIN ER KOMIN

Úrval af Fjarstýrðum Pylum, Bílum, Módelum,Skýjaluktum,Skotveidivörum og fl. Sendum samdægurs með póstinum. Einnig verslun í Glæsibæ - Sími 517 8878 - Tactical.is

ÓDÝR HEIMILISTÆKI

Pvottavélar, ísskáp, þurrkara 10 KG, uppþvottavélar, Kofa, svefnsófi, king size rúm. S. 896 8568.

JÓLA OG NYTJAMARKAÐUR

Allt stórt og smátt úr nudd, snyrti og veitingastofu og ríkulegri búslóð. t.d. málverk, 2 heitir pottar, 3 ísskáp, 5 sófar og fl. Ópið alla daga 12-18. Sóltún 20. S. 823 8280

Óskast keypt

KAUPI GULL !

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupí gull, gull peninga og gull skartgrip. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leiðið til fagmanns og fáid góð ráð.

Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.

STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is

Upplýsingar í síma 661 7000.

Verslun



BEAUTY IN BLACK HOLTSBÚÐ 61 GARÐABÆ

20% jólaafsláttur af öllu !! Bolir, peysur, toppar, kjólar. Ópið frá 13-18. Velkomin í Beauty in Black. sími 695-6679

Kynlíf er GOTT!

PENOMET.IS

ELSKENDUR.IS

FLESHLIGHT.IS

BATHMATE.IS

849-0698
ALLA DAGA 10-22

HEILSA

Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílmát. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólóf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímamantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

Slökunarnudd/heilnudd, Nuddstofan svæði 112. Uppl. S: 693 0348 eða 823 5669.

Nuddstofan Jera. Klassískt vöðva og slökunarnudd. Notarlegt umhverfi. Sími 659 9277.

Jólagjöf Nuddarans. Vandaðir og ódýrir ferðanuddbekkir til sölu. S:891 6447 Óli.

HEIMILIÐ

Dýrahald



BÚRADAGAR Í DÝRALANDI

Tilboð á fuglabúrum Verð frá 4.990,- Dýraland Mjódd s.587-0711 Dýraland Kringlan 7 s.588-0711 Dýraland Spöngin 23 s.587-0744



BÚRADAGAR Í DÝRALANDI

Tilboð á hamstrabúrum Ein hæð verð 5.985,- Tvær hæðir verð 6.986,- Þrjár hæðir verð 7.980,- Dýraland Mjódd s.587-0711 Dýraland Kringlan 7 s.588-0711 Dýraland Spöngin 23 s.587-0744

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE WWW.LEIGUHERBERGI.IS

1-2 manna herb. á Funahöfða 17a og 19. Rooms for 1-2 persons in Funahöfða 17a -19 Rvk. Uppl/info í S. 824 4535. frá kl. 10-20. www.leiguherbergi.is

Geymsluhúsnæði

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

GEYMSLUR.COM

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

GEYMSLULAUSNIR.IS

Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sér geymslur frá 3.900. 1-17m2. Aðgangur

8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500

ATVINNA

Atvinna í boði




Nammibærinn
Okkur vantar starfsfólk til starfa í vaktavinnu í verslunum okkar.
Um full störf er að ræða.
Vinsamlegast sendið umsóknir á: guffa@nammibærinn.is
Nánari upplýsingar veittar í síma 777-9070.
Nammibærinn

VEITINGARHÚSIÐ HORNID

Óskar eftir að ráða þjón (vaktstjóra) í fullt starf. Sendið umsókn með mynd á hornid@hornid.is.

Atvinna óskast



VANTAR PIG SMÍÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Getu hafið störf nú þegar.
Starfsmannaþjónustan S. 661 7000.

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | SPORT | UMRÆÐAN | ÚTVARP | LÍFIÐ | SJÓNVARP

BESTU BROTTIN AF X-INU



23rd IHF MEN'S
WORLD CHAMPIONSHIP

HANDBALL
2013

SPORT HD

VIÐ TRÚUM Á SIGUR

HM Í HANDBOLTA

Í LEIFTRANDI HÁSKERPU

HEFST 11. JANÚAR

FÁÐU ÞÉR
ÁSKRIFT
Í SÍMA 512 5100
EDA Á STOD2.IS

ÞORSTEINN J. OG GESTIR

Þorsteinn J. sér um upphitun fyrir leiki og stýrir ítarlegri umfjöllun eftir leiki ásamt handboltasérfræðingum og góðum gestum.



vís Arion banki VALITOR ICELANDAIR

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

KROSSGÁTA

| | | | | | |
|----|----|----|----|----|----|
| 1 | | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | | 8 | | |
| 9 | | 10 | | 11 | |
| 12 | | | 13 | | |
| | 14 | | | | 15 |
| 16 | | | 17 | | |
| 18 | | 19 | | 20 | |
| 21 | | | | | |

LÁRÉTT

2. stórra herbergja, 6. í röð, 8. námsgrein, 9. pota, 11. ónefndur, 12. skattur, 14. digurmæli, 16. átt, 17. traust, 18. stjórnamdæmi, 20. klukka, 21. streita.

LÓÐRÉTT

1. krass, 3. frá, 4. jarðbrú, 5. tál, 7. skór, 10. for, 13. nytsemi, 15. ruddi, 16. berja, 19. átt.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. sala, 6. rs, 8. fag, 9. ota, 11. nn, 12. tinnuð, 14. g.robð, 16. sv, 17. trú, 18. lén, 20. úr, 21. álag.
LÓÐRÉTT: 1. krot, 3. af, 4. landbrú, 5. agn, 7. stíglæ, 10. aur, 13. not, 15. búr, 16. síð, 19. na.

Innflutnings og framleiðslufyrirtæki til sölu

Innflutningur, mörg góð umboð. Framleiðsla undir eigin nafni, góð framlegð. Þjónusta við þekkt fyrirtæki. Vel tækjum búið fyrir járnsmíði. Upplýsingar aðeins á skrifstofu.



Sveinn G. Guðmundsson
Sölufulltrúi
s. 899 8546
sveinn@domusnova.is



Grétar Hannesson Hdl.
Löggiltur fasteignasali.
gretar@domusnova.is

DOMUSNOVA
Fasteignasala
Turninum 12. hæð - 201 Kópavogur - www.domusnova.is



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Uppboð á tíðniheimildum á 800 MHz og 1800 MHz tíðnisviðunum

Póst- og fjarskiptastofnun hefur birt skilmála rafræns uppboðs á tíðniheimildum sem auglýst var 29. október sl. Um er að ræða fimm tíðniheimildir á 800 MHz tíðnisviðinu (samtals 60 MHz) fyrir farnetsþjónustu sem bundnar verða ákveðnum útbreiðslu- og uppbyggingarkröfum og fimm tíðniheimildir á 1800 MHz tíðnisviðinu (samtals 50 MHz) sem verða tæknilega hlutlausar og án kvaða.

Aðilar sem óska þátttöku skulu skila inn tilgreindum gögnum, sbr. skilmála uppboðsins, til Póst- og fjarskiptastofnunar, Suðurlandsbraut 4, fyrir kl. 14:00, föstudaginn 11. janúar 2013. Uppboðið mun hefjast mánudaginn 11. febrúar 2013, skv. nánari ákvæðum skilmálanna.

Nánari upplýsingar, skilmála og skráningareyðublað er að finna á vef stofnunarinnar www.pfs.is

Grafískur hönnuður



Icwear óskar eftir að ráða fjölhæfan grafískan hönnuð til starfa sem fyrst.

Fjölbreytt verkefni á lífandi og skemmtilegum vinnustað. Viðkomandi þarf að hafa góða kunnáttu í helstu Adobe-forritum, s.s. InDesign, Photoshop og Flash.

Helstu verkefni eru blaðauglýsingar, umbrot bæklinga, umbúða hönnun og gerð markaðsefnis.

Vinsamlegast sendið umsóknir á netfangið agust@icwear.is fyrir 24. desember nk.

Upplýsingar um menntun, reynslu og fyrri störf nauðsynlegar ásamt sýnishornum af fyrri verkum.

Um Icwear: Icwear var stofnað 1972 og starfaði í ullariðnaði. Á undanföllum árum hefur fyrirtækið þróað útvarslínu sem er seld í erlunum í Evrópu og Norður Amríku undir vörumerkjnum Icwear og Norwear. Víkurþjón er alfarið í eigu Drífu ehf.

Listin að gera sig að fífli

BAKPANKAR
Erlu Hlynsdóttur

Ég mætti auðvitað í skólann, sex ára gömul, því ég vissi að það var það sem allir gerðu. En ég var hrædd, alveg dauðhrædd. Fyrstu tuttugu ár lífs míns einkenndust af tvennu: Feimni og óöryggi. Ég roðnaði og stamaði þegar ég átti að lesa upphátt fyrir bekkinn. Ekki því ég gæti illa lesið heldur því þá beindist athyglin að mér. Og það var vont. Ég vildi vera ósýnileg.

bekk var ég send burt í heimavistar skóla. Ég var enn í miklum mótþróa og henti bókstaflega í ruslið þeim bókum sem ég fékk þá sem verðlaun fyrir framúrskarandi námsárangur (fyrirgefið mér, bókagjafir).

LÍKLEGA hef ég verið átján ára þegar ég fékk nóg. Ég gafst upp á að fela mig og sagði óöryggi mínu stríð á hendur. Seinna lærði ég að það sem ég þarna til-einkaði mér kallaðist að fara út fyrir þægindarammann. Ég fór á námskeið hjá Dale Carnegie, ég hélt hryllilegar ræður í brúðkaupum og ég gerði mig að fífli. Ég hef haldið skemmtiræður þar sem brosin eru vandræðaleg. Ég hef farið heim og grátið mig í svefn yfir því hvernig ég hef opinberað hvað ég er mikill vitleysingur.

PETTA rifjaðist allt upp fyrir mér nýverið þegar ég þurfti að halda stutta tölu. Að henni lokinni var ég stolt og fannst ég hafa komið máli mínu vel til skila. Ég hugsaði að þetta hefði hana litlu mig aldrei grunað.

HVERT einasta ranga skref, hver vitleysan á fætur annarri, hver mistökinn – allt er þetta hluti af því sem ég er í dag. Þetta var vinna, margra ára vinna sem enn stendur yfir. Mitt ráð til þín: Farðu út fyrir þægindarammann. Ögraðu sjálfum þér.



MÉR gekk illa að eignast vini og ég hélt mig inni í minni skel. Eins furðulega og það kann að hljóma þá hugsaði ég stundum um það eftir á af hverju í ósköpunum ég var ekki lögð í einelti. Krakkarnir létu mig bara í friði. Svo varð ég eldri, byrjaði að reykja, byrjaði að drekka og sat löngum stundum niðri á Lækjartorgi með vin-konum mínum, í hermannaklossum og útkrotuðum jakka úr Vinnufatabúðinni. Ókunnugt fólk sem gekk framhjá kastaði stundum í okkur klinki og sagði okkur að kaupa okkur líf. Í tíunda

MYNDASÖGUR

PONDUS



GELGJAN



HANDAN VIÐ HORNIÐ



BARNALÁN



OPÞ 10-19 TIL JÓLA

OPÞ ALLA DAGA TIL JÓLA FRÁ 10-19

SMELTU Á KÖRFUNA
NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS
MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP

DESEMBER TILBOÐ
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í ALLT AÐ 12 MÁNUÐI
0% VEXTIR
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI

4GB MINNISLYKILL
FRÁ 1.990

SMELTU Á KÖRFUNA

USB GLINGUR
Glæsilegt úrval af skemmtilegu USB glingri frá Satzuma nú á ótrúlegu tilboðsverði!

FRÁ 990
HENTUGT Í ALLA PAKKA

SÁ MINNSTI AF SINNI TEGUND

LACIE

500GB FLAKKARI
LaCie Rikiki er glæsilegur 500GB USB 3.0 flakkari í burstuðu Gun Metal Black álhúsi

12.900
1TB RIKIKI 17.900

1280x800 IPS
HD SKJÁR MEÐ ALLT AÐ 178° SJÓNARHORNI

PROTAB26 IPS
Glæsileg spjaldtölva með einstökum 10" IPS HD fjölsnertiskjá búin allri nýjstu tækni og Multi Core Mali400 3D skjákjarna

34.900
FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA:)

ÁÐEINS 9mm ÖRPUNN OG FÍSLÉTT

Birt með fyrirvara um breytingar, innskráttillur og myndabreyngi

ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR
Í VERSLUNUM OKKAR Í REYKJAVÍK OG Á AKUREYRI ER EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF TÖLVUM OG TÖLVUBÚNAÐI

GIGABYTE GTX650OC 2GB SLÍKJAKORT 29.900
McAfee VIRGNET SECURITY 4.990
PROTAB26 IPS 34.900
IP7250 WUFI PRENTARI 18.900
14MP KAMERA 19.900
27" VALED 59.900
3.0 MINIMUS 18.900
500GB USB 3.0 RIKIKI 12.900
LaCinema FULL HD SPILARI 14.900
1.5TB 34.900
24" 3D 69.900
24" LED 29.900
K8100 11.900
M6900 LEIKJAMÓDUR 4.990
V9 Black LEIKJATURN 19.900
SMART TV 29.900
8GB MP3 DRIVER SPILARI 9.990
NETID FYRIR RAFFASER 9.990
W700 149.900

OPNUNARTÍMAR
ALLA DAGA TIL JÓLA
10:00 - 19:00
AÐFANGADAG
LOKAÐ

TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900



„... mjög flott verk.“

EGILL HELGASON / KILJAN



„Mér finnst formið afskaplega vel heppnað, hnitmiðað og fágað ... Mjög fallett.“

FRÍÐA BJÖRK INGVARSDÓTTIR / KILJAN

„Sagan er vönduð, vel heppnuð og sérlega skemmtileg.“

ÚR UMSÖGN DÓMNEFNDAR FJÖRUVERÐLAUNANNA

„Ótrúlega skemmtileg bók ... verulega krassandi.“

GUÐRÚN KARÍTAS GARÐARSDÓTTIR
FÖSTUDAGSPÁTTURINN Á N4

www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu

MENNING



JÓHANNES ÁGÚSTSSON Hefur lengi verið niðursökkinn í barokktónlist og rakst við grúsk í Dresden á konsert sem mögulega er eftir Vivaldi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Gleymd barokkperla ómar aftur í Hörpu

Kammersveit Reykjavíkur heldur sínu árlegu jólatónleika í Hörpu annað kvöld. Á efnisskrá er fiðlukonsert sem Jóhannes Ágústsson fann í háskólabókasafninu í Dresden og áhöld eru uppi um að sé eftir sjálfan Vivaldi eða nemanda hans.

Það er ekki á hverjum degi sem óþekkt tónverk eftir löngu látna meistara eru flutt í fyrsta sinn eftir aldalanga þögn á Íslandi. Það gæti þó orðið reyndin á árlegum jólatónleikum Kammer-sveitar Reykjavíkur í Hörpu annað kvöld. Á efnisskrá er meðal annars fiðlukonsert þar sem Una Sveinbjarnardóttir fiðluleikari leikur einleik. Höfundur konsertsins er skráður óþekktur en grunur leikur hins vegar á að hann geti verið eftir sjálfan Vivaldi eða nemanda hans.

Tildrög málsins eru þau að Jóhannes Ágústsson, útgefandi og annar af eigendum 12 tóna, hefur lengi verið niðursökkinn í barokktónlist og hefur grúskað í handritasöfnum háskólabókasafnsins í Dresden. Dresden var jafnan álitin höfuðborg barokksins á árunum 1720 til 1750 og þar sameinuðust tónlistarstefnur frá Frakklandi, Ítalíu og Þýskalandi. „Háskólabókasafnið í Dresden geymir ansi merkilegt handritasafn frá þessum tíma,“ segir Jóhannes. „Nú er búið að skanna inn þann hluta safnsins sem er með hljóðfæratónlist. Ég var að fara yfir á netinu verk sem eru höfundarlaus og rakst þá á þennan konsert.“

Það vakti athygli Jóhannesar að

í verkinu voru hlutar bæði fyrir orgel og sembal, sem þýddi að konsertinn hafði verið leikinn í bæði höll og kirkjum, sem bendir aftur til að hann hafi verið vinsæll og mikið spilaður.

„Það sem stuðaði mig mest voru hins vegar ákveðnar skipanir í handritinu fyrir hljóðfæraleikarana. Þær voru með orðalagi sem hingað til hefur eingöngu verið þekkt úr verkum Vivaldis. Ég hafði samband við einn helsta Vivaldi-sérfræðing okkar daga og hann sannfærðist fljótlega um að hér væri mögulega á ferð áður óþekktur konsert eftir meistaran.“

Málið er enn til rannsóknar og meðan fræðimenn reyna að brjóta málið til mergjar er höfundur konsertsins enn skráður óþekktur eða „anonymous“.

„Kannski kemur aldrei ljós með öyggjandi hætti hver höfundurinn er,“ segir Jóhannes. „En það eru þarna nánast beinar tilvitnanir í verk Vivaldis og ákveðinn stíll sem bendir til að hann sé tónskáldið.“

Á hinn bóginn kemur til greina annar fiðluleikari sem starfaði í Dresden, Cattaneo.

„Það er hugsanlegt að hann hafi verið nemandi Vivaldis og sé höfundur konsertsins. Það

kom að minnsta kosti í leitirnar annar konsert sem er sannanlega eftir hann og þar er þetta orðalag notað líka.“

Jóhannes segir að fyrir fræðimenn á sviði tónlistar sé háskólabókasafnið í Dresden eins og fjársjóðskista, þar sem enn eru að finnast týndir gimsteinar.

„Bókasafnið í Dresden hefur getið af sér margar stórar uppgötvánir, til dæmis á verkum eftir Vivaldi. Það er ógrynni af verkum sem enn á eftir að rekja til höfunda sinna, svo það bíða eflaust ófáir fjársjóðir þess enn að vera uppgötváðir.“

Konsertinn verður fluttur í fyrsta sinn síðan líklega á 18. öld í Hörpu annað kvöld og Jóhannes hrósar Kammer-sveitinni fyrir frumkvæði og hlakir mikið til að heyra það.

„Það er mikið hugrekki að flytja svona óþekktan konsert. Ég heyrði í kollega mínum í Bretlandi, sem hefur hljóðritað mikið af konsertum eftir Vivaldi. Hann hafði setið við æfingar á þessum og sagði að þarna hefði verið einn erfðasti sólópartur sem hann hefði fengið við. Þetta verða í öllu falli mjög spennandi tónleikar og í raun merkileg stund í barokksögunni.“

bergsteinn@frettabladid.is

„Rosalegt áhættuatriði“

„Mér líður eins og ég sé að æfa Paganini,“ segir Una Sveinbjarnardóttir fiðluleikari, sem leikur einleik í umræddum konsert á tónleikum Kammer-sveitarinnar annað kvöld. Hún segir það síst orðum aukið hjá Jóhnesi að einleikskafinn sé erfiður.

„Hann er mjög erfiður en líka stórskemmtilegur og greinilegt að höfundurinn hefur verið mikill fiðluvirtúós,“ segir Una sem hefur æft verkið undanfarna tvo mánuði. „Þetta er gríðarleg fingraleikfimi og fer mjög hátt upp á fiðluna.“

Sjálf hallast hún að því að verkið sé ekki eftir Vivaldi heldur Cattaneo. „Ég var að skoða á netinu aðra konserta eftir hann sem eru líka í a-dúr, eins og þessi. Það er merkilegt því þeir eru

ekki ýkja margir konsertarnir frá þessum tíma sem eru í a-dúr. Cattaneo virðist hafa verið poppari síns tíma, greinilega mjög vinsæll og spilaður víða. Það er líka mikið af öfugum rytma í verkunum hans, sem er líka mikið notað í djassi og er mjög skrautlegur.“

Una segir það mikla ábyrgð að leika opinberlega konsert sem hefur legið óbættur hjá garði í fleiri aldir en um leið ómetanlegt tækifæri.

„Þetta er auðvitað vandasamt; þetta er svolítið eins og að búa til „soufflé“ – mjög erftent ef það heppnast rennur það mjög ljúflega niður.“ En er hún búin að ná fullkomnum tókum á verkinu?

„Neineinei,“ segir hún og hlær. „Þetta er rosalegt áhættuatriði.“



UNA SVEINBJARNARDÓTTIR

SLOWFASHION

ELLA

BY ELINROS LINDAL

JÓL 2012

GJAFAVÖRUR

FATNAÐUR,
LEÐURTÖSKUR,
BELTI, KERTI
ILMVÖTN
&
RJÚKANDI HEITT
JÓLAGLÖGG Á KÖNNUNNI



ELLA HOLIDAY KERTI



ELLA DAY BAG



ELLA V 50 ML

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

ÞRIÐJUDAGUR 18. DESEMBER 2012

Uppákomur

10.15 Sóla sögukona skemmtir í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. Hún segir börnunum sögur af sjálfri sér, jólasveininum og jólakettinum. Allir velkomnir.

11.00 Hurðaskellir kíkir í heimsókn á Þjóðminjasafn Íslands. Aðgangur er ókeypis.

12.34 Fjölbreytt menningardagskrá er í boði á Jóladaatali Norræna hússins. Uppákomur hvers dags eru gestum

huldar þar til gluggi dagatalsins verður opnaður í upphafi atburðarins. Listamaðurinn Hugleikur Dagsson gerði dagatalið í ár.

17.30 Kertasníkir kíkir í heimsókn á Jólatrjáasölu FBSR við Flugvallarveg.

Tónlist

12.15 Sesselja Kristjánsdóttir mezzó-sópran syngur Söngva Pálinu á hádegis-tónleikum Íslensku óperunnar í Norðurljósasal Hörpu. Aðgangur er ókeypis.


20.00 Ljósberátónleikar verða haldnir í Akureyrarkirkju.

21.00 Hljómsveit Ómars Guðjónssonar heldur tónleika á Café Haití, Geirsgötu 7b.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is



JÓLADAGATAL NORRÆNA HÚSSINS Í GER VAR MYRRA RÓS



HVER VERÐUR Í DAG?



ÖDRUVÍSI VINNA Hrafnhildur segir töluverðan mun á því að skrifa leikrit fyrir útvarp og fyrir svið.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Býr til myndir úr hljóðum og texta

Leikritið Opið hús eftir Hrafnhildi Hagalín verður flutt í Útvarpsleikhúsinu á jóladag. Þar segir af fimm manneskjum sem skoða hús sem auglýst er til sölu.

Verkið var leiklesíð hér heima hjá mér á Listahátíð í vor, í leikstjórn Kristínar Eysteinsdóttur, og svo vann ég það áfram fyrir þessa uppfærslu í útvarpinu," segir Hrafnhildur Hagalín um leikrit sitt, Opið hús, sem Útvarpsleikhúsið sendir út á jóladag. „Það breyttist töluvert í vinnslunni og við áttum í ákveðnum dialóg um þróunina, ég og Kristín leikstjóri.“

Hafa verk þín verið flutt í Útvarpsleikhúsinu fyrr? „Já, fyrir tveimur árum samdi ég verkið Einfarar fyrir nokkra eldri leikara og leikstýrði því sjálf. Þannig að ég kom reynslunni ríkari að þessari vinnu og gat hugsað verkið betur fyrir útvarpsmiðilinn af því ég þekkti hann.“

Er mikill munur á því að skrifa fyrir útvarp og svið? „Já, það er talsverður munur á því. Í útvarpi þarf að hugsa allt út frá hljóði og

að búa til myndir í hugum hlustenda út frá því og textanum eingöngu. Í þessu verki er húsið miðpunkturinn og það er alltaf mikið af mismunandi hljóðum í húsum, þannig að ég byggði verkið dálítið út frá því.“

Um hvað fjallar verkið? „Það fjallar um fólk sem kemur að skoða hús. Þetta eru tvenn hjón, eldri hjón og yngri hjón, og svo dúkkar þarna upp líka miðaldra karlmaður. Það kemur síðan í ljós þegar líða tekur á verkið að þau tengjast öll á einn eða annan hátt.“

Hallur Ingólfsson semur tónlistina. Samdi hann hana sérstaklega fyrir þetta verk? „Já, hann gerði það. Hann var ekki með okkur í vor en kom inn í á seinni stigum og samdi tónlistina sérstaklega fyrir þessa útvarpsversjón.“

Eigum við svo von á sviðsverki

Opið hús

Höfundur: Hrafnhildur Hagalín.
Leikstjóri: Kristín Eysteinsdóttir.
Leikendur: Erlingur Gíslason, Kristbjörg Kjeld, Unnur Ösp Stefánsdóttir, Bergur Þór Ingólfsson, Björn Thors og Ellert A. Ingimundarson.
Tónlist semur Hallur Ingólfsson.
Hljóðvinnsla annast Einar Sigurðsson.

frá þér fljótlega? „Já, vonandi. Ég er alveg á fullu að skrifa núna. Tók mér hlé frá þeim samstarfsverkefnum sem ég hef verið á kafi í undanfarin ár. Þannig að ég hef dregið mig dálítið í hlé og er að vinna að verkum sem ég hef beðið eftir að komast í talsvert lengi.“

Opið hús verður flutt á Rás 1 á jóladag kl. 13. fridrikab@frettabladid.is



EINSTÖK GJÖF FYRIR ALLA

Óskaskrín henta fullkomlega í harða pakka fyrir þá sem vilja upplifa og njóta, þá sem velja sjálfir, þá sem eiga allt. Það er einfalt að velja rétta gjöf – gefðu upplifun í öskju, gefðu Óskaskrín.


sími 577 5600 info@oskaskrin.is www.oskaskrin.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

HAGKAUP
Ein.ferð betra verð

 **Óskaskrín**
Opna - Velja - Njóta

ÆVINTÝRALEG VERÐ Á JÓLABÓKUM



9.749.-



11.299.-



4.844.-



2.549.-




2.549.-



2.404.-



3.499.-



3.229.-



3.399.-



3.399.-



2.464.-



2.464.-

Verðin glíða til og með 22.12.2012
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndbreytingar.

Verslaðu jólabækurnar í Griffli og þú átt
möguleika á að vinna GoBook rafbókarlesara!

Dregið verður úr pottinum 22. desember.

ÓPIÐ ALLA DAGA TIL 22

Jólapappír frá
199.-

ÓPIÐ TIL KLUKKAN 22.00 • SKEIFUNNI 11



GRIFFILL
ALLTAF ÓDÝR

GRIFFILL
ALLTAF ÓDÝRARI



Enginn fæðist illur

BÆKUR ★★★★★

Spádómurinn

Hildur Knútsdóttir
JPV-ÚTGÁFA

Hildur Knútsdóttir er ungur og upprennandi rithöfundur og er Spádómurinn þriðja bók hennar á aðeins tveimur árum. Í fyrri kom út skáldsagan Sláttur sem segir frá Eddu sem fengið hefur grætt í sig nýtt hjarta og Hóla, lovers eða lífsstíls- og megrunarbók tískubloggsins eða hvernig á að þóknast karlmönnum og vera betri en aðrar konur, hæðin sjálfs-hjálparbók sem byggir á frægu tískubloggi Hildar. Nú í ár kemur út fyrsta barnabók hennar, Spádómurinn, sem segir frá Kolfinnu, fimmtán ára stúlku sem rekt á tungfisk í fjörunni og lánar honum vængina sína.

Þegar kornabörn fæðast í þorpi Kolfinnu eru þeim gefnir vængir. Samkvæmt spádómi sem kveðinn var upp fyrir langa löngu munu tvö tungl rísa á himni og þá munu allir þurfa að fljúga í fyrsta sinn, austur til að forðast heimsenda. En einmitt þegar Kolfinna lánar vængbrotnum tunglfiski vængina sína skína tvö tungl á himni. Þegar hún kemur heim hafa þorpsbúar yfirgefið heimili sín í flýti og aðeins hin sex ára Mýrún er eftir í þorpinu. Hefst þá mikil ævintýraför þar sem Kolfinna kynnist tunglfiskum og starálfum, dálísum og tungldrottningunum Þrá og Iðrun en sú síðastnefnda



vill hneppa þorpsbúana í þrældóm.

Spádómurinn er ekki einföld ævintýrasaga um baráttu góðs og illis. Það er engin algóður eða alvondur í bókinni. Þorpsbúar sem ganga á hönd Iðrun gera það ekki af græðgi eða illsku, heldur af ást, til að bjarga lífi sinna nánustu. Jafnvel Iðrun sjálf er ekki alvond. Tungldrottningin Þrá segir Kolfinnu

að Iðrun fæddist ekki ill, hún var eitt sinn góð drottning. Eins og allir harðstjórar nærast hún á ótta þegna sinna, en er sjálf yfirbuguð af hræðslu.

Hetjur verða ekki hetjur með því að berjast gegn herjum hins illa, heldur með því að sýna hugrekki; hugrekki til að grípa til aðgerða gegn óréttlæti eða illum gjörðum og hugrekki til að fyrirgefa sjálfum sér og öðrum. Þrátt fyrir að Kolfinnu takist að koma í veg fyrir að þorpsbúar séu hneptir í þrældóm er ekki víst að hún beri nægilegt hugrekki til að fyrirgefa það sem gerðist á ævintýraför sinni. Bókinni lýkur þegar Kolfinna flýr á vit nýrra ævintýra, til tunglríkis Þrár. En mesta ævintýrið sem bíður hennar er að læra að fyrirgefa og sættast við samfélag sitt.

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir

NIÐURSTAÐA: Skemmtilega skrifað og frumlegt ævintýri, sem tekst á við flóknar og erfiðar spurningar um hvað felst í því að vera hetja.



CAMERARCTICA Tónleikarnir enda alltaf á sálminum í dag er glatt í döprum hjörtum og oftast hljóma síðustu tónarnir um leið og klukkurnar í kirkjunum slá tíu.

Gefa rafmagnsljósunum frí

Kammerhópurinn Camerartica heldur sína árlegu kertaljósátónleika í fjórum kirkjum á höfuðborgarsvæðinu næstu kvöld og leikur ljúfa tónlist eftir Mozart.

„Við stofnuðum þennan kammerhóp þegar við komum heim frá námi og á hverju einasta ári höfum við haldið svona kertaljósátónleika. Létum sérútbúa kertastjaka og flytjum þá á milli og gefum rafmagnsljósunum alveg frí. Svo er bara rökkrið kringum áheyrendur og það ríkir mikil stemmning,“ segir Hallfríður Ólafsdóttir, flautuleikari í Camerartica. Fram undan eru fernir tónleikar í jafnmörgum kirkjum, í Hafnarfjarðarkirkju miðvikudagskvöld 19. desember, í Kópavogskirkju fimmtudagskvöldið 20. desember, í Garðakirkju föstudagskvöldið 21. desember og

í Dómkirkjunni laugardagskvöldið 22. desember. Tónleikarnir eru um klukkustundar langir og hefjast allir klukkan 21. Flytjendur eru auk Hallfríðar flautuleikara þau Ármann Helgason klarinetuleikari, Hildigunnur Halldórsdóttir og Rannveig Marta Sarc fiðluleikarar, Svava Bernharðsdóttir víóluleikari og Sigurður Halldórsson sellóleikari.

Aðgangseyrir er 2.500 og 1.500 fyrir nemendur og eldri borgara en frítt er fyrir börn yngri en tólf ára.

„Þetta er 20. árið sem svona tónleikar eru haldnir og nú verðum við með sömu efnisskrá og

við byrjuðum með,“ segir Hallfríður. „Tvær af perlum Mozarts, Klarinettukvintettinn og Flautukvartettinn í D-dúr. Það eru mikil upphaldsverk sem hafa fengið að hljóma af og til. Að venju lýkur tónleikunum á Í dag er glatt í döprum hjörtum úr Töfraflautunni og oftast hljóma síðustu tónarnir um leið og klukkurnar í kirkjunum slá tíu. Við höfum fundið mikið þakklæti fyrir að hafa staðið að þessu. Mörgum finnst ómissandi að koma úr miðri ösinni inn í kyrrðina og kertaljósinn og hlusta á eitthvað fallegt og friðsælt fyrir jólin.“

gun@frettabladid.is

BRJÁLUB! JÓLATILBOÐ

2 fyrir 1 af reiðhjólum*

mongoose
Crossway 250 / 150

*Gildir aðeins af Mongoose Crossway 250 og 150 og Maxim 12" og 16" barnareiðhjólum á meðan birgdir endast. Greitt fyrir dýrara hjólið. Gildir ekki með öðrum tilboðum

BOXPÚÐAR OG HANSKAR

25% afsláttur

STÝRISLEDAR

Hamaxsledar nú 11.990.-
Verð áður 14.990.-

FREESTYLEHLAUPAHJÓL

Etto Psycho Freestyle hjálmur á -50% með hlaupahjólum

12" OG 16" BARNAREIÐHJÓL

2 fyrir 1

Faxafeni 7 | www.gap.is | S: 5 200 200

ATH EKKERT MÁL AÐ SKIPTA GREIÐSLUM MEÐ STAÐGREIÐSLULÁNI BORGUNAR VAXTALAUST Í 6 MÁNUÐI EF VERSLAÐ FYRIR 75.000.- EÐA MEIRA. ATH.3% LÁNTÖKUGJALD



Fyllum hátíðina af samtölum
og sérblönduðu gæðakaffi.



GOTT KAFFI
FÆR FÓLK
TIL AÐ TALA

Gevalia gæðakaffi,
svo hrífandi að það talar sínu máli.

Lifandi jólatré.
Verð frá:**3.090** kr.**OPIÐ TIL
22
TIL JÓLA**
Í JÓLATRJÁASÖLU Í BREIDDVERÐVERND BYKO
**LÆGRA
VERÐ****SÉRVALIN
JÓLATRÉ****BYKO**

BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA.

1962-2012

**BYKO BÝÐUR EINGÖNGU UPP
Á HÁGÆÐA SÉRVALIN JÓLATRÉ**

Í BYKO velur þú draumajólatréð við kjör-
aðstæður inni, þannig að þú getur gefið
þér góðan tíma og vandað valið. Valið
á jólatrénu ætti þó ekki að taka langan
tíma því BYKO býður eingöngu upp á
hágæða sérvalin jólatré: Normannspín,
íslenska furu og blágreni.

Sölustaðir:**Timburverslun Breidd**

Virka daga: kl. 8 -22

Laugardaga: kl.10 -22

Sunnudaga: kl.11 -22

Grandi

Virka daga: kl. 8 -19

Laugardaga: kl.10 -19

Sunnudaga: kl.10 -18

Selfoss


Virka daga: kl. 8 -18

Laugardaga: kl.10 -18

Sunnudaga: kl.12 -18



Hluti söluandvirðis af hverju
jólatré fer til Hjúkrunarheimilis
Sunnuhlíðar í Kópavogi.



Martröð fræga fólksins

Fylgifiskar frægðarinnar eru margvíslegir en enginn þó meira ógnvekjandi en ágangur andlega veikra aðdáenda.

Fregnir bárust í síðustu viku af hryllilegu ráðabruggi, þar sem þrír menn höfðu í hyggju að myrða kanadíska ungstirnið Justin Bieber og skera undan honum.

Til allrar hamingju komst lög-
reglan á snöðir um glæpinn fyrir-
hugaða og handtók tvo mannanna,
en sá þriðji, Dana Martin, hafði
skipulagt morðið handan veggja
fangelsis.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem
veikir menn eða konur reyna að
ráða fólk í skemmtanabransanum
bana, og því miður hefur sumum
meira að segja tekist ætlunar-
verkið.

Frægast er líklegast morðið á
John Lennon, en hann var skotinn
til bana fyrir utan Dakota-
bygginguna í New York hinn
8. desember 1980. Morðinginn,
Mark David Chapman, hafði haft
Bítillinn fyrirverandi á heilanum
um nokkuð skeið, og lét til skar-
ar skrifa aðeins nokkrum klukk-
stundum eftir að Lennon gaf
honum eiginhandararitun.

Annar Bítill varð fyrir lífs-
hættulegri árás nærri tveimur
áratugum síðar, en þann 30. de-
seember 1999 réðist óður hnifa-
maður á George Harrison og stakk
hann meira en 40 sinnum í höfuð
og bók. Harrison var heppnari
en Lennon, og lifði árásina af, en
vinir hans og fjölskylda vitna um
það að árásin hafi breytt honum
mikið. Árásarmaðurinn, Michael
Abram, var dæmdur ósakhæfur
vegna geðrænna vandamála, en
var vistaður á geðsjúkrahúsi í eitt
og hálf ár eftir árásina.

Árið 1981 komst hinn 25 ára
gamli John Hinckley í heims-
fréttirnar þegar hann reyndi
að ráða forseta Bandaríkjanna,
Ronald Reagan, af dögum. Reag-
an hafði reyndar ekki starf-
að innan skemmtanabransans í
dágóðan tíma, en Hinckley var
haldinn sjúklegri þráhyggju fyrir
ungstirninu Jodie Foster. Hann
hafði sent henni nokkur ástar-
bréf en fékk ekki þau viðbrögð
sem hann óskaði eftir. Hann taldi
banatilræði á hendur forsetanum
hans einu leið til þess að láta leik-
konuna taka eftir sér. Reagan lifði
tilræðið af, þrátt fyrir að hafa
fengið byssukúlu í bringuna, en
Hinckley var vistaður á stofnun,
þar sem hann er enn.

Gítarleikari þungarokks-
hljómsveitarinnar Pantera, „Dime-
bag“ Darrell Abbott, var skotinn
til bana þann 8. desember 2004,
þar sem hann stóð uppi á sviði
ásamt hljómsveit sinni Damage-
plan. Árásarmaðurinn, Nathan
Gale, var með Darrell á heilanum,
og kenndi honum um upp-
lausn Pantera, en hann var mik-
ill aðdáandi. Þrír aðrir týndu lífi í
árásinni, að ótöldum Gale sjálfum,
en hann var skotinn til bana af lög-
reglumanni.

Tveir menn voru handteknir í
fyrri, þeir Junior Bradshaw og
Kevin Liverpool, grunaðir um að
hafa ætlað að ræna bresku söng-
konunni Joss Stone og myrða hana.
Í fórum þeirra fannst líkpoki,
reipi, tvö sverð, og handskrifað-
ar leiðbeiningar að heimili söng-
konunnar. Mennirnir bíða nú dóms.



OYSTER PERPETUAL GMT-MASTER II



MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR SÍÐAN 1909

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.sviss.is



ROLEX

Gefðu persónulega jólagjöf í ár

Fallegar gjafir fyrir ástina þína.

www.jonogoskar.is

JÓN & ÓSKAR

Sími 5524910 / Laugavegi 61 / Kringlan / Smáralind



HJÁ BARNEYS Ashley og Mary-Kate sækja kokkteilboð á vegum Christian Louboutin í nóvember í fyrra.



STANDA SAMAN Ashley og Mary-Kate á CFDA-tískuverðlauninum í sumar.

Standa saman

Mary-Kate og Ashley Olsen hafa fundið uppstillingu sem virkar. Systurnar bregða sjaldan af vananum.

Tvívurasturnar Mary-Kate og Ashley Olsen hafa verið í sviðsljósinu nánast frá fæðingu. Þær voru valdar í hlutverk Michelle Tanner í sjónvarpsþáttunum Full House aðeins sex mánaða gamlar og léku það hlutverk í átta ár. Systurnar hafa að mestu sagt skilið við leiklistina í dag og einbeita sér þess í stað að tísku og hönnun, en saman reka þær tískumerkið The Row. Eftir að hafa eytt ævinni í sviðsljósinu virðast Olsen-systurnar hafa fundið uppstillingu sem þeim þykir henta best á rauða dreglinum og eru þær sjaldan myndaðar öðruvísi.



SVARTKLÆDDAR SYSTUR Olsen-tvívurarnir mættu svartklæddir á afmælishátíð WWD árið 2010.



BROSMILDAR Glöðværar systur á MOMA-listasafninu í New York árið 2009.



SAMRÝNDAR Systurnar voru viðstaddir tískuviðburð á The Four Seasons haustið 2009.



ENDURTAKA LEIKINN Systurnar á Tribeca-kvikmyndahátíðinni árið 2011.

Íslensk Panettone
Einn af jólaglaðningum Heilsuhússins

Fæst með rúsínum og sultuðum appelsínum, með súkkulaði og hrein - Pandoro.

Lífrænt hráefni

- Skemmtileg nýjung í jóla- og áramótaveislur

náttúrulega heilsuhúsið

Laugavegi • Kringlunni • Smáratorgi • Lágmúla • Akureyri • Selfossi

FRÉTTIR | VÍÐSKIPTI | SPORT | UMRÆÐAN | ÚTVARP | LÍFIÐ | SJÓNVARP

UMDEILDIR PISTLAR

vísir - oft á dag

Íssósar frá Ísbúð Vesturbæjar

Ómissandi með ísnum um jólin

Fást í verslunum Hagkaups, Fjarðarkaupum og Melabúðinni Ísbúð Vesturbæjar, Hagamel, Grensásvegi og Fjarðargötu Hafnarfirði

Heimsæktu okkur á Facebook



VINSÆLL Daníel Óliver er í miklu dálæti á tónlistarsíðunni ScandiPop.

Daníel tvisvar tilnefndur

Enn berast fréttir af nýjustu ofurstjörnu okkar Íslendinga, Daníel Óliver. Tónlistarsíðan ScandiPop hefur nú tilnefnt hann til árlegra tónlistarverðlauna sín sem besta karlkyns flytjandann og nýjasta lag hans, DJ Blow My Speaker, sem besta lagið flutt af karlmanni. Daníel var staddur í upptökum hjá stjörnuverðlaunum Jonas von der Burg þegar Fréttablaðið náði af honum tali en kvaðst þakklátur og auðmjúkur yfir þessum heiðri. Úrslitin verða kunngjörð um miðjan janúar. - trs

Jólagjöfin fæst í The Body Shop

Gjafakassi með „Coconut“-dekurvörum
Fæst einnig með „Satsuma“, „Strawberry“,
„Mango“, „Moringa“, „Shea“ eða „Lemon“

4490 kr.



Gjafakassi með „Olive“-dekurvörum
Fæst einnig með „Coconut“, „Satsuma“, „Strawberry“,
„Mango“, „Moringa“, „Shea“ eða „Lemon“

5990 kr.



1640 kr.

Dekurvörुकubbar „Strawberry“, „Coconut“, „Shea“
Fæst einnig með „Satsuma“, „Mango“ eða „Moringa“

Taska með
„Strawberry“-dekurvörum

3490 kr.



SMÁRALIND, KRINGLUNNI, GLERÁRTORGI

Sendum í póstkröfu sé þess óskað, sími 564 6552



21 með Adele vinsælust á iTunes

Plata bresku söngkonunnar selst enn vel þrátt fyrir að hafa komið út fyrir tæpum tveimur árum.



VINSÆL Platan 21 með Adele hefur notið gríðarlegra vinsælda um allan heim.

NORDICPHOTOS/GETTY

Plata ensku söngkonunnar Adele, 21, selst enn eins og heitar lummur tæpum tveimur árum eftir að hún kom út. Hún var sú mest selda hjá iTunes í Bandaríkjunum árið 2012 og sló þar við nýjum útgáfum frá hinum vinsælu Taylor Swift og Mumford & Sons.

Listinn var tekinn saman yfir þær plötur sem var oftast halað niður á tónlistarveitunni. Vinsælasta lagið var Call Me Maybe með Carly Rae Jepsen og í öðru sæti var Somebody That I Used To Know með Gotye. Í því þriðja var We Are Young með

Fun, Payphone með Maroon 5 í fjórða og í fimmta sætinu var Starships með Nicki Minaj.

Adele hlaut sex Grammy-verðlaun fyrir á árinu fyrir 21. Nýlega hlaut lag hennar Skyfall, úr samnefndri Bond-mynd, tilnefningar til Screen Actors Guild- og Golden Globe-verðlaunanna. Líklegt má telja að lagið hljóti einnig Óskastilnefningu. „Takk fyrir að sýna mér þennan heiður að leyfa mér að taka þátt í Golden Globe-verðlaununum. Ég hefði aldrei trúað því að ég myndi komast nálægt einhverju slíku,“ sagði Adele.



ÁST VIÐ FYRSTU SÝN Blanchett og eiginmaður hennar hafa verið gift í fimmtán ár.

NORDICPHOTOS/GETTY

Trúir á ást við fyrstu sýn

Cate Blanchett segir að það hafi verið ást við fyrstu sýn þegar hún hitti eiginmann sinn Andrew Upton í fyrsta sinn.

Hobbitalleikkonan Blanchett og handritshöfundurinn Upton hafa verið í hjónabandi í fimmtán ár. „Rómantískasta stundin í lífi mínu var þegar ég hitti eiginmanninn minn. Var það ást við fyrstu sýn? Já, engin spurning,“ sagði hin 43 ára Blanchett. „Hann bað mín tveimur vikum eftir að við hittumst fyrst. Þetta var gamaldags bónorð.“ Þau hjónin eiga þrjá syni, þá Dashiell, Roman og Ignatius.



Í KJÖTKJÓLNUM Lady Gaga fannst þægilegt að vera í kjötkjólnum.

Kjötkjöllinn sá þægilegasti

Listrænn stjórnandi Lady Gaga, Nicola Formichetti, sér eftir nokkrum kjólum söngkonunnar en ekki hinum fræga kjötkjóli. Formichetti aðstoðar Gaga við kjólagarðina og margir kjólarnir eru ákaflega sérstakir.

„Kjötið var keypt hjá slátrara heima í Los Angeles. Það var argentínskt, held ég,“ sagði hún um kjötkjöllinn sem Gaga klæddist á MTV-tónlistarverðlaununum 2010. „Hún sagði mér að kjötkjöllinn hefði verið það þægilegasta sem ég hefði búið til handa henni.“

FULLKOMNAÐU STEMNINGUNA



NÝTT!

fylling með jarðarberjabragði
í ljósu súkkulaði

NS
NÓI SÍRÍUS

Persónuleg og heilsteypt rokkplata

★★★★★

God's Lonely Man

Pétur Ben

EIGIN ÚTGÁFA

God's Lonely Man er önnur sóló-plata Péturs Ben. Sú fyrri, Wine for My Weakness, kom út árið 2006 og fékk mjög góða dóma, var meðal annars valin besta rokk- og jaðartónlistarplatan á Íslensku tónlistarverðlaununum árið eftir.

Pétur hefur samt ekki setið auðum höndum þessi sex ár sem liðu á milli platna. Hann hefur unnið sem upptökustjóri, laga-höfundur og hljóðfæra-leikari, meðal annars með Mugison, Bubba og Ellen Kristjáns, auk þess að hafa samið tónlist fyrir kvikmyndir og leikhús. Í fyrra gerði hann svo plötuna Numbers Game í samstarfi við Eberg.

Það fór mikil vinna í God's Lonely Man. Hún var meðal annars tekin upp tvisvar þar sem Pétur var ekki nógu sáttur við útkomuna í fyrra skiptið. Það er ekki hægt að segja annað en að umstangið hafi borgað sig. Þetta er óvenju kraftmikil og sannfærandi rokkplata.

God's Lonely Man sækir stíft í jaðarrokk síðustu áratuga. Það er til dæmis greinileg All Tomorrow's Parties (Velvet Underground) stemning í upphafslaginu Pieces of the Moon (áslátturinn, gítarinn, fiðlan...), titillagið minnir töluvert á tónlist Nick Cave & the Bad Seeds og á laginu Yellow



GOD'S LONELY MAN „Þetta er óvenju kraftmikil og sannfærandi rokkplata.“

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Flower er Jesus & Mary Chain-blær. Hljómur plötunnar er frekar hrár og djúpur og mjög vel heppnaður.

Davíð Þór Jónsson spilar á hammond og píanó, Amiinu-stelpurnar sjá um strengjaleikinn og svo framvegis. Margir þessara snillinga sýna fín tilþrif en Pétur sjálfur er samt í aðalhlutverki og sýnir enn á ný hvað hann er frábær gítarleikari.

Þó að áhrif heyrast frá jaðarrokki síðustu áratuga á God's Lonely Man hefur Pétur Ben fundið sína eigin samsetningu og útkoman er heilsteypt og flott plata. Textarnir, sem eru á ensku, eru líka góðir. Þeir eru bæði persónulegir og fullir af skemmtilegum pælingum.

Trausti Júlíusson

Auk hefðbundinna rokkhljóðfæra eru strengir í öllum lögnum nema loklaginu. Þeir eru misáberandi í hljóðblönduninni, en setja oft sterkan svip á tónlistina. Lokalagið, Tomorrow's Rain, sker sig svolítið úr og er eitt af bestu lögnum. Í því gegnir kórsöngur mikilvægu hlutverki og sá kór er ekki verri endanum; Sindri Sin Fang, Lay Low, Snorri Helgason og fleiri. Það er reyndar valinn maður í hverju rúmi á plötunni. Sigtryggur Baldursson trommar,

NIÐURSTAÐA: Sterk og persónuleg rokkplata frá Pétur Ben.

NÝTT

Senseo®

MEIRI FYLLING & MEIRI munadur




„Kaffipúðarnir passa í allar tvöfaldar skeiðar sem fylgja með Senseo vélum“



UPPGÖTVAÐU NÝJAN BRAGÐHEIM SENSEO

750 KR.

OG EIMSKIP FLYTJANDI KEMUR JÓLAPÖKKUNUM TIL SKILA.



ALLT AÐ 45 KG

Glimrandi gott verð fyrir allt að 45 kg þungan pakka – aðeins 750 krónur hvert á land sem er. Sendu jólapakkann þinn fljótt og örugglega með Eimskip Flytjanda. Upplýsingar um næsta afgreiðslustað á www.flytjandi.is

Viðtakandi fær tilkynningu þegar sækja má sendingu. Hámarksstærð pakka er 0,5 x 0,5 x 0,5 m og hámarksþyngd 45 kg.



www.flytjandi.is | sími 525 7700 |



SAMBÍÓIN SAMbio.is

PRÍÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG

WELCOME TO THE HOME OF THE BRAVE

TILBOÐ

MÖGNUÐ SPENNUMYND

CHRIS HEMSWORTH JOSH PECK JOSH HUTCHERSON
DOMINIQUE PALAČKO ESTER LUCAS JEFFREY BRAN MCGREYAN

RED DAWN

FRÁ ÆM SÓMU OG ÆRÐUOKKUR

FRÁ ÆR FRÖLSKYLDUSKEMTTUN

GODSAGNIRNAR FIMM

TILBOÐ

„BESTA ILLI MENNI ÞESSA ÁRS“
- MATTHEY FOX
- PETER HAMMOND - BOB OFFICE

ALEX CROSS

TILBOÐ

Í 2D OG 3D MEÐ ISLENSKU TALI

Í 2D MEÐ ENSKU TALI/ISL. TEXTA

RISE OF THE GUARDIANS

TILBOÐ

SKYFALL

TILBOÐ

BOOM

TILBOÐ

ARGO

TILBOÐ

breaking dawn

TILBOÐ

| | |
|---|--|
| ALFABAKKA | EGILSHÖLL |
| RED DAWN KL. 5:50 - 8 - 10:10 | RED DAWN KL. 8 - 10:10 |
| RED DAWN VIP KL. 5:50 - 8 - 10:20 | RISE OF THE GUARDIANS 3D KL. 5:30 |
| RISE OF THE GUARDIANS 3D KL. 5:50 | RISE OF THE GUARDIANS 3D KL. 5:50 |
| RISE OF THE GUARDIANS 2D KL. 5:50 | ALEX CROSS KL. 8 - 10:20 |
| RISE OF THE GUARDIANS 2D KL. 10:10 | TWILIGHT BREAKING DAWN PART 2 KL. 5:30 - 8 |
| PLAYING FOR KEEPS KL. 8 - 10:20 | HERE COMES BOOM KL. 8 - 10:30 |
| CHRISTMAS VACATION KL. 5:50 - 8 | ARGO KL. 10:20 |
| ALEX CROSS KL. 10:30 | WRECK-IT RALPH 3D KL. 5:40 |
| TWILIGHT: BREAKING DAWN PART 2 KL. 8 | 3D KRINGLUNNI NÚMÉRUD SÆTI |
| WRECK-IT RALPH 2D KL. 5:50 | RED DAWN KL. 10:20 - 11 |
| ARGO KL. 8 - 10:30 | RISE OF THE GUARDIANS 3D KL. 3 |
| | RISE OF THE GUARDIANS 3D KL. 5:50 |
| AKUREYRI | RISE OF THE GUARDIANS 3D KL. 8 |
| RED DAWN KL. 8 - 10:10 | PLAYING FOR KEEPS KL. 5:40 - 8 |
| RISE OF THE GUARDIANS 3D KL. 6 | SKYFALL KL. 5 - 8 - 10:10 |
| CHRISTMAS VACATION KL. 6 - 8 | |
| ALEX CROSS KL. 10:10 | |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á **SAMBIO.IS**

Hér til að slaka á

Íslenskir áhorfendur þekkja norska leikarann Terje Skonseng Naudeer úr sjónvarpsþáttunum Himmelblá. Hann er staddur á Íslandi þessa dagana þar sem hann slakar á, slæpist um og ætlar að skoða Hörpu og listagallerí.

„Ég er hér til þess að heim-sækja vini,“ segir norski leikarinn Terje Skonseng Naudeer, en hann ákvað að skella sér í vetrarfrí til Íslands.

Terje hefur verið tíður gestur á skjáum landsmanna í sjónvarpsþáttunum Himmelblá, en þar leikur hann smábátaveiðimanninn Roland.

„Ég lærði leiklist í ArtsEd-skólanum í London, og í mínum árgangi voru heilir sex Íslendingar,“ segir Terje, en hann heldur í venskap sinn við þá og er þetta önnur heimsókn hans til landsins. „Árið 2004 kom ég í svona týpíska túristaheimsókn. Fór í Bláa lónið, sá Gullfoss og Geysi og allt það. Núna kom ég bara til þess að slaka á.“

Terje gistir á hóteli í miðbæ Reykjavíkur og nýtur þess að rölta um borgina. „Ég hef verið svolítið í sundlaugunum, en svo kann ég líka vel við að labba bara um, fá mér kaffibolla og lesa bók,“ bætir hann við, en hann á tvo daga eftir af dvöl sinni.

„Ég fer héðan á fimmtudaginn, en þangað til ætla ég að slæpast sem mest. Mig langar að skoða listagallerí, sjá Hörpu og sitthvað fleira,“ segir þessi geðþekki leikari rétt áður en hann skýst inn á kaffihús.



SLÆPIST Í SUNDI Norski leikarinn Terje Skonseng Naudeer hefur haft það náðugt á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ástir og örlög á Ylvingen

Norska þáttaröðin Himmelblá er með þeim allra vinsælustu þar í landi frá upphafi. Í þessum dramatíska þáttum fylgjumst við með einstæðri móður flytja ásamt börnunum sínum frá Ósló til Ylvingen, en það er þínútil eyja í norðurhluta Noregs.

Alls voru gerðar þrjár seríur og var það að meðaltali um ein milljón Norðmanna sem fylgdist með. Þátturinn sló áhorfsmet þegar 1.309.000 manns horfðu á lokapátt annarrar seríu, en það samsvarar um fjórðungi norsku þjóðarinnar.



Trinsi í hópi frægra gítarleikara

Brasilíski gítarleikarinn Thiago Trinsi með lag á bandarískri safnplötu.

Brasilíski gítarleikarinn Thiago Trinsi, sem starfar hér á landi sem tónlistarkennari, er að taka upp lag sem verður á safnplötunni Gítar Wizards sem bandaríska útgáfufyrirtækið Versailles gefur út víða um heim í janúar.

Margir þekktir gítarleikarar eiga lög á plötunni, þar á meðal Gilby Clarke, sem spilaði með Guns N'Roses, Bernie Marsden, sem spilaði með Whitesnake, og Jimmy Crespo, fyrrum liðsmaður Aerosmith.

Með Trinsi í laginu spila trommarinn Garry King, sem hefur unnið með Jeff Beck og Paul McCartney, Mike Lepond, bassaleikari Symphony X, og hlóm-borðsleikarinn Sergey Boykov.

Trinsi viðurkennir að það sé

mikill heiður að fá að vera með á plötunni og einnig að hafa fengið þessa góðu tónlistarmenn til að spila með sér í laginu.

Aðspurður segist hann hafa fengið boð um að eiga lag á plötunni eftir að hafa haldið fyrirlestra í Bandaríkjunum um gítarleik. „Ég hef verið að spila fyrir marga áhorfendur og margir frá útgáfufyrirtækjum hafa komið að horfa á,“ segir hann.

Trinsi, sem hefur náð langt í gítarkeppnum á netinu, hefur ekki haldið slíka fyrirlestra hér á landi en segist hafa áhuga á því ef slíkt myndi bjóðast. Hann hefur einnig ferðast um Bandaríkin til að kynna nýtt kennslumyndband í gítarleik sem hann bjó til.



THIAGO TRINSI Brasilíski gítarleikarinn á lag á plötunni Gítar Wizards. -fb

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR **5%**

SO UNDERCOVER KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 **7**

GODSAGNIRNAR FIMM 3D KL. 3.40 **7**

GODSAGNIRNAR FIMM 2D KL. 3.40 - 5.50 **7**

KILLING THEM SOFTLY KL. 8 - 10.15 **16**

SILVER LININGS PLAYBOOK KL. 10.20 **16**

HERE COMES THE BOOM KL. 5.40 - 8 **7**

NIKO 2 KL. 3.40 **L**

SKYFALL KL. 6 - 9 **12**

SKYFALL LÚXUS KL. 6 - 9 **12**

facebook /smarabio • facebook /haskolabio

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐLIS **5%**

JACKPOT KL. 6 - 8 - 10 **16**

SILVER LININGS PLAYBOOK KL. 5.20 - 8 - 10.40 **16**

CLOUD ATLAS KL. 5.30 - 8 - 9 **16**

DJÚPIÐ KL. 5.50 **10**

BORGARBÍÓ PRÍÐJUDAGSTILBOÐIN GILDA EKKI Í BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐLIS

SO UNDERCOVER KL. 8 - 10 **L**

KILLING THEM SOFTLY KL. 8 - 10 **16**

HERE COMES THE BOOM KL. 5.50 **7**

SKYFALL KL. 5.20 **12**

mid.is LAUGARÁS BÍÓ **5%**

www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075

SO UNDERCOVER **7**

GODSAGNIRNAR FIMM **L**

KILLING THEM SOFTLY **16**

PRÍÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR

SKYFALL **12**

LAUGARÁSBIÓ Sýningartímar

SO UNDERCOVER 6, 8 **7**

RISE OF THE GUARDIANS 3D 6 **7**

KILLING THEM SOFTLY 10 **16**

SKYFALL 6, 9 **12**

LYFJA - Lífið heil

Ekki gleyma þér um jólin

Fjölvitamín, öflug trefjablanda og Gr8 góðgerlablanda. **NOW** eru bætiefni án óæskilegra aukaeftna.

Fyrir þig í Lyfju

www.lyfja.is

ISLENSKASÍJUS 1174 4201 1212

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvk ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ PARADÍS

PRÍÐJUDAGUR: WADJDA (L) 18.00, 20.00, 22.20 ■ ARFUR NÓBELS (16) 18.00, 22.00 ■ SAFETY NOT GUARANTEED (L) 18.00, 20.00, 22.00 ■ SEARCHING FOR SUGAR MAN (L) 18.00, 22.00 ■ DJÚPIÐ (L) (ENG. SUBS.) 20.00 ■ ÚTSKRIFTARSÝNINGAR KVIKMYNDASKÓLA ÍSLANDS - FRÍTT INN (16) 13-18, 20.00

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn

PRÍÐJUDAGSTILBOÐ: 950 kr. miðinn!

Bláeygt og blæbrigðalítið

TÓNLIST ★★★★★

Fallið lauf

Sverrir Bergmann
SENA



Fallið lauf er önnur sóló-plata Sverris Bergmanns og sú fyrsta sem er sungin einungis á íslensku. Sverrir var áður helsta driffjöðrin í hljómsveitinni Daysleeper, sem spilaði kassagítar-rokktónlist undir sterkum áhrifum grugg-tónlistarstefnunnar. Á þessari plötu nýtur hann fulltingis Halldórs Gunnars Pálssonar, sem er best þekktur sem kórstjóri Fjalla-bræðra. Þeir unnu einmitt með Sverri að þjóðhátíðarlagi Vestmannaeyja nú í sumar (Þar sem hjartað slær).

Platan hefur að geyma 11 lög og er þjóðhátíðarlagið þar á meðal. Fjögur þeirra samdi Halldór en

annars eru löginn „fengin að láni“ frá erlendum lagahöfundum og við þau hafa verið samdir íslenskir textar, flestir af þeim Sævari Sigurgeirssyni og Hallgrími Oddssyni. Textarnir fjalla um ástina og hvernig hún virðist vandræðast fyrir fólki, en þá er best að sættast (Semjum frið) eða bara neita að fara (Ég fer ekki neitt)!

Lagavalið ber þess merki að þeir Sverrir og Halldór sækja mikið til sálartónlistar, jafnvel þeirrar stefnu sem kölluð hefur verið upp á ensku „blue-eyed soul“ (eitt lagið heitir meira að segja Augun blá). Meðal lagahöfunda eru Amos Lee, James Morrison og sálargoðsögnin Dan Penn.

Á plötunni má greina einnig greina sterk gospel-áhrif

(Kærleikur, von og trú, Að dökkri strönd). Fallið lauf er því miður frekar tilþrífaltil plata og það er ekki fyrr en með síðustu lögunum, sem bæði eru eftir Halldór, að maður heyrir hvers Sverrir er megnugur sem söngvari (Augun blá, Þar sem hjartað slær). Að öðru leyti skilja löginn lítið eftir sig, og stundum finnst manni sem sama lagið spilið í tví- eða þriggung. Auðvelt er að ímynda sér að einhverjir kunni að meta plötuna, einmitt vegna blæbrigðaleysisins. Það væri til að mynda róandi að heyrja lög af henni, væri maður fastur í umferð. Löggin eru nokkuð múnótónísk, sem er synd því Sverrir hefur löngu sannað sig sem finn söngvari. Ef til vill ætti hann að koma meira að lagasmíðunum sjálfur. Björn Teitsson

NIÐURSTAÐA: Tilþrífaltil sálarpata frá annars göðum söngvara.

Jólatónleikar Bartóna og Kötlu

Karلاكór Kaffibarsins og Kvinnakórinn Katla halda tónleika til styrktar Barnaspítala Hringins.

Karلاكór Kaffibarsins, Bartónar, og kvinnakórinn Katla blása til jólatónleika í Tjarnarbíói í kvöld. Tónleikarnir hefjast klukkan 20 og allur ágóði rennur til Barnaspítala Hringins. Þetta er í fyrsta sinn sem kórarnir sameinast á tónleikum. Kórinn Bartónar var stofnaður fyrir nokkrum misserum og hefur verið iðinn við tónleikahald víðs vegar um borgina. Kvinnakórinn Katla er hins vegar nýstofnaður. Búast má við miklu stuði þar sem ætlunin er að koma áhorfendum í sannkallað jólasþap. Tónlistarmaðurinn Cheek Mountain Thief kemur einnig fram á tónleikunum.

Miðar kosta 1.000 krónur og fást á midasala@tjarnarbio.is, í síma 512 2100 eða á Kaffibarnum.



BARTÓNAR Karلاكór Kaffibarsins, Bartónar, hefur vakið athygli fyrir líflegan flutning, en hann blæs til jólatónleika í Tjarnarbíói í kvöld ásamt kvinnakórnum Kötlu og tónlistarmanninum Cheek Mountain Thief.

FÉLAGSFUNDUR VM

Félags vélstjóra og málmtæknimanna

VM heldur félagsfund 18. desember kl. 20:00 í VM húsinu



DAGSKRÁ FUNDARINS:

1. Endurskoðun kjarasamninga 21. janúar 2013
2. Önnur mál

Nánari upplýsingar á heimasíðu VM, www.vm.is.

VM-FÉLAG VÉLSTJÓRA OG MÁLMTÆKNIMANNA
Stórhöfða 25 - 110 Reykjavík - 575 9800 - www.vm.is



- okkur er annst um þinn hag

GJAFAKORT

KORT

Gjafakort Kringlunnar er gjöf af öllu hjarta. Þú færð kortið á þjónustuborðinu á 1. hæð við Hagkaup eða á gjafakort.kringlan.is

AF ÖLLU HJARTA

Kringlan

KRINGLAN.IS 25 ÁRA



Lið rekið fyrir hommahatur

FÓTBOLTI Öllum liðsmönnum sænska knattspyrnuliðsins Sörskogens IF var vikið úr félaginu eftir að hafa gert sig seka um að auka samkynhneigða andstæðinga sína svívirðingum.

Liðið lék á dögnum við liðið Snipers frá Stokkhólmi, í sjö-undu deild þar í landi, en allir leikmenn Snipers eru sam- eða tvíkynhneigdir.

Sörskogens fékk sekt frá knattspyrnusambandinu, en forsvarsmenn liðsins bættu um betur og ráku alla liðsmennina.

- seth

Stelpurnar mæta Dönum

FÓTBOLTI Kvinnalandslið Íslands í knattspyrnu mætir Dönum í vináttuleik þann 20. júní á næsta ári og verður leikið í Danmörku. Leikurinn verður að öllum líkindum síðasti leikur Íslands áður en úrslitakeppni Evrópumótisins hefst þann 10. júlí í Svíþjóð.

Danir eru líkt og Íslendingar á meðal keppenda á EM. Danir eru í A-riðli ásamt Svíþjóð, Ítalíu og Finnlandi. Danmörk er í 13. sæti á styrkleikalista FIFA en Ísland er þar skammt á eftir eða í 15. sæti.

Ísland og Danmörk hafa mæst sex sinnum áður og Ísland hefur aðeins einu sinni lagt Dani að velli. Það var á Algarve-mótinu árið 2011. Danir hafa unnið fimm leiki. Ísland mætir Skotlandi í vináttuleik á Laugardalsvelli þann 1. júní og í mars verður leikið í Algarve-bikarnum á Spáni þar sem mótherjar Íslands verða Bandaríkin, Svíþjóð og Kína.

DUROL BURSTAMOTTAN

5 ára ábyrgð
5 ára ábyrgð

- Í öll anddyri
- Hvaða stærð sem er
- Afgreidd á 2 dögum

BURSTAGERÐIN
ÍSLENSKUR IÐNAÐUR

Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
Sími 480-0030 · www.burstagerdin.is



Samkeppnin meiri hjá Íslandi

Knattspyrnukappinn Aron Jóhannsson hefur ekki gert upp hug sinn hvort hann kjósi að spila fyrir hönd Íslands eða Bandaríkjanna. Landsliðsþjálfari Bandaríkjanna hringdi í Aron og lýsti yfir áhuga sínum á honum.

FÓTBOLTI Óhætt er að segja að Aron Jóhannsson hafi slegið í gegn hjá AGF í dönsku úrvalsdeildinni á árinu sem senn er liðið. Deildarmörk kappans urðu tuttugu samanlagt en fjórtán þeirra hafa verið skorud á yfirstandandi leiktíð.

„Þetta er besta árið mitt, hingað til. Ég ætla að vona að ég sé ekki að toppa núna, 22 ára. Vonandi er eitthvað meira og betra eftir,“ segir Aron. Frammistaða Grafarvogspiltsins er sérstaklega aðáunaverð í ljósi þess að hann hefur ekki gengið heill til skógar síðan í lok ágúst.

„Í tvo mánuði æfði ég bara tvisvar í viku til þess að ég gæti náð leikjunum og þá spilað 60 eða 70 mínútur. Þegar ég var alveg meiddur var ég látinn æfa daginn fyrir leik til þess að geta komið inn á þegar hálf tími var eftir af leik,“ segir Aron og grínast með að það hafi eyðilagt tölfræðina fyrir sér. Hann sé í raun og veru búinn að skora rúmlega mark að meðaltali í leik og hann sé fullur af sjálfs-trausti.

„Alveg tvímælalaust. Ég finn líka þegar það hefur gengið svona vel marga leiki í röð fer maður inn á völinn vitandi að maður mun skora. Ef maður skorar ekki á maður allavega góðan leik. Mér líður eins og ég viti það að ég sé að fara inn á og spila vel,“ segir Aron.

Jürgen Klinsmann hringir

Aron er alíslenskur en fæddur í Bandaríkjunum þar sem foreldrar hans voru við nám. Hann er því gjaldgengur í bandaríska landsliðið. Aron sagði þó í viðtali við Fréttablaðið í byrjun október að umræða um að hann væri gjaldgengur í bandaríska landsliðið hefði farið inn um annað eyrað og út um hitt. Jürgen Klinsmann, landsliðsþjálfari Bandaríkjanna og fyrrum stjórnframerji þýska landsliðsins, hefði hringt í Aron en svar hans hefði verið að hann væri Íslendingur og myndi velja Ísland. Aron var valinn í landsliðshópinn fyrir leikina gegn Albaníu og Sviss í undankeppni HM í október og málið virtist úr sögunni.

„Svo meiddist ég og komst ekki í landsliðsferðina þar sem ég hefði líklega spilað fyrstu landsleikina mína,“ segir Aron og þá hringdi Klinsmann á nýjan leik og

minnti á möguleika hans vestanhafs. Aron var ekki valinn í landsliðshópinn fyrir æfingaleik gegn Andorra í nóvember og enn hringir Klinsmann. Nú býður hann Aroni til æfingabúða bandaríska landsliðsins í Los Angeles og Arizona-ríki í janúar.

„Þetta áttu að vera tvær vikur og tækifæri fyrir mig að sjá hvernig þeir vinna, hitta strákana, þjálfarana og hann (Klinsmann) sjálfan,“ segir Aron.

„Ég eyk auðvitað verðgildið á sjálfum mér með því að vera valinn í bandaríska landsliðið. Þótt ég hefði farið í þessa ferð hefði ég ekkert verið búinn að spila landsleik og gæti enn spilað fyrir Ísland. Ég leit meira á þessa ferð sem tækifæri fyrir sjálfan mig.“

Meiðsli Arons komu í veg fyrir að hann gæti mætt í æfingabúðirnar. Aron fer í aðgerð vegna kvíðslits á miðvikudaginn og verður frá æfingum næstu vikurnar. Að öllu eðlilegu verður hann kominn í gott stand þegar leik í dönsku úrvalsdeildinni verður framhaldið í mars.

Fundaði með Heimi Hallgrímssyni

Aron skoraði fjögur mörk fyrir AGF í einum leik í dönsku úrvalsdeildinni í lok ágúst. Daginn eftir var landsliðshópurinn fyrir leikina gegn Noregi og Kýpur í undankeppni HM kynntur. Mikil framherjavandræði hrjáðu íslenska liðið en þó var ekkert pláss fyrir Aron. Lagerbäck var spurður að því hvort Aron gæti leyst framherjakrísuna. Lagerbäck sagði að samkvæmt sínum heimildum væri tími Arons ekki kominn og gæðamunur væri á honum og Birni Bergmann Sigurðarsyni. Sá sænski hafði þó ekki séð Aron spila.

„Mér fannst það auðvitað frekar svekkjandi því ég var búinn að standa mig vel allt árið í Danmörku fram að þeim tíma. Sérstaklega þar sem að enginn framherji gat spilað þá var hann ekkert búinn að tækka á mér,“ segir Aron. „Markmiðið hjá mér, þegar ég las þetta, var að standa mig það vel að hann gæti ekki litið framhá mér. Ég vona að ég sé búinn að því núna,“ segir Aron sem var valinn í landsliðið í næsta verkefni eins og fjallað var um hér að ofan.

„Ég hélt áfram að skora og standa mig vel. Ég ætlaði að fara í þessa landsliðsferð og fá mína fyrstu landsleiki. Ég var hins vegar meiddur í náranum og treysti mér ekki til að fara. Ef

ég hefði farið væri þetta búið mál og enginn að pæla í þessu.“

Aron fundaði með Heimi Hallgrímssyni, aðstoðarmanni Lagerbäck, á föstudaginn.

„Við töludum lengi og vel saman,“ segir Aron. „Hann gerði mér ljóst að þeir vildu að ég spilaði fyrir Ísland. Auðvitað skil ég það. Ég var auðvitað ekki að ætlast til þess að hann myndi lofa mér einu né neinu í þessu spjalli. Hann gerði mér ljóst, eins og þeir gerðu um daginn þegar þeir völdu mig í landsliðið, að þeir væru auðvitað að velja mig til þess að ég myndi spila með þeim.“

Þrátt fyrir að hafa verið mikið í sviðsljósinu undanfarna daga og vikur hefur Aron humor fyrir þessu öllu saman.

„Ég gæti þurft að taka upp þátt eins og LeBron og nefna hann „Ákvörðunin“,“ segir Aron og hlær. NBA-stjarnan LeBron James vakti mikla athygli í sjónvarpsþættinum „The Decision“ þar sem fylgst var með ákvörðunarferlinu í aðdragandi þess að hann gekk til liðs við Miami Heat frá Cleveland Cavaliers.

„Það er mikið að gera hjá mér núna. Fyrst ég er að standa mig svona vel sýna fullt af liðum áhuga. Það er aldrei að vita hvað gerist. Þegar næstu landsleikir koma vona ég að ég geti tekið ákvörðun sem ég er mjög ánægður með sjálfur,“ segir Aron.

kolbeintumi@365.is

Framherjar Íslands betri

„Mér finnst framherjarnir í íslenska landsliðinu vera betri en þeir bandarísku,“ segir Aron, sem telur samkeppnina um stöðu framherja í íslenska landsliðinu meiri en í því bandaríska. Ekki minnki samkeppnin þegar landsliðsþjálfarinn Lars Lagerbäck stilli miðjumönnumum Grylfa Sigurðssyni og Birki Bjarnasyni upp í framliðu landsliðsins. Því séu í raun fimm heimsklassa framherjar á undan Aroni í röðinni.

„Bandaríkin eiga auðvitað fullt af leikmönnum líka,“ segir Aron. „Ég ætla ekki að byggja ákvörðunina á því að ég sé hræddur um að það séu einhverjir aðrir á undan mér. Ég verð að hafa trú á sjálfum mér að ég geti fengið að spila. Í því landsliði sem ég mun velja verð ég að sanna fyrir þjálfaranum að ég eigi að spila frekar en hinir,“ segir Aron, sem áttar sig á því að Bandaríkin séu nánast fastagestur á lokakeppnum heimsmeistaramóta. Færi hann á HM væri það mikilvægt fyrir sjálfan sig.

„Auðvitað langar mig að spila fyrir Ísland. Það hefur verið draumurinn minn frá því ég var lítil. Hvort það sé betra fyrir ferilinn minn og sjálfan mig að spila fyrir Bandaríkin getur vel verið líka.“

SAMKEPPNIN UM FRAMHERJASTÖÐUNA Í BANDARÍKJUNUM



JOZY ALTIDORE er fyrsti kostur í framliðu bandaríska liðsins í dag. Framherjinn 23 ára hefur skorað 13 mörk í 52 landsleikjum og verið iðinn við kolann hjá AZ Alkmaar í Hollandi.



TERRENCE BOYD er fæddur í Þýskalandi en á bandarískan föður sem hann hefur þó slitið á öll tengsl við. Boyd er 21 árs og spilar með Rapid í Vín í Austurríki. Hann á enn eftir að skora fyrir landslið Bandaríkjanna eftir sjö tilraunir.



HERCULEZ GOMEZ spilaði sinn fyrsta landsleik 25 ára en stendur nú á þrítugu. Gomez spilar með Santos Laguna í efstu deild í Mexíkó. Hann hefur skorað 5 mörk í 19 landsleikjum.



JUAN AGUDELO á ættir sínar að rekja til Kólumbíu. Sóknarmaðurinn tvítugi leikur með Chivas USA í atvinnumannadeildinni vestanhafs, MLS-deildinni. Hann hefur skorað tvö mörk í 16 landsleikjum.



EDDIE JOHNSON hefur verið viðloðandi landsliðið frá 2004. Johnson, sem er 28 ára og spilar með Seattle Sounders í MLS-deildinni, hefur skorað 14 mörk í 44 landsleikjum.



SKÓRNIR SEM
BREYTTU HEIMINUM

2.390 KR

BÓKA 24 TÍMA SPRENGJA

TILBOÐIÐ GILDIR FRÁ 18. - 19. DES EÐA Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST



DAGBÓK
EDDU BJÖRGVINS

2.845 KR

Birt með fyrirvara um staðsetningarvillur og eða myndavíxl

Betra líkamlegt ásigkomulag skortir

Íslenska kvennalandsliðið í handknattleik mætir Tékkum í umspilsleikjum um sæti á heimsmeistaramótinu næsta sumar. Landsliðsþjálfarinn segir að bæta þurfi frammistöðuna frá því á EM í Serbíu til að eiga möguleika og að stelpurnar þurfi að vera í betra standi.

HANDBOLTI „Tékkar eru með gríðarlega sterkt lið. Þær spiluðu frábærlega á EM og unnu sem dæmi Úkraínu, lið sem við töpuðum í tvígang fyrir í riðlakeppni EM. Þær töpuðu naumlega bæði gegn Noregi og Danmörku. Þá leiki sá ég og þær voru að spila virkilega vel,“ segir Ágúst Jóhannsson, þjálfari kvennalandsliðs Íslands.

Um liðna helgi varð ljóst að Ísland mætir Tékkum í umspilsleikjum um sæti á heimsmeistaramótinu í Serbíu. Leikirnir fara fram í júní en lokakeppnin í desember.

Ísland hefði ekki getað fengið betri mótherja í drættinum og Ágúst játar því að ekkert lið hafi verið ofar á óskalistanum. Tékkar og Rúmenar hafi komið upp í kollinn en allir andstæðingarnir séu sterkir.

„Tékkar eru mjög sterkt lið. Okkar lið þarf að vera heilsteypara í þessum leikjum og í betra líkamlegu ásigkomulagi en í Serbíu. Það er eitthvað sem leikmenn þurfa að vinna í og ég kem til með að ræða við hópinn í rölegheitunum,“ segir Ágúst og telur Íslendinga eiga helmingsmöguleika gegn Tékkum svo framarlega sem stelpurnar verði í betra standi.

Ísland fær fríköst en andstæðingurinn víti

Ágúst nefnir vítaköst sem dæmi þegar hann er spurður hvernig Ísland standi illa hvað líkamlega getu varðar.

„Við fáum á okkur 21 vítakast í þremur leikjum á meðan við

sækjum ellefu. Það er bara einn þáttur. Þegar okkar leikmenn sækja í fíntur, fara í árásir einn gegn einum þá fáum við fríköst. Við klárum ekki brotin okkar megin nógu vel og fáum á okkur vítaköst,“ segir Ágúst en gerir sér grein fyrir því að líkamlegur styrkur verði ekki bættur yfir nóttu.

„Þetta er einn þáttur í þessu sem við þurfum að vinna í hægt og rólega og markvisst á næstu árum. Þetta er ekkert sem breytist á næstu mánuðum.“

Vinstri skyttarnar klikkuðu

Ágúst segir vissulega vonbrigði að íslenska liðið hafi ekki komist upp úr riðli sínum á Evrópumótinu í Serbíu sem lauk um helgina. Markmiðið hafi verið háleitt en spilamennskan hafi þó valdið honum vonbrigðum ef frá er talið tapið gegn Rúmeníu sem hafi verið góður leikur af hálfu íslenska liðsins.

„Þess ber þó að geta að Svartfjallaland vann mótið og Rússland varð í sjötta sæti. Þetta eru gríðarlega sterkar þjóðir, það segir sig sjálf, en að sama skapi vil ég meina að við getum betur og eigum að geta sýnt betri spilamennsku en við gerðum. Varnarleikurinn var almennt nokkurn veginn á pari en hraðaupphlaup og sóknarleikur er eitthvað sem við þurfum að vinna með,“ segir Ágúst sem vill að fleiri leikmenn taki meiri ábyrgð í sóknarleiknum.

Vinstri skyttur íslenska liðsins, þær Stella Sigurðardóttir, Ramune Pekarskyte og Hrafnhildur Ósk



TVEIR GÓÐIR Ágúst Jóhannsson (til hægri) með Gústaf Adolf Björnsson, aðstoðarmann sinn, sér við hægri hönd á æfingu landsliðsins í Serbíu.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Skúladóttir, náðu sér engan veginn á strik á mótinu.

Purfum að spila betur en í Serbíu

„Það var svo sem sama hver var að spila þar, þær voru því miður ekki að ná sér á strik. Allar reyndu að sjálfsögðu 100 prósent, það vantaði ekkert upp á það, en svona er þetta stundum. Það náði sér enginn á strik þar og það vantaði

sárlega mörk af vinstri vængnum. Það segir sig sjálf að lykilmenn þar voru ekki að skora þau mörk sem þeir eru vanir að gera,“ segir Ágúst sem var afar ánægður með framlag Rutar Jónsdóttur í stöðu hægri skyttu.

„Rut spilaði frábærlega og þetta var hennar besta stórmót,“ segir Ágúst. Næst á dagskrá eru æfingaleikir í mars áður en hópurnar

kemur saman í maí fyrir leikina gegn Tékkum í júní.

„Við höfum góðan tíma fyrir leikina gegn Tékkum. Við vinnum í þessum hlutum, reynum að bæta okkur og vera eins tilbúin og við getum fyrir Tékkaleikina. Það verða gríðarlega erfiðir leikir og þar þurfum við að spila betur en við gerðum í Serbíu.“

kolbeinntumi@365.is

LATI
BÆR™

LATABÆJARBOLIR NÝ SENDING

Ípróttaálfur bolur
st. 92-122
vnr. 877830
3.999

Sollu bolur
st. 92-122
vnr. 877831
4.999

Gallaeggings
st. 92-128
vnr. 843743
1.999

Joggingbuxur
st. 1-7
vnr. 861197
2.999

Skór
st. 28-35
vnr. 862970
3.999

Skór
st. 23-35
vnr. 862981
2.999

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

Fangaðu jólastemninguna með jólatertum Myllunnar

Jólatertur Myllunnar eru komnar í næstu verslun.

Jólatertur Myllunnar eru nauðsynlegar á aðventunni. Þrjár íslenskar bragðgóðar Myllu-jólatertur, allar bakaðar eftir gamalli uppskrift: Ilmandi brún jólaterta með hefðbundnu smjörkremi, randalína með ljúffengu sveskjumauki og brún jólaterta með sultu og smjörkremi.

Fáðu þér í eina, tvær, þrjár eða sex í dag

Jólatertur Myllunnar eru ein af jólahefðunum. Þær fást í þremur gerðum sem eru hver annarri ljúffengari. Náðu þér í eina, tvær eða fimm. Fullkomlega sigildar og ávallt til staðar um jólin. Þær eru með einstöku kryddbragði og bakaðar eftir gamalli uppskrift.

Prófaðu allar gerðirnar og finndu hvernig hátíðarstemningin hellist yfir þig og þína.

Skoðaðu myllan.is. Fylgstu með á facebook.com/Myllubraud.

Jólaterturnar eru komnar í verslanir



Balotelli farinn í mál við félagið sitt

FÓTBOLT! Ítalinn Mario Balotelli virðist ætla að gera það sem hann getur til þess að komast frá Man. City því hann er nú farinn í mál við félagið.

Balotelli er afar ósáttur við að hafa verið sektaður um tveggja vikna laun fyrir agaleysi á síðustu leiktíð. Hann missti af 11 leikjum á síðustu leiktíð vegna leikbanna. Leikmaðurinn fékk níu gul spjöld og þrjú rauð.

Hann áfrýjaði þessum úrskurði félagsins en hafði ekki erindi sem erfiði innan félagsins. Hann hefur því farið með málið inn á borð



BALOTELLI Lætur ekki vaða yfir sig. NORDICPHOTOS/GETTY

ensku úrvalsdeildarinnar og þriggja manna dómstóll á vegum deildarinnar mun nú fara yfir málið.

Það er alls ekki algengt að deilur leikmanns og félags fari á borð yfirmanna deildarinnar. Samtök atvinnuknattspyrnumanna hafa verið Ítalanum innan handar frá upphafi málsins.

Balotelli er ekki sáttur í her-búðum félagsins og hefur fengið fá tækifæri í vetur. Hann fékk þó tækifæri gegn Man. Utd sem hann nýtti ekki og fékk að heyra það frá stjóranum, Roberto Mancini, eftir leik.

Hann var síðan ekki í leikmannahópi liðsins um síðustu helgi. - hbg

Góður á lélegum bílum

F1 Jenson Button, ökuþór McLaren-liðsins í Formúlu 1, segir að Lewis Hamilton, fyrrum liðsfélagi hans, muni koma nýjum liðsfélaga hjá Mercedes á óvart. Nico Rosberg eigi eftir að átta sig á hversu hæfileikaríkur og fljótur Hamilton er.

Button er eini liðsfélagi Hamilton í Formúlu 1 sem hefur endað ofar í titilbaráttunni en hann. Meðal þeirra sem ekið hafa við hlið Hamilton hjá McLaren síðan 2007 er tvöfaldi heims-

meistarinn Fernando Alonso. „Hann verður að öllum líkindum svolítið hissa,“ sagði Button þegar hann var spurður við hverju Rosberg mætti búast. „Ég veit að þeir voru liðsfélagar í gamla daga, en ég held að það muni koma honum á óvart hversu góða hluti Hamilton getur gert með lélegan bíl.“



„Þetta hefur verið gott samstarf hjá okkur Hamilton,“ sagði Button enn fremur. „Við höfum haft gaman af þessu.“

- bph

UPPRISA PEYTON MANNING

Það voru ansi margir búnir að afskrifa Peyton Manning fyrir tímabilið í ár. Hann hafði misst út heilt tímabil vegna meiðsla var búinn að gangast undir þrjár aðgerðir vegna meiðsla á hálsi. Manning hefur blásið á allar hrakspár í vetur og spilað eins og kóngur.

NFL Leikstjórnandinn Peyton Manning hefur verið ein skærasta stjarna bandarískra íþróttaráttanna frá því hann kom inn í deildina árið 1998. Hann spilaði fjórtán tímabil með Indianapolis Colts en var látinn fara frá félaginu fyrir yfirstandandi tímabil.

Ástæðan var sú að Manning hafði farið í þrjár aðgerðir á hálsi og óvissa var um hvort hann gæti spilað aftur. Þess utan er leikmaðurinn orðinn 36 ára gamall og Colts valdi leikstjórnandann Andrew Luck fyrstan í síðasta nýliðavali.

Félagið varð því að forna sínum dáðasta syni og byggja upp á nýtt með Luck. Það var engu að síður afar erfið ákvörðun fyrir félagið en sú staðreynd að Manning átti að fá stjernfræðilegar upphæðir fyrir næsta ár auðveldaði þó ákvörðunina.

36 ára gamall varð Manning líklega eftirsóttasti leikmaður allra tíma í deildinni með lausan samning. Hann fór ekki leynt með meiðsli sín er hann heimsótti félög og fór í alls kyns prófanir fyrir þau. Eðlilegt enda hafði hann misst af öllu síðasta tímabili vegna meiðsla.

Á endanum fór þó svo að hann samdi við Denver Broncos sem fornaði hinum unga Tim Tebow fyrir Manning. Það sem meira er þá skrifaði Manning undir fimm ára samning við félagið. Fyrir þann samning fær hann litlar 96 milljónir dollara.

Í sínum fyrsta leik í vetur sýndi Manning að þrátt fyrir langa fjarveru væri hann enn einn af bestu leikmönnum deildarinnar. Hann kláraði 19 af 26 sendingum sínum í leiknum og kastaði í heildina yfir 250 metra. Þar af voru tvær sendingar fyrir snertimarki í 31-19 sigri á Pittsburgh Steelers.

Allar fyrstu vikurnar gengu ekki svona vel. Leikir hafa tapast en Denver-liðið hefur slípast eftir því sem liðið hefur á tímabilið og



GOÐSÖGN

Peyton Manning er einn merkasti íþróttamaður síðari tíma í Bandaríkjunum. Hann virðist eiga inni fleiri ár á toppnum.

NORDICPHOTOS/GETTY

Manning verður betri með hverjum leik.

Þegar stutt er í úrslitakeppnina er Denver líklega heitasta lið deildarinnar enda búíð að vinna níu leiki í röð og búíð að tryggja sig inn í úrslitakeppnina. Síðasti tapleikur var í byrjun október.

Nú um helgina vann Denver lið Baltimore á útivelli og það í fyrsta skipti. Það er tákn um breytta tíma í Denver.

Margir sérfræðingar eru á því að Manning hafi verið besti leikmaður deildarinnar í vetur ásamt þeim Tom Brady hjá New England Patriots og Adrian Peterson, hlaupara Minnesota Vikings.

Afrekaskrá Manning

Aldur: 36 ára

Hæð: 196 cm.

Pyngd: 104 kg.

Besti leikmaður NFL: 4 (2003, 2004, 2005, 2008, 2009)

Super Bowl-sigurvegari: 1 (2006)

Bestur í Super Bowl: 1 (2006)

Stjörnulið NFL: 11 (1999, 2000, 2002, 2003, 2004, 2005, 2006, 2007, 2008, 2009, 2010).

Bestur í Stjörnuleik: 1 (2005).

Manning er eini leikmaðurinn í sögu NFL-deildarinnar sem hefur verið valinn sá besti fjórum

Önnur afrek:

Fljótastur í sögunni að kasta yfir 50 þúsund metra.

Fljótastur í sögunni að ná 4.000 sendingum.

Fljótastur í sögunni að kasta fyrir 400 snertimörkum.

Flestar endurkomur í lokaleikhlutu á tímabili: 7

Fyrsti leikstjórnandinn sem nær sigri gegn öllum liðum deildarinnar.

sinnum. Það væri því sögulegt ef hann fengi verðlaunin í fimmta sinn á endurreisnartímabili sínu.

„Peyton er stórkostlegur leikmaður og myndi gera öll lið betri. Ég þakka Guði fyrir að hann sé hjá Denver Broncos,“ sagði John Fox, hjálfari Denver, en Manning var að vinna sinn níunda leik í röð gegn Baltimore.

Eins og staðan er í dag mun Denver sitja hjá í fyrstu umferð úrslitakeppinnar. Það eru svo talsverðar líkur á því að Manning mæti sínu gamla félagi, Colts, og arftaka sínum, Andrew Luck, í annarri umferð úrslitakeppinnar. Sá leikur myndi draga ansi marga menn að sjónvarps-tækjunum.

henry@frettabladid.is

Betri gæði á góðu verði

Rúm, dýnur, hægindasófar, svefnasófar, gjafavörur og fleira






LÚR
BETRI HVÍLD

Hlíðasmára 1 | 201 Kópavogur | Sími: 554-6969 | www.lur.is



Eirberg



Háls- og herðanudd

HOM-NMS300BW
Shiatsu nudd með hita. Dregur úr vöðvaspennu í hálsi og herðum.

14.750 kr.



Herðanudd – fjölnota

HOM-NSP200
Öflugt hamrandi nudd sem dregur úr vöðvabólgu. Hentar einnig á bak, mjaðmir og læri. Margskonar stillimöguleikar.

16.980 kr.



Mediflow H2O heilsukoddinn

MFL-1210

Einstakur heilsukoddi með vatnsfyllingu.

Klínískar rannsóknir sýna að Mediflow heilsukoddinn er einn besti koddinn á markaðnum til að minnka verki í hálsi og auka svefngæði.*

Mjúkur en veitir samt fullkominn stuðning fyrir hálsinn. Efsta lagið er úr mjúkum trefjum. Þar fyrir innan er vatnspúði sem fylltur er með mismiklu vatni til að stilla hæfilegan stuðning fyrir hvern og einn.

Verð: 9.750 kr.

* Lavin RA, Pappagallo M, Kuhlmeier Ky (1997). Cervical pain: a comparison of three pillows. Arch Phys Med Rehabil 78: 193-8.

Gefðu góða gjöf

Jólatilboð á Homedics nuddtækjum: Veldu tvö og fáðu 20% afslátt



Jólatilboð
Withings WiFi vogin
10%
þú sparar 3.275 kr.

Withings vogin

WIT-207

Mælir þyngd, fituhlutfall og vöðvamassa. Þráðlaus samskipti við tölvu, snjallsíma og iPod touch. Skynjar allt að 8 notendur. Birtir yfirlit í tölvunni yfir árangur og markmið. Framúrskarandi tækni og hönnun.


29.475 kr. Verð áður 32.750 kr.

Nuddrúlla með gaddaboltum

SIS-162052

Örvar blóðflæði og dregur úr vöðvaspennu.

3.590 kr.



Lítill öflug vasaljós á lykklakippuna

Verð frá: 1.950 kr.



Gigtarhandskar

MEC-10044

Hanskar sem halda hita á höndum og draga úr bólgu. Lipurt efni sem andar vel. Hentar vel fyrir fólk með liðagigt og slitgigt.

9.750 kr.



Höfuðljós H3

LED-7493

Vandað höfuðljós fyrir útivistarfólk. Með dimmer. Ljós magn: 60 lm Lengd ljósgeisla: 31 m Þyngd: 114 g

6.750 kr.



Nuddsæti með gelhausum og þrýstingi

HOM-CBS2000

Einstök tilfinning – mjúkir gelhausar sem líkja eftir höndum. Þrýstingsnudd fyrir axlir og mjóbak. Shiatsu nudd með gelhausum fyrir bak. Infrarauður hiti. Axlarhlutinn er hæðarstillanlegur svo sætið henti sem flestum. Fjarstýring með fjölda stillimöguleika.

59.760 kr.

Úrval nuddsæta verð frá 19.750 kr.

Vara væntanleg á miðvikudag



Sólarljósið í skammdeginu

LUM-NBCTE

Vekjaraklukkan sem eykur ljósmagn smátt og smátt í 30 mín. líkt og við sólarupprás. Ljósið gefur líkamanum merki um að draga úr framleiðslu svefnhormóna og auka framleiðslu hormóna sem hjálpa þér að vakna. Hentar einstaklega vel í skammdeginu á Íslandi.

17.750 kr.

Yogasokkar

SIS-34305

Stamir og hlýir sokkar sem henta vel í yoga, pilates og dans.

1.990 kr.




Rakataeki Mini

AOS-U7146

Taktu rakataekið þitt með hvert sem þú ferð. Lítið og handhægt ultrasonic rakataeki til að nota heima við, í vinnunni eða á ferðalagi. Fyrir allt að 20 m² rými. Passar fyrir allar tegundir af 0.5 l vatnsflöskum. Spennubreytir og aðlaganleg kló svo hægt er að nota tækið hvar sem er í heiminum.

8.450 kr.



Stöð 2 kl. 20.15 Modern Family

Fjörið heldur áfram í Modern Family á Stöð 2 í kvöld. Cameron byrjar í nýju starfi sem tónlistarkennari og Mitchell reynir fyrir sér sem heimavinnandi húsbóndi. Gloria og allir hennar nánustu þurfa að fást við fylgifiska óléttunnar.



Í KVÖLD



The Office Christmas Special

STÖÐ 2 GULL KL. 20.15 Ricky Gervais og félagar hafa hér sett saman sérstakan jólahátíðarpátt. Jólageði skrifstofunnar er yfirvofandi og David hefur lofað að taka nýju kærustuna með. Vandamálið er að hann á enga kærustu enn.

IMDb 9,0



In Plain Sight

SKJÁR 1 KL. 22.00 Mary Shannon starfar fyrir bandarísku vitnaverndina og það er oft á tíðum erfitt starf. Á sama tíma þarf hún að kljást við eigið líf og erfiða fjölskyldu sína. Í þessum lokapætti þarf Mary að eiga við vitni sem hún kann einkar illa við.

TV.COM IMDb 8,1 7,0



America's Sweethearts

RÚV KL. 14.05 Billy Crystal leikur hér Lee Phillips sem er kynningarstjóri kvikmyndar. Þegar aðalleikarar hennar ákveða að skilja þarf hann að halda pressunni fjarri. Ekki bætir á þegar leikstjórnin heldur eina eintaki myndarinnar í gíslingu.

IMDb 31% 5,6

RÁS 1

FM 92,4/93,5

06.36 Bæn 06.39 Morgunþáttur Rásar 1 06.40 Veðurfregnir 07.00 Fréttir 07.30 Fréttayfirlit 08.00 Morgunfréttir 08.05 Morgunstund með KK 08.30 Fréttayfirlit 09.00 Fréttir 09.05 Okkar á milli 09.45 Morgunleikfimi 10.00 Fréttir 10.03 Veðurfregnir 10.13 Norðurlóð 11.00 Fréttir 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00 Fréttir 12.02 Hádegisútlarp 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfregnir 12.50 Dánarfregnir 13.00 Fyrir og nú 14.00 Fréttir 14.03 Tónleikur 15.00 Fréttir 15.03 Útvarpssagan: Aðventa 15.25 Tungubrjótur 16.00 Síðdegisfréttir 16.05 Trío 17.00 Fréttir 17.03 Víðsjá 18.00 Spegillinn 18.50 Veðurfregnir 18.53 Dánarfregnir 19.00 Endurómur úr Evrópu - Jólakonsert 20.00 Leynifélagið 20.30 Okkar á milli 21.10 Hvað er málið? 21.40 Íslendingasögur 22.00 Fréttir 22.05 Veðurfregnir 22.10 Orð kvöldins 22.20 Fimm fjórðu 23.15 Kvika 00.00 Fréttir 00.05 Næturútlarp Rásar 1

RÚV

12.00 Maður og jörð – Eyðimerkur - Lífið í ofninum (2:8) (Human Planet) (e)
12.55 Maður og jörð - Á tökustað (2:8) (Human Planet: Behind the Lens) (e)
13.10 Kexvexmiðjan (2:6) (e)
13.40 Njósnavi (2:6) (Spy) (e)
14.05 Amerískar elskur (America's Sweethearts)
15.50 Íslenski boltinn (e)
16.40 Ástareldur (Sturm der Liebe)
17.30 Jóladaatalið
17.31 Hvar er Völundur?
17.37 Jól í Snædal
18.00 Turnverðirnir (6:10)
18.15 Táknáfréttir
18.25 Nígella í eldhúsinu (8:13) (Nigella: Kitchen) (e)
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.10 Íþróttarátt 2012
20.50 Djöflaeyjan
21.35 Útrás Reykjavík
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.25 Taggart – Misnotað traust (Taggart: Abuse of Trust)
23.15 Sönnunargögn (12:16) (Body of Proof II) (e) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
00.00 Kastljós (e)
00.30 Fréttir
00.45 Dagskrárlok

BÍÓ

11.20 Who the #&% is Jackson Pollock
12.35 Kalli á þakinu
13.55 17 Again
15.35 Who the #&% is Jackson Pollock
16.50 Kalli á þakinu
18.10 17 Again
19.55 Rat Pack
22.00 Green Zone
00.00 Kick Ass
01.55 Rat Pack
03.55 Green Zone

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.05 Malcolm in the Middle (14:22)
08.30 Ellen (63:170)
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Doctors (46:175)
10.15 The Wonder Years (7:22)
10.40 How I Met Your Mother (20:24)
11.05 Fairly Legal (3:13)
11.50 The Mentalist (14:24)
12.35 Nágrannar
13.00 American Idol (30:39) (31:39)
14.55 Sjáðu
15.25 iCarly (28:45)
15.45 Ofuröndin
16.10 Svampur Sveins
16.35 Bold and the Beautiful
17.00 Nágrannar
17.25 Ellen (64:170)
18.10 Jóladaatal Skoppu og Skrítlu (18:24)
18.23 Veður Ítarlegt veðurfréttayfirlit.
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.16 Veður
19.25 The Big Bang Theory (13:23)
19.50 The Middle (4:24)
20.15 Modern Family (4:24)
20.40 How I Met Your Mother (3:24)
21.05 Chuck (10:13) .
21.55 Burn Notice (8:18) Fimmta þáttaröð um njósnavarann Michael Westen, sem var settur á brunalistann hjá CIA og nýtur því ekki lengur yfirvalda. Þetta þýðir að hann er orðinn atvinnulaus og einnig eftirsóttasta fórnarlamb helstu glæpamanna heimsins.
22.45 The Daily Show: Global Edition (41:41)
23.10 New Girl (8:24)
23.40 Up All Night (20:24)
00.05 Grey's Anatomy (8:24)
00.55 Touch (8:12)
01.45 American Horror Story (6:12)
02.30 Einstein & Eddington
04.00 An American Crime
05.35 The Mentalist (14:24)

SPORT

besta sætið

17.30 Spænski boltinn: Real Madrid - Espanyol
19.10 Þýski handboltinn: Lubbecke - Flensburg BEINT
20.50 HM 2011: Ísland - Austurríki
22.10 Spænsku mörkin Síndar svipmyndir frá leikjunum í spænsku úrvalsdeildinni.
22.40 Þýski handboltinn: Lubbecke - Flensburg

SPORT 2

enski boltinn

07.00 Reading - Arsenal
14.45 QPR - Fulham
16.25 Newcastle - Man. City
18.05 Premier League Review Show 2012/13 Síndar svipmyndir frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
19.00 Tottenham - Swansea
20.40 WBA - West Ham
22.20 Football League Show 2012/13 Síndar svipmyndir úr leikjunum í næstefstu deild enska boltans.
22.50 Sunnudagsmessan
00.05 Liverpool - Aston Villa

krakkar

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.00 Könnuðurinn Dóra
08.25 Svampur Sveinsson
08.50 Doddi litli og Eyrnastór
09.00 UKI
09.10 Strumpanir
09.30 Brunabíflarnir S
09.50 Ofurhundurinn Krypto
10.15 Ævintýri Tinna
10.35 Histeria!
11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími
16.50 Villingarnir
17.15 Krakkarinn í næsta húsi
17.40 Tricky TV (19:23)

POP TV

17.00 Simpson-fjölskyldan (15:22) Marge og Hómer reyna að kvarta þegar þau fá himinháan símareikning þar sem þau kannast ekkert við þessi símtöl til Brasilíu. Lísa viðurkennir á endanum að hafa hringt þessi símtöl og fjölskyldan skellir sér öll til Brasilíu þegar hún hefur heyrnt útskýringar Lísu. Í Brasilíu gengur á ýmsu eins og oftast nær hjá Simpson-fjölskyldunni.
17.25 Íslenski listinn
17.50 Gossip Girl (5:25)
18.35 Game Tíví
19.00 Friends (15:24)
19.50 How I Met Your Mother (14:20)
20.15 The Secret Circle (18:22) Bandarísk þáttaröð um unglingsstúlku sem flytur til smábæjar í Washington og er tekin inn í leynifélag unglinga sem búa öll yfir óvenjulegum hæfileikum.
21.00 The Vampire Diaries (18:22) Bandarísk þáttaröð um unglingsstúlku sem fellur fyrir strák sem er í raun vampír og hefur lifað í meira en 160 ár. Hann reynir að lifa í sátt og samlyndi við venjulegt fólk en bróðir hans er ekki alveg eins fríðsæll.
21.45 Game Tíví
22.10 The Secret Circle (18:22)
22.50 The Vampire Diaries (18:22)
23.35 Game Tíví
00.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp

GULL

18.05 Doctors (93:175)
18.50 Jóladaatal Skoppu og Skrítlu (18:24)
19.00 Ellen (64:170)
19.45 Mr. Bean
20.15 The Office Christmas Special (1:2)
21.05 Gavin and Stacy (3:7)
21.35 Spaugstofan
21.55 Mr. Bean
22.25 The Office Christmas Special (1:2)
23.10 Gavin and Stacy (3:7)
23.40 Spaugstofan
00.05 Tónlistarmyndbönd frá Popp

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Rachael Ray (e)
08.45 Dr. Phil (e)
09.35 Pepsi MAX tónlist
16.25 Kitchen Nightmares (10:17) (e)
17.15 Rachael Ray
18.00 Dr. Phil
18.40 30 Rock (17:22) (e)
19.05 America's Funniest Home Videos (40:48) (e)
19.30 Everybody Loves Raymond (17:26) (e)
19.55 Will & Grace (21:24) (e)
20.20 Necessary Roughness (4:16) Bráðskemmtilegur þáttur um sálfræðinginn Danielle sem naut mikilla vinsælda á SkjáEinum á síðasta ári. Hafna boltaleikmaður leitar til Dani í kjölfar þess að hann virðist ekki geta slegið bolta inn á vellinum.
21.10 The Good Wife (6:22) Góða eiginkonan Alicia Florrick snýr aftur í fjórðu þáttaröðinni af The Good Wife. Þættirnir, sem hlotið hafa fjölda verðlauna, njóta alltaf mikilla vinsælda meðal áhorfenda SkjáEins. Alicia tekur að sér mál herlögfræðings sem kært hefur málaliða fyrir nauðgun.
22.00 In Plain Sight (13:13)
22.45 Sönn íslensk sakamál (8:8) (e) (Líkfundarmálið)
23.15 Combat Hospital (2:13) (e)
00.05 The Good Wife (6:22) (e)
00.55 In Plain Sight (13:13) (e)
01.40 Excused (e)
02.05 Everybody Loves Raymond (17:26) (e)
02.30 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 ESPN America 08.10 PNC Challenge 2012 (1:2) 10.10 Chevron World Challenge (4:4) 13.10 PNC Challenge 2012 (1:2) 15.10 Tiger gegn Rory 18.40 Arnold Palmer Invitational 2012 (3:4) 00.00 ESPN America

INN

20.00 Hrafnaþing 21.00 Svartar tungur 21.30 Svartar tungur

ÚTVARP FM 88,5 XA-Radíó FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan FM 93,5 Rás 1

FM 95,7 FM957 FM 96,3 FM Suðurland

FM 96,7 Létt Bylgjan FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan FM 99,4 Útvarp Saga

FM 100,5 Kaninn FM 102,2 Útvarp Latibær

FM 102,9 Lindin FM 105,5 Útvarp Boðun



www.lyfja.is

Kannski er jólagjöfin í Lyfju



Jólin eru tími til að gefa.

Í Lyfju finnur þú úrval af gjafavörum í pakkana til þeirra sem þér þykir vænt um. Við erum aldrei langt undan.

Mundu eftir jólahandbók Lyfju.



KRAFT

PHILADELPHIA



...á Ritz, Tuc, brauð, í samloku, sósu eða á ostabakka

RJÓMINN Í OSTINUM

BÓKIN



„Uppáhaldsbókin mín er Ný jörð (A New Earth) eftir Eckhart Tolle. Ég fékk hana lánaða á Bókasafni Garðabæjar og var með hana í heilt ár í láni, ekki af því að ég gleymdi að skila henni heldur af því að ég bara las hana aftur og aftur og bara varð að endurnýja lánið. Þetta er svona eins konar nýaldarheimspekibók.“

Anna María Björnsdóttir, söngkona.

Ekkert áfengi fyrir tónleikana

Hollustan er í fyrirrúmi hjá Mika fyrir tónleika hans í Silfurbergi í kvöld.

Hollustan er í fyrirrúmi í búningsklefa tónlistarmannsins Mika fyrir tónleika hans í Hörpu í kvöld, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Ekkert áfengi er á kröfulistu hans fyrr en eftir tónleikana og þá vill hann, ásamt samstarfsfólki sínu, einungis bjór og léttvín. Í staðinn er óskað eftir gosdrykkjum og vatni fyrir tónleikana, auk þess sem ávextir, grænmeti, brauð og alls kyns góðar áleggstegundir verða á boðstólum.

Sex manna hljómsveit verður með Mika á sviðinu. Íslenskur kór mun einnig stíga á svið með honum og syngja í einhverjum lögum, enda áttu aðdáendur hans að senda Mika myndbönd með sér að syngja lög hans svo hann gæti valið úr rétta fólki.

Mika, sem lenti á Íslandi á miðnætti, hefur verið með barkabólgu að undanfögnu og þurfti hann að aflýsa tónleikum sínum í Glasgow á sunnudaginn vegna veikindanna. Svo virðist sem hann hafi viljað hvíla röddina fyrir tónleikana á Íslandi en þetta verður í fyrsta sinn sem hann spilar hérlandis.

Í herbúðum Mika er mikill áhugi fyrir landi og þjóð og hefur fylgdarlið hans mikið spurt út í norðurljósin og hvort langt sé að fara að sjá Gullfoss og Geysi.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá hitar Páll Óskar upp fyrir Mika og því má búast við sjóðheitum áhorfendasal þegar Mika stígur á svið í kvöld.



MIKA Tónlistarmaðurinn Mika spilar í Silfurbergi í Hörpu í kvöld.

- fb

NORDICPHOTOS/GETTY

Camerarctica
Mozart við kertaljós
Kammertónlist á aðventu 2012

Hafnarfjarðarkirkju miðvikudag 19. des. kl. 21.00
Kópavogskirkju fimmtudag 20. des. kl. 21.00
Garðakirkju á Álftanesi föstudag 21. des. kl. 21.00
Dómkirkjunni í Reykjavík laugardag 22. des. kl. 21.00

Miðasala við innganginn, miðaverð kr. 2.500 / 1.500

Styrkt af Tónlistarsjóði Menntamálaráðuneytisins, Reykjavíkurborg, Hafnarfjarðarbæ, Kópavogsbæ og Garðabæ



REYNIR AÐ KÆTA Hér sést Leroy reyna að kæta vin sinn með risastórri partýpitsu en þema myndbandsins við lag Hjaltalín Myself er fýla. Magnús Leifsson leikstjóri.

Fyndið að vera í fýlu

Á morgun verður frumsýnt nýtt myndband hljómsveitarinnar Hjaltalín við lagið Myself í leikstjórn Magnúsar Leifssonar. Myndbandið var tekið upp á einum degi en þemað er fýla og aðalhlutverkin í höndum tveggja ungra manna.

„Það er eitthvað svo fyndið að vera í fýlu í skráttum aðstæðum,“ segir leikstjórinn Magnús Leifsson, sem á heidurinn af nýju myndbandi hljómsveitarinnar Hjaltalín við lagið Myself. Lagið er af plötunni Enter 4 og verður frumsýnt á morgun.

Í myndbandinu leika tveir ungir strákar, þeir Ólafur Ásgeirsson og Leroy Ciapriane, vini þar sem annar er í mikilli fýlu og hinn leggur sig allan fram við að hressa hann við. Myndbandið á að lýsa hversu hallærislegt það getur verið að vera í fýlu í einkennilegum aðstæðum og byrjar á vandræðalegu faðmlagi milli vinanna. „Við erum að reyna að fanga óþægilega stemmingu eins og þegar maður faðmar einhvern sem hefur engan áhuga. Svo grófum við upp gamla hluti á borð við SPK-ból og risa partýpitsu frá Pizza 67,“ segir Magnús, en myndbandið var tekið upp á heimili foreldra hans.

Myndbandið sjálf var tekið upp á einum degi í byrjun desember og vinnslan tók um tvær vikur. „Þetta tók mjög stuttan tíma, svona í anda plötunnar sjálfar sem kom út upp úr þurru í síðasta mánuði. Við vorum bara lítið tökulið sem djöflaðist í heilan dag og ég er sáttur við útkomuna.“

Enter 4 hlýtur góðar viðtökur

- Myndbandið við lagið Myself er annað myndbandið sem gefið er út við lag af nýju plötunni, Enter 4.
- Enter 4 fékk fullt hús stiga hjá gagnrýnanda Fréttablaðsins. Þar var Hjaltalín rómuð fyrir glænýja og ferska nálgun og platan kölluð sannkallað meistaraverk. Sveitarmeðlimir fá mikið hrós fyrir hugsa hlutina upp á nýtt.
- Enter 4 er þriðja plata sveitarinnar ef undanskilin er tónleikaplata Hjaltalín og Sínfóníuhljómssveitar Íslands, Alpanon, sem kom út árið 2010.
- Tvennir útgáfutónleikar verða haldnir hinn 21. desember næstkomandi í Gamla Bíói. Uppselt er á þá fyrri klukkan 20 en enn þá eru til miðar á síðari tónleikana klukkan 23.

Ólafur er leiklistarnemi í Listaháskóla Íslands en leikstjórinn uppgötvaði Leroy á skemmtistaðnum Prikinu þar sem hann vinnur. „Mér fannst hann smellpassa í hlutverkið. Hann hefur skemmtilega útgeislun og einkennilegar hreyfingar.“

Magnús hefur verið iðinn í myndbandagerð undanfarið en hann leikstýrði einnig myndbandinu við lagið Glow með Retro Stefson sem hefur vakið athygli. Hann er einn af aðstandendum gamanþáttanna

Steindi jr. sem runnu sitt skeið á dögum. „Þetta var síðasta Steinda-serían en við erum allir eitthvað að plotta saman sem of snemmt er að tala um núna.“

Eins og fyrr segir verður myndbandið frumsýnt á morgun á vefsíðunni Berglind Festival.

alfrun@frettabladid.is

LEIKSTJÓRI
Magnús Leifsson
er önnur kafinn.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Metnaðarfyllsta verkefnið


Óskar Bragi notar fjármögnunarsíðuna Karolina Fund til að safna fyrir Infinite.

„Þessi fjármögnunarleidd er alveg glæný hér á landi og mjög spennandi. Ég tel þetta vera eitt af síðustu skrefunum í þessari þróun sem hefur verið undanfarið ár að gera myndir meira demókratískar,“ segir leikstjórinn og handritshöfundurinn Óskar Bragi Stefáns-son.

Óskar Bragi er nú að safna fyrir eftirvinnslu nýrrar stuttmyndar sinnar, Infinite, og notar til þess fjármögnunarsíðuna Karolina Fund, þar sem hver sem er getur stutt verkefnið með peningagjöf. Karolina fund er fyrsta síðan sinnar gerðar á Íslandi en þetta fyrirkomulag er þekkt úti í heimi.

Infinite er mynd sem fjallar um tvær reikistjórur sem brenna

út við endimörk alheimsins. Hún hefur þegar verið skotin og klippt og það án nokkurra fjárframlaga. Eftirvinnslan er þó flóknari og þarf því fjármagn í hana. Það eru Hilmir Jensson og Thelma Marín Jónsdóttir sem fara með aðalhlutverkin í Infinite en Högni Marsellíus Þórðarson sá um kvikmyndatöku. „Það var hrikalega gaman að vinna með svona mörgu hæfileikaríku fólki sem á svaklega stóran hluta í þessari mynd,“ segir Óskar Bragi. „Það má eiginlega segja að þetta sé fyrsta alvöru stuttmyndin mín. Þetta er í það minnsta stærsta og metnaðarfyllsta verkefni sem ég hef tekið mér fyrir hendur hingað til,“ bætir hann við.



Á TÖKUSTAD Hilmir Jensson fer með eitt aðalhlutverkið í Infinite.

MYND/HÖGNI MARSELLÍUS ÞÓRÐARSON

Jólaglaðningur Mind Xtra
30% afsláttur
af öllum vörum til jóla

MIND
Smart verslun fyrir konur
Sími 572 3400

Mind Xtra
2. Hæð Firði.

FJÖRÐUR
www.fjordur.is

WWW.DOMINOS.IS

SÍMI 58 12345

DOMINO'S APP



ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
DOMINO'S
1.000 KR.

ÞEGAR ÞÚ SÆKIR MIÐSTÆRÐ AF PIZZU
MEÐ PREMUR ÁLEGGSTEGUNDUM



VIÐ STÖNDUM VAKTINA Í JÓLABAKSTRINUM

NÝTTU TÍMANN VEL FYRIR JÓLIN OG FÁÐU ÞÉR RJÚKANDI HEITA OG LJÚFFENGA PIZZU HJÁ DOMINO'S.

Það er fljótlegt og þægilegt að panta með Domino's appinu og á vefnum okkar, dominos.is.
Þannig geturðu valið, pantað, fylgst með pöntuninni á Pizzuvaktinni og fengið fréttir af tilboðum.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Gyldendal kaupir Kantötu

Útgáfurétturinn á nýrri skáldsögu **Kristínar Marju Baldursdóttur**, Kantötu, hefur verið seldur til hins virta forlags Gyldendal í Danmörku. Gyldendal hefur gefið út flestar bækur Kristínar Marju á dönsku. Danski útgáfandinn er spenntur fyrir nýju bókinni og sagði við kaupin á réttinum að Kantata væri „frábær skáldsaga“. Svo bætti hann við: „Við erum ótrúlega ánægð með hversu margir danskir lesendur hafa gaman af bókunum hennar.“



Vildu Þorstein á þing


Hópur sjálfstæðismanna í Suðurkjördæmi vann að því að hvetja **Þorstein Pálsson**, fyrrum formann Sjálfstæðisflokksins, forsætisráðherra og ritstjóra Fréttablaðsins, til að gefa kost á sér í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í kjördæminu. Þórhallur Ólafsson, forstjóri Neyðarlínunnar og fyrrum aðstoðarmaður Þorsteins, var aðalhvatamaðurinn að þessu. Hugmyndin fékk góðar undirtektir, sérstaklega á Suðurlandi, og tugir manna skrifuðu undir stuðningslista við Þorstein, bæði sveitarstjórnarmenn og aðrir. Þeir höfðu hins vegar ekki erindi sem erfiði, en framboðsfrestur rann út á föstudag.



Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Katrín heldur ekki jólin með bresku konungsfjölskyldunni
- 2 Strokufanginn sat inni fyrir tilraun til manndráps
- 3 Gervitungl munu skella á tunglinu í kvöld
- 4 Fimmtíu ára aldursmunur á Berlusconi og nýju unnustunni
- 5 Þvertokur fyrir að hafa notað mannaþein í kynferðislegum tilgangi

ÁRATUGUR ÖFGA



GÓÐUR SVEFN ER HEILSUBÓT

Hafðu það gott um jólin!

IQ-CARE

Ein besta heilsudýna í heimi
Svæðisskipt þrýstijöfnunardýna sem veitir fullkominn stuðning Einnig úrval af heilsukoddum

STILLANLEG PROFLEX HEILSURÚM

ÓÐINN, ÝMIR, SAGA, FREYJA OG ÞÓR

Hágæða svæðisskiptar heilsudýnur
Ýmir rúm 153x203 cm
Verð aðeins kr. 124.900.-

2x90x200 cm með okkar bestu IQ heilsudýnu
Verð aðeins kr. 349.900

Valhöll heilsudýna 153x203 cm 5 svæðaskipt gormakerfi
Verð aðeins kr. 89.900

GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ

Úrval af svefnsofnum

20% afsláttur

Jólagjöfin í ár
Hágæða sængurverasett og sloppar - Mikils úrval

Frábær jólagjöf

IQ-CARE Heilsukoddar
20% afsláttur

Rafdrifinn BOAS hægindastóll aðeins kr. 119.900

Rafdrifinn BOAS hægindasófi aðeins kr. 249.900

Lýftustóll kr. 159.900

Stillanlegur BOAS hægindastóll aðeins kr. 89.900

Stillanlegur BOAS hægindasófi aðeins kr. 179.900

MINE **BOSS** home MENDALE
Olivier - McGregor - VanDyk

12 mán. vaxtalaugar greiðslur*
*3.5% lántökugjald

Baldursnesi 6 - Akureyri

Listhúsið - Reykjavík

Þú færð jólagjöfina hjá okkur
Úrval af sænguverasettum, sloppum, koddum o.fl.

Svefn & heilsa
★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaál - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum